


skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur







Er matráðurinn að fara í frí?
ISS leysir málin
ISS býður upp á aðsendan mat og þjónustu tengda því
ISS
Heimasíða: www.iss.is
Netfang sala@iss.is
Sími 5 800 600



# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
27. maí 2011
122. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




## Hulduhamborgarar
*Íslendingar opna gourmet-stað á Spáni.*
**fólk** 34

## Engar rjómatertur
*Offituteymi á Reykjalundi heldur upp á tíu ára afmælið sitt á morgun.*
**tímamót** 18



## Meistararnir áfram
*FH vann sigur á Fylki í framlengdum leik í Valitor-bikarkeppninni í gær.*
**sport** 30

## veðrið í dag




**VÍÐA VÆTA** Í dag verður stíf SA-átt við NA- og A-ströndina, annar hægari. Víða skúrir en rigning SA- og A-til fram eftir degi. Hiti víðast 4-10 stig.

VEÐUR 4

# Fara á svig við kjarasamninga

**Vísbendingar eru til staðar um að útgerðin hafi selt afla til tengdra aðila á undirverði þegar fiskverð hefur verið hátt til að komast hjá því að greiða sjómönnum fullan hlut. Þetta segir Jón Steinsson hagfræðingur.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Ef horft er á tölurnar virðist framlegð venjulega vera í kringum fimm milljarða en fara til dæmis upp í 25 milljarða árið 2009. Þetta gætu því verið allt að tuttugu milljarðar sem útgerðin er að bóka í vinnslunni í staðinn fyrir í veiðunum. Það eru þá nokkrir milljarðar sem sjómenn verða af á árinu 2009," segir Jón Steinsson, dósent í hagfræði við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum.

Jón hefur skoðað samband fiskverðs og framlegðar í vinnslu á Íslandi og komist að þeirri niðurstöðu að flest bendi til að útgerðin hafi með því að selja afla á undirverði til tengdra aðila farið á svig við kjarasamninga sjómanna.

„Ef að það væri samkeppni til staðar í vinnslunni, ætti ekki að verða til nokkur framlegð umfram það sem væri eðlilegur arður af fjárfestingum. Sérstaklega ætti ekki að vera samband milli framlegðar í vinnslu og verðs á fiski," segir Jón en bætir því við tölur Hagstofunnar bendi eindregið til þess að slíkt samband sé til staðar.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, neitaði að tjá sig um niðurstöðu Jóns og sagði þann ágæta mann ekki stunda fagleg vinnubrögð. Sveinn Hjörtur Hjartarson, hagfræðingur LÍÚ, segir þetta hins vegar einfaldlega rangt hjá Jóni. „Það er ekkert óeðlilegt við það að framlegð sveiflist milli ára. Um þessi verð gilda bara samningar þar sem viðeigandi þættir eru teknir inn í myndina. Mér finnst þetta í raun bara vera uppsláttur hjá honum. Hann fullyrðir fyrst og spyr svo og það er eins og hann skrifi þetta í pólitískum tilgangi," segir Sveinn.

> Það eru þá nokkrir milljarðar sem sjómenn verða af á árinu 2009
>
> JÓN STEINSSON
> HAGFRÆÐINGUR

Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannafélags Íslands, segir þetta hins vegar hafa verið ljóst í mörg ár. Verðmyndum á þessum mörkuðum sé einkar óeðlileg. „Verðlagsstofa skiptaverðs á að koma í veg fyrir að þetta gerist og það tókst svo sem fyrstu árin. Undanfarin ár hefur hún hins vegar reynst kolómöguleg og raunar efast ég um að sjómenn myndu finna fyrir því ef Verðlagsstofan væri einfaldlega lögð niður," segir Sævar og bætir því við að tími sé kominn til að einhver annar veki máls á þessu. - mþl / sjá síðu 6



**LÍFFRÆÐINGURINN OG KRÍAN** Björgvin Richardsson hjá Íslenskri erfðagreiningu endurheimti í gær kríuna sem í fyrrasumar dvaldi í tvo mánuði þétt við skrifstofuglugga hans. „Þetta er svolítið furðulegt. Ég veit ekki hvort hún er svona vitlaus," veltir Björgvin fyrir sér og kjáir framan í kríuna í gegnum glerið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tryggur farfugl mættur á sinn stað í Reykjavík eftir vetrardvöl í Afríku:

# Kría gerir ÍE að höfuðstöðvum sínum

**FÓLK** „Þetta er voðalega vinalegt og jákvæður punktur í tilverunni, segir Björgvin Richardsson líffræðingur um kríu sem tekið hefur sér bólfestu utan við glugga skrifstofu hans á efstu hæð byggingar Íslenskrar erfðagreiningar.

Kríain heldur alltaf til á sama stað á handriði við neyðarstiga utan á húsinu í Vatnsmýri. „Hún kom hér í fyrrasumar og stoppaði við í tvo mánuði áður en hún hvarf í júlí. Og svo kom hún aftur núna í morgun [í gær]," segir Björgvin.

Björgvin segir ekki svo að sjá að krían taki þátt í varpi. „Hún er alltaf ein og hangir á handriðinu. Ef maður stendur við gluggann goggar hún í rúðuna. Stundum hverfur hún í nokkra daga en hún kemur alltaf aftur," útskýrir Björgvin, sem í fyrra gerði sér ferð upp stigann á neyðarútganginum til að kanna viðbrögð kríunnar.

„Hún var alls ekki stressuð og ég var kominn upp á pallinn bak við hana þegar hún flaug. Ég fór með sardínur í dós en hún vildi ekki sjá þær. Hún fer frekar og nær sér í síli og kemur með þau og sýnir okkur," segir Björgvin.

Og nú er krían komin aftur eftir vetrardvöl í Afríku og sest á handriðið sem hún hefur gert að höfuðstöðvum sínum á Íslandi. Björgvin er ekki algerlega viss um að sami fuglinn sé mættur aftur. „Ég þekki ekki svipinn á henni en ég hef aldrei séð annan fugl setjast þarna og það kæmi mér mjög á óvart ef þetta væri einhver annar fugl." - gar

Magnús Tumi Guðmundsson:

# Fékk gosið í afmælisgjöf

**FÓLK** Gestir í fimmtugsafmæli Magnúsar Tuma Guðmundssonar jarðeðlisfræðings þurftu margir að yfirgefa veisluna snemma þegar gos hófst í Grímsvötnum á laugardag. Þetta var hins vegar ekki afmælisgjöfin sem hann óskaði sér. Rætt er við Magnús í föstudagsviðtali Fréttablaðsins.



MAGNÚS TUMI GUÐMUNDSSON

Magnús segist snemma hafa fengið áhuga á jarðfræði, hún hafi verið sér í blóð borin. „Það að lifa með eldgosum er hluti af því að vera Íslendingur. Þetta er hluti af okkur tilveru," segir Magnús og bætir því við að Íslendingar hafi gengið í gegnum mjög rólegt tímabil jarðhræringa undanfarna áratugi. Ómögulegt sé hins vegar að spá fyrir um hvort fleiri stór gos séu í vændum. Spurður um Grímsvatnagosið segir hann heppilegt hve langt eldstöðin sé frá mannabyggðum - mþl / sjá síðu 12










**SPURNING DAGSINS**



*Karl, væri ekki ráð að þjálfa upp sneúlfalda til að fara um á jöklinum?*

„Jú, það gæti alla vega falið í sér tækifæri í ferðaþjónustunni.“

Karl Ólafsson leiðsögumaður fór upp á Vatnajökul eftir gos og öskufall og sagði það vera eins og að keyra um Sahara-eyðimörkina.

Sigurjón Benediktsson tannlæknir kærði átak um gjaldfrjálsar tannviðgerðir:

# Sjúklingar teknir frá mér

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta svokallaða átaksverkefni er auglýst sem ókeypis tannlækningar í bréfi sem borið er til allra foreldra hér á Húsavík. Í fyrsta lagi eru ókeypis tannlækningar ekki til og í öðru lagi er þetta í beinni samkeppni við mig,“ segir Sigurjón Benediktsson, sem kært hefur til Samkeppniseftirlitsins átaksverkið um gjaldfrjálsar tannviðgerðir fyrir börn tekjulágra foreldra.

„Það er verið að taka sjúklinga frá mér sem hafa komið til mín í fjölda ára. Ég get ekki staðið í svona samkeppni. Ég get ekki flokkað mína sjúklinga eftir því hvort foreldrarnir hafa háar eða lágar tekjur,“ segir Sigurjón.

Tryggingastofnun ríkisins hefur nú þegar samþykkt umsóknir um gjaldfrjálsar tannviðgerðir fyrir 548 börn tekjulágra foreldra. Tannviðgerðirnar fara fram í tannlæknadeild Háskóla Íslands í Læknagarði og ferðakostnaður er greiddur fyrir börn og forráðamanna af landsbyggðinni sem fengið hafa samþykki fyrir þjónustunni.

Sigurjón fullyrðir að átakið kosti margfalt meira en samningar við tannlækna sjálfa. „Það kostar til dæmis 60 þúsund krónur fyrir sjúkling og fylgdarmann að fara héðan.“ - ibs



SIGURJÓN BENEDIKTSSON

Hreinsunarstarf gengið vel:

# Skaftafell opnað á ný eftir gos

**NÁTTÚRA Skaftafell, suðurhluti Vatnajökulsþjóðgarðs, opnaði aftur í gær einungis tveimur dögum eftir að öskufalli á svæðinu lauk.**

**Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður segir að svæðið hafi verið rýmt eftir að gosið hófst á laugardagskvöldið. Hreinsunarstarf hafi síðan hafist í fyrradag. Það hafi gengið hratt og vel fyrir sig. Hún segir að fyrstu ferðamennirnir eftir gos hafi komið í Skaftafell í gær.** - mþl

Akureyrarbær í sparisjóð:

## Bærinn leggur fé í sparisjóð

**SVEITARSTJÓRNIR** Akureyrarbær hyggst leggja fé í Sparisjóð Höfðhverfinga. Njáll Trausti Friðbertsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks, segir að í ljósi núverandi aðstæðna geti stofnun sparisjóðs með aðkomu bæjarins til skamms tíma styrkt samfélagið. Bæjarbúum verði sem fyrst boðið að fjárfesta í stofnfé nýja sjóðsins.

Hermann Jón Tómasson, bæjarfulltrúi Samfylkingar, sagðist andvígur þátttöku bæjarins. Bærinn hafi til þessa aðeins lagt fé til uppbyggingar atvinnustarfsemi sem ekki sé í samkeppni við fyrirtæki sem fyrir séu. Nú væri vikið frá þeirri stefnu. Petra Ósk Sigurðardóttir, fulltrúi Framsóknarflokks, lýsti efasemdum um að bærinn bindi fé í sparisjóðinn á sama tíma og skorið væri niður í grunnþjónustu. - gar

Maður um þrítugt dæmdur:

## Í fangelsi í þrjú ár fyrir nauðgun

**DÓMSMÁL** Karlmaður um þrítugt, Grétar Torfi Gunnarsson, var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í þriggja ára fangelsi fyrir að nauðga konu á hrottafenginn hátt.

Maðurinn var jafnframt dæmdur til að greiða fórnarlambinu 1,2 milljónir króna í miskabætur.

Maðurinn og konan höfðu hist á skemmtistað ásamt fleira fólki í júní í fyrra. Þau þekktust ekki. Hópurinn fór heim til mannsins, þar sem hann síðan misþyrmdi henni og nauðgaði.

Fyrir dómi neitaði Grétar Torfi sök. Hann kvaðst hafa talið konuna vera samþykka kynferðismökunum. Í vottorði sálfræðings segir að brotið hafi valdið konunni mikilli vanlíðan. Hún þurfi á langvarandi meðferð að halda vegna einkenna áfallastreituröskunar og óvíst sé um bata. - jss

# Túnin verr farin en menn bjuggust við

**Ástandið á túnum austan Kirkjubæjarklausturs er alvarlegt og útlit fyrir heyskap svartara en vonast var til. Fjárdauði ekki óeðlilegur miðað við það sem gengur og gerist í sauðburði. Hreinsunarstarf hafið af krafti. Goslok á næstu dögum.**

**ELDGOS** „Það má segja að það sé krítískt ástand á túnunum. Þetta er þétt og mikil aska og ástandið verra en við vonuðum,“ segir Grétar Már Þorkelsson, ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Suðurlands, sem fór í gær á milli bæja í Hlíða- og Fljótshverfi austan Kirkjubæjarklausturs og kannaði stöðuna í kjölfar gossins í Grímsvötnum.

Grétar segir að fylgjast þurfi með áhrifum úrkomu og veðrunar á túnin næstu vikur og meta svo í kjölfarið hvort tilefni sé til að snúa túnunum við og plægja. „En við fyrstu sýn er útlitið svartara en við bjuggumst við varðandi heyskap.“

Ráðunautarnir þrír, sem hyggjast ljúka við heimsóknir á alla bæi austan Kirkjubæjarklausturs fyrir hádegi í dag, hafa einnig kannað ástandið á skepnum á svæðinu. Grétar segir ekki ljóst hver langtímaáhrifin verða, en dýralæknar hafi þó ekki miklar áhyggjur.

„Féð er svolítið blint núna en hornhimnan jafnar sig líklega á svona þremur eða fjórum dögum. Það er verið að skola úr þessu.“

Grétar segir hins vegar að fjárdauði hafi í sjálfu sér ekki verið óeðlilegur miðað við það sem gengur og gerist í sauðburði. „Þetta eru kannski tvö, þrjú lömb á hverjum bæ en bændur hafa ekki þorað að rekja það endilega allt til gossins,“ segir hann.

Um 60 björgunarsveitarmenn voru að störfum á Suðausturlandi í gær og aðstoðuðu heimamenn við hreinsun og önnur eftirmál eldgossins. Hópar frá höfuðborgarsvæðinu, Mosfellsbæ, Þorlákshöfn og uppsveitum Árnessýslu fóru með slökkviliði og tankbílum á bæi og skoluðu hús, þök og hreinsuðu rennur og niðurföll.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra kom einnig á staðinn ásamt tuttugu manna starfshópi úr iðnaðarráðuneytinu og tveimur undirstofnunum, Nýsköpunarmiðstöð og Ferðamálastofu. Þá fór hópur slökkviliðsmanna frá Isavia á dælubíl á svæðið.

Gosið sjálft er í andarslitrunum þótt því sé ekki að fullu lokið. Enn eru gjóskusprengingar í gossprungunni, órói og hviður og því er fólki ráðið frá því að ferðast að gosstöðvunum. Líklega verður gosinu ekki að fullu lokið fyrr en að nokkrum dögum liðnum.

Ríkislögreglustjóri lækkaði í gær viðbúnaðarstig vegna gossins úr neyðarstigi niður á hættustig.

stigur@frettabladid.is
sunna@frettabladid.is



**BJÖRGUNARSVEITIN HREINSAR** Hátt í 60 björgunarsveitarmenn fóru með slökkviliðsmönnum á bæi við Kirkjubæjarklaustri í gær og skoluðu af húsum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Þetta eru kannski tvö, þrjú lömb á hverjum bæ en bændur hafa ekki þorað að rekja það endilega allt til gossins.
>
> GRÉTAR MÁR ÞORKELSSON RÁÐUNAUTUR



**BEIN LÍNA TIL BESSASTAÐA?** Merkingin á þessum síma um borð í Dash-flugvélinni er aðeins innanhússpaug hjá Landhelgisgæslunni. MYND/SIGURJÓN ÓLASON

Grín hjá áhöfn Gæslunnar:

## Beina línan á Bessastaði drífur ansi stutt

**FÓLK Vonlaust er að ná í forseta Íslands í síma sem merktur er Bessastöðum í farþegarými flugvélar Landhelgisgæslunnar.**

**„Fljótlega eftir að þessi vél kom til landsins 1. júlí 2009 setti áhöfnin þennan miða á símtólið. En það er bara grín í anda bíómyndanna þar sem alltaf er bein lína til forsetans. Þetta eru svo miklir húmoristar,“ segir Hrafnhildur Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar.**

**Hrafnhildur segir símann drífa stutt. „Hann er bara til að tala við flugstjóra og flugmann og drífur ekkert lengra en það. Þú nærð engu sambandi við forsetann með þessum síma.“** - gar

**VIÐSKIPTI**

### Góð afkoma Framtakssjóðs

Hagnaður Framtakssjóðs Íslands nam 1,9 milljörðum króna á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Þetta kom fram á aðalfundi sjóðsins í gær. Þá tók Þorkell Sigurlaugsson við starfi stjórnarformanns af Ágústi Einarssyni. Á síðasta ári nam hagnaður sjóðsins 700 milljörðum króna, en það var fyrsta starfsár hans.


Eftirlæti

...endilega fáið ykkur

Smámál frá MS hafa notið vinsælda hjá stórum og smáum í fjölda ára. Þau fást í tveimur gómsætum bragðtegundum, karamellu og súkkulaði.

...hvert er þitt eftirlæti?



ms.is


Miðborgarbúar vilja bíla gjarnan burt af Laugavegi en vara við hliðarverkunum:

# Óttast drykkjulæti á göngugötu

**REYKJAVÍKURBORG** „Íbúar hafa áhyggjur af því að aukið rými fyrir fótgangendur að næturlagi um helgar muni auka á fjölda drukkins skara fólks,“ segir stjórn Íbúasamtaka miðborgar í umsögn um þá tillögu að breyta Laugaveginum í göngugötu.

Stjórn Íbúasamtakanna segir jákvætt að minnka umferð bíla í miðborginni og að gerð sé tímabundin tilraun með Laugaveginn sem göngugötu en setur þó nokkra fyrirvara við málið. Sérstaklega óttast hún að breytingin leiði til aukins ónæðis af ölvuðu fólki. Sá vandi sé ærinn fyrir.

„Spurning er því hvort rétt sé að hleypa bílaumferð um götuna eftir miðnætti til næsta morguns. Sú hugmynd er einungis sett fram vegna þess ófremdarástands sem fyrir er, en væri við eðlilegar aðstæður ekki raunhæf,“ segir stjórnin, sem kveður mikilvægt að efla löggæslu gangandi eða hjólandi lögreglu þegar lögreglubílar aka ekki um Laugaveginn.

Þá telur stjórn íbúasamtakanna mikilvægt að á tilraunatímanum séu metin áhrif á umferð um nálægar götur, á verslun og líðan íbúa og vegfarenda. „Við Laugaveginn býr fólk sem þarf aðgang að húsum sínum,“ segir stjórnin og bætir við að hún telji ekki að loka eigi götunni með föstum blómakerum heldur einhvers konar hliði sem íbúar kæmust um ásamt slökkviliði og lögreglu. - gar



**Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR** Vandinn vegna drukkins fólks er ærinn þótt það fái ekki aukið rými til að ganga um Laugaveginn, segir stjórn Íbúasamtaka miðborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# ALLAR VÖRUR TAX FREE*

# Í DAG

# VIÐ FRAMLENGJUM

# AÐEINS Í DAG

**TAX FREE Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI**

grill • viðarvörn • málning • garðhúsgögn • garðverkfæri
sumarblóm • reiðhjól • tröppur • pottaplöntur • sláttuvélar
trjáplöntur • heitir pottar • hurðir • ljós • leiktæki
blómapottar • þvottavélar • eldavélar • hreinlætistæki
leikföng • ga … blöndunartæki • gjafavörur
raftæki • tr … r • festingar • parket • flísar
verkfæri • … rfatnaður • vinnufatnaður
bílavörur

**OPIÐ TIL 21 Í SKÚTUVOGI**
Sjá nánar afgreiðslutíma verslana á blómaval.is og husa.is

**Látum verkin tala!**

## *GILDIR EKKI AF VÖRUM Í TIMBURSÖLU

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Tax free gildir af vörum í Húsasmiðjunni og Blómavali en sjálfsögðu ekki af vörum sem merktar eru Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar enda höfum við þegar lækkað þær vörur í allra lægsta verð sem við getum boðið.

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs

blómaval

HÚSASMIÐJAN

**GENGIÐ 26.05.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,78 | 116,34 |
| Sterlingspund | 188,74 | 189,66 |
| Evra | 164,06 | 164,98 |
| Dönsk króna | 21,999 | 22,127 |
| Norsk króna | 21,025 | 21,149 |
| Sænsk króna | 18,422 | 18,530 |
| Japanskt jen | 1,4155 | 1,4237 |
| SDR | 183,82 | 184,92 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,4435

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögreglan hefur farið í sjö húsleitir til að hamla dreifingu á eiturefninu PMMA:

# Stúlkan sem lést í Árbæ neytti eiturefnis

**LÖGREGLUMÁL** Bráðabirgðaniðurstöður rannsóknar hafa leitt í ljós að kona um tvítugt sem fannst látin í íbúð í Árbæjarhverfi í Reykjavík hafði neytt fíkniefna sem innihéldu eiturefnið PMMA. Lögregla undirstrikar að endanleg niðurstaða varðandi dánarorsök konunnar liggur ekki fyrir. Vitneskja er að fíkniefna var neytt innandyra þar sem konan lést.

Nú þegar hafa fimm tilvik verið staðfest þar sem PMMA kemur við sögu hér á landi. Í þessum fimm tilvikum eiga fjórir einstaklingar hlut að máli. Einn þeirra er maður sem var tekinn fyrir umferðarlagabrot tvisvar sinnum með stuttu millibili og í bæði skiptin kom í ljós að hann var undir áhrifum fíkniefna, sem innihéldu PMMA.

Eins og fram hefur komið fannst blandað metamfetamín, sem inniheldur svokallað PMMA og er mjög eitrað, hér á landi í síðasta mánuði. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur unnið að því að koma í veg fyrir frekari dreifingu á efninu og hefur meðal annars framkvæmt sjö húsleitir af þeim sökum. Við þær og fleiri aðgerðir tengdar rannsókninni hefur verið lagt hald á ýmis fíkniefni, þar á meðal PMMA. Ekki er samt hægt að fullyrða að lögreglan hafi komist yfir allt af hinu eitraða efni, sem hingað kom, og því er áfram eindregið varað við því að það kunni enn að vera á markaði hérlendis. Þá er það einnig verulegt áhyggjuefni að PMMA geti borist hingað aftur á nýjan leik, að því er fram kemur í tilkynningu sem lögreglan hefur sent frá sér. - jss



**Í TÖFLUFORMI** Eiturefnið PMMA er yfirleitt í töfluformi en hefur í einhverjum tilvikum verið mulið niður áður en það er notað.



**GRÍÐARLEG EYÐILEGGING** Skýstrókurinn í Joplin kostaði á annað hundrað manns lífið. NORDICPHOTOS/AFP

Flóð og skýstrókar valda tjóni:

## Hjálparstofnanir í vandræðum

**BANDARÍKIN, AP** „Hamfarirnar koma hverjar á eftir öðrum,“ segir Roger Lowe, talsmaður bandaríska Rauða krossins. Undanfarnar sjö vikur hefur Rauði krossinn í Bandaríkjunum varið 41 milljarði dala til hjálparstarfa en ekki tekist að safna nema 33,6 milljörðum til að standa straum af þeim kostnaði.

Skýstrókurinn sem reið yfir bæinn Joplin í Missouri um helgina kostaði eitthvað á annað hundrað manns lífið. Mikil flóð í Mississippi-fljóti hafa einnig gert íbúum í nágrenni fljótsins lífið leitt. Margar eignir hafa eyðilagst og sömuleiðis hafa skógareldarnir í Texas valdið verulegu tjóni. - gb

Með 80 plöntur og marí:

## Kannabisræktandi ákærður

**DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir kannabisræktun.**

**Manninum er gefið að sök að hafa haft í sinni vörslu í húsi á Seltjarnarnesi 80 kannabisplöntur og tæp 400 grömm af maríjúana, sem hann ætlaði til sölu og dreifingar. Plönturnar hafði maðurinn ræktað um nokkurt skeið þar til lögregla stöðvaði athæfið.** - jss

# Vilja bíla fólks sem fer í greiðsluaðlögun

**SP fjármögnun hótar að rifta kaupleigusamningum eftir að nöfn fólks sem sótt hefur um greiðsluaðlögun eru birt opinberlega. Deilt er um hvort fólk megi greiða af kaupleigusamningum sínum eftir að hafa sótt um greiðsluaðlögun.**

**FÉLAGSMÁL** Lánafyrirtækið SP fjármögnun hótar að rifta samningum um kaupleigu á bílum einstaklinga sem óskað hafa eftir greiðsluaðlögun eftir að nöfn þeirra birtast í Lögbirtingarblaðinu. Kaupleigusamningar teljast lán og því má fólk ekki greiða af bílunum.

Í riftunarbréfum sem SP fjármögnun hefur sent fólki sem sótt hefur um greiðsluaðlögun kemur fram að fyrirtækið hafi óskað eftir lagabreytingu til þess að fólk sem sótt hefur um greiðsluaðlögun fái að greiða áfram af kaupleigusamningum. Við því hafi ekki verið orðið og því sjái fyrirtækið sér ekki annan kost en að rifta samningum við þá sem óski eftir greiðsluaðlögun.

„Það síðasta sem við viljum gera er að taka bílana, við græðum ekkert á því,“ segir Kjartan Georg Gunnarsson, framkvæmdastjóri SP fjármögnunar.

Hann segir aðeins standa til að rifta samningum fólks sem skuldi meira en andvirði bílanna. Verði samningunum ekki rift sé fólkið að keyra á bílum sem séu skráð eign fyrirtækisins án þess að greiða af þeim. Eigi það eitthvað í bílnum geti það keyrt það áfram, en þá rýrni um leið eign þeirra.

Hann bendir á að í langsamlega flestum tilvikum þurfi fólkið hvort eð er að skila bílunum eftir að það er komið í greiðsluaðlögun, hafi það ekki efni á að greiða af þeim.

Kjartan segir að deilt sé um hvort fólk megi borga af kaupleigusamningunum á meðan það er í greiðsluskjóli eftir að hafa sótt um greiðsluaðlögun. Lögmenn SP telji að það sé heimilt, sé bíllinn nauðsynlegur til að fólk geti stundað sína vinnu.

„Þessi framkvæmd laganna er verri fyrir kúnnana, hún leysir ekki málin til framtíðar,“ segir Kjartan. „En ef fólk þarf svo að skila bílnum hvort eð er á það ekki að keyra bílinn á okkar kostnað á meðan það er í greiðsluskjóli.“

Samkvæmt upplýsingum frá Umboðsmanni skuldara teljast kaupleigusamningar eins og hver önnur bílalán. Þeim sem sækja um greiðsluaðlögun er óheimilt að greiða af bílunum, enda væri þar með verið að gera upp á milli kröfuhafa.

Þeim sem eru með bíla á kaupleigu eiga því ekki annan kost en að skila SP bílunum þrátt fyrir ákvæði laga um greiðsluaðlögun sem koma þeim sem sækja um aðlögun í greiðsluskjól.

Niðurstaða umboðsmanns skuldara er sú að SP fjármögnun sé óheimilt að krefja þá sem eru með bíla á kaupleigusamningum um greiðslur, en það sé svo ákvörðun fyrirtækisins hvort það kjósi að rifta samningi við þá sem sótt hafa um greiðsluaðlögun.

brjann@frettabladid.is
thorunn@frettabladid.is



**BÍLALÁN** Umboðsmaður skuldara telur kaupleigusamninga sambærilega öðrum bílalánum, og að skuldurum sé ekki heimilt að greiða af þeim sæki þeir um greiðsluaðlögun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Var handtekin árið 2009:

## Linda Björk laus úr fangelsi

**LÖGREGLUMÁL Linda Björk Magnúsdóttir hefur verið látin laus úr fangelsi í Bandaríkjunum. Hún var handtekin þar í landi árið 2009 fyrir að vera ólöglegur innflytjandi.**

**Magnús Þór Sigmundsson, faðir Lindu, sagði í samtali við Vísi að sér væri mjög létt yfir því að dóttir hans hefði verið látin laus og þau hefðu verið í sambandi á netinu undanfarið.**

**Von er á Lindu til landsins á næstu dögum, en hún losnaði úr fangelsi um miðjan maí. Magnús segir að nú sé bara verið að bíða eftir réttu pappírunum.** - sv

Leikskólar í Reykjavík:

## Plássum mun fjölga um 300

**SAMFÉLAGSMÁL** Leikskólaplássum í Reykjavík mun fjölga um þrjú hundruð til þess að mæta mikilli barnafjölgun.

Á komandi skólaári verður plássum fjölgað um 250 fyrir börn sem fædd eru á árinu 2009. Á fyrstu mánuðum næsta árs bætast 55 ný leikskólapláss við þegar nýr leikskóli verður tekinn í notkun í Norðlingaholti. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Reykjavíkurborg. Unnt er að fjölga plássum um 60 án þess að byggja aukalega við leikskólana. Stefnt er að því að bæta við færanlegum húsum og þannig skapast viðbótarpláss fyrir 226 börn.

Í Vesturbæ er unnið að því að fjölga leikskólaplássum um 92. Í Laugardal og Háaleiti er stefnt að því að fjölga leikskólaplássum um 70 og í Miðborg og Hlíðum verður leikskólaplássum fjölgað um 30. Þá bætast 15 leikskólapláss við í Norðlingaholti, 16 í Grafarholti og 18 í Úlfarsárdal. - sv






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**HELGARVEÐRIÐ**
Veðrinu um helgina verður aðeins misskipt milli landshluta. Birtir til syðra og nokkuð milt í veðri en horfur á rigningu eða skúrum norðan og austan til og heldur kólnandi veðri með norðaustanátt á sunnudag.



**Á MORGUN**
8-13 m/s við N og NA-ströndina, annars hægari.

**SUNNUDAGUR**
Gengur í fremur stífa NA-átt, hvassast NV-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 17° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 30° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 15° |
| París | 16° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*


NÝTT
Holta
KJÚKLINGUR
Royal bringur
Royal bringur frá Holtakjúklingi eru fersk afurð með skinni og vængenda. Þær eru framleiddar af mikilli fagmennsku og fáanlegar með tvennskonar kryddlegi - rósmarín og hvítlauk eða Texas. Royal bringur henta bæði á grillið og í ofninn. Nú geta matgæðingar sem hugsa um hollustuna haft það ljómandi í sumar.
ROYAL KJÚKLINGA BRINGUR
1.798 kr/kg.
Verð áður 2.398.-
ÍSLANDS NAUT
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
2.729 kr/kg.
Merkt verð 3.898.-
Mínútusteik
ÍSLANDS LAMB
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
2.449 kr/kg.
Merkt verð 3.498.-
Lambainnralæri
kryddlegið
GOTT VERÐ
598 kr/pk.
Hamborgarar 80g
4 stk með brauði - Nautaat
SS
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
1.859 kr/kg.
Merkt verð 2.478.-
Grand Orange lambasteik
helgarsteik
Jói FEL
BRAUÐSALÖT JÓA FEL
Gómsæt salöt á brauðið og kexið
TILBOÐ
KIRSUBER Í LAUSU
1.698 kr/kg
TILBOÐ
MARYLAND KEX
99 kr/pk.
HATTING PÍTUBRAUÐ
239 kr/pk.
meira magn!
ÍTALÍA 750ML ÓLÍFUOLÍA
649 kr/stk
komið aftur!
NÝTT
LORENTZ SNAKK
299 kr/pk.
NÝBAKAÐ
TILBOÐ
KANILLENGJA
399 kr/stk.
EURO SHOPPER
ENERGY DRINK
ORKUDRYKKUR 500ML
108 kr/stk.
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 29. maí á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú farið á leiksýningu á árinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 38,7% |
| Nei | 61,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telurðu mikilvægt að börn tekjulágra foreldra njóti niðurgreiddrar tannlæknaþjónustu?*

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

LÍÚ vísar niðurstöðum Jóns Steinssonar alfarið á bug en sjómenn segja þetta hafa verið ljóst lengi:

# Telur sjómenn hafa borið skarðan hlut frá borði

**SJÁVARÚTVEGUR** Framlegð í fiskvinnslu hefur verið mun meiri en eðlilegt getur talist, að mati Jóns Steinssonar, dósents við Columbia háskóla í Bandaríkjunum.

Jón hefur skoðað samband fiskverðs og framlegðar í vinnslu á Íslandi og komist að þeirri niðurstöðu að flest bendi til að útgerðin hafi með því að selja afla á undirverði til tengdra aðila farið á svig við kjarasamninga sjómanna.

„Ef samkeppni væri til staðar í vinnslunni ætti ekki að verða til nokkur framlegð umfram það sem væri eðlilegur arður af fjárfestingum,“ segir hann. „Sérstaklega ætti ekki að vera samband milli framlegðar og verðs á fiski. Þessar tölur gefa hins vegar til kynna að þegar fiskverð er hátt, eins og undanfarin misseri, er allt í einu miklu meiri framlegð í vinnslunni en eðlilegt getur talist.“ Jón bætir við að með hlutaskiptakerfinu sé augljós hvati til staðar fyrir útgerðina til að leika þennan leik. Það sé hins vegar erfitt þegar verð sé lágt. Vissulega séu ýmsir samningar í gildi milli útgerðar og vinnslu en tölurnar séu samt sem áður ískyggilegar og tali sínu máli. Þá segir hann skynsamlegast að allur fiskur færi á markað til að komast hjá þessum vanda.

Forsvarsmenn LÍÚ vísa niðurstöðum Jóns hins vegar alfarið á bug og segja hann vera í pólitík en ekki að stunda fræðimennsku.

„Það hefur lengi legið fyrir að verðmyndum á þessum mörkuðum er virkilega óeðlileg. Af hverju hittast til að mynda sjómenn og útgerðin mánaðarlega til að karpa um fiskverð, á þetta ekki að ráðast á markaði?“ segir Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambandsins. **- mþl**

### Framlegð og fiskverð




**Tölurnar** Jón segir að ekkert samband ætti að vera til staðar milli framlegðar í vinnslu og afurðaverðs.

Spá OECD um hagvöxt:

# Telur hagvöxt verða 2,2% í ár

**EFNAHAGSMÁL** Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) spáir 2,2 prósenta hagvexti á Íslandi í ár í skýrslu sem stofnunin birti á miðvikudag.

OECD byggir spá sína meðal annars á auknum fjárfestingum og einkaneyslu. Þá er spáð 2,7% verðbólgu á árinu og að atvinnuleysi minnki niður í 7%.

Í tilkynningu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins segir að OECD telji að óvissa ríki um aðgengi að alþjóðlegum fjármálamörkuðum og vilja til erlendrar fjárfestingar á Íslandi í kjölfar Icesave-kosninganna.

OECD hvetji stjórnvöld hins vegar til að halda sig við stefnu um hallalaus ríkisfjármál árið 2013, lækkun skulda og afnám gjaldeyrishafta. Þessi spá er nokkru hagstæðari en þær sem hafa birst að undanförnu. **- þj**

## SAMFÉLAGSMÁL

### Nýr formaður SÁÁ

Gunnar Smári Egilsson, fyrrverandi ritstjóri Fréttablaðsins, var kosinn formaður SÁÁ á aðalfundi félagsins sem fór fram í gær. Þórarinn Tyrfingsson, sem hefur verið formaður í 22 ár, gaf ekki kost á sér til endurkjörs.



**MÓTMÆLENDUR Í SANAA** Leiðtogar nokkurra áhrifamestu ættflokkanna í Jemen hóta borgarastyrjöld segi Saleh ekki af sér. NORDICPHOTOS/AFP

Forsetinn situr sem fastast:

# Jemen á barmi borgarastríðs

**JEMEN, AP** Harðir bardagar geisuðu í Sanaa, höfuðborg Jemens, í gær, milli stjórnarhersins og vopnaðra sveita frá áhrifamiklum ættflokkum sem krefjast þess að Ali Abdullah Saleh forseti segi af sér.

Tugir manna létu lífið og er tala fallinna undanfarna daga komin nokkuð á annað hundrað.

Ættflokkarnir hóta borgarastríði segi Saleh ekki af sér. Afstaða ættflokkanna gegn Saleh markar tímamót í baráttu mótmælenda. Ættflokkarnir hafa samkvæmt fornum lögum landsins rétt til þess að krefja meðlimi ættflokkanna um hlýðni, sem vegur þyngra en hlýðni við stjórnvöld landsins. **- gb**

# Forsætisráðherra sitji ekki lengur en í tíu ár

**Stjórnlagaráð leggur til að forsætisráðherra verði kosinn af Alþingi og að hann geti ekki setið lengur í embætti en í áratug. Vantrauststillögu á hann verði að fylgja tillaga að eftirmanni. Mikill bálkur um auðlindir og náttúru í smíðum.**

**STJÓRNARSKRÁ** Stjórnlagaráð hefur lagt til róttækar breytingar á stjórnarskrárákvæðum um ríkisstjórnina og ekki síst starf og skipan forsætisráðherra. Ef breytingarnar verða að veruleika getur forsætisráðherra ekki setið lengur en í tíu ár, eða tvö og hálft kjörtímabil.

Það er B-nefnd ráðsins sem lagði tillögurnar fram til kynningar á tíunda fundi ráðsins í gær.

Í þeim eru ýmis nýmæli. Til dæmis er lagt til að það verði ekki lengur hlutverk forsetans að skipa ráðherra, heldur muni Alþingi kjósa forsætisráðherra og hann skipaður formlega af forseta þingsins. Forsætisráðherrann hefði síðan sjálfur formlegt skipunarvald í sína ríkisstjórn.

Samkvæmt tillögunni yrði það þingforsetans að bera upp tillögu um forsætisráðherra eftir samráð við þingflokka. Yrði tillögu hans hafnað skyldi hann bera upp aðra tillögu, en væri tillögum hans hafnað í fjórgang þyrfti að rjúfa þing og boða til nýrra kosninga. „Verður að ætla að sú tilhögun skapi sterkan hvata fyrir þingið að koma sér saman um forsætisráðherra,“ segir í skýringu B-nefndar.

Tillagan um tíu ára hámarkssetu forsætisráðherra í embætti er rökstudd með því að valdþreyta geri vart við sig með tímanum, menn „staðni í embættum og hvatar til nýjunga og endurnýjunar slævist.“ Tíu ára markið var málamiðlun á milli þeirra sem vildu takmarka setuna annars vegar við átta ár og hins vegar við tólf ár.



**RÓTTÆKAR TILLÖGUR** Stjórnlagaráð smíðar nú mikinn bálk í stjórnarskrána um auðlindir og umhverfisvernd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Nefndir stjórnlagaráðs

*Undir stjórnlagaráði starfa þrjár nefndir.*

- Nefnd A: Skoðar meðal annars uppbyggingu og kaflaskipan, grunngildi, auðlinda- og umhverfismál og mannréttindi.
- Nefnd B: Hefur meðal annars til meðferðar stjórnskipan, forseta Íslands, og störf þingsins, ríkisstjórnar og sveitarfélaga.
- Nefnd C: Fjallar meðal annars um lýðræðislega þátttöku almennings, dómstóla, kosningar, kjördæmaskipan og utanríkismál.

Einnig var rætt að takmarka tímann sem aðrir ráðherrar gætu setið í embætti en slík tillaga hefur ekki komið fram. Ekki var hins vegar almennur vilji fyrir að takmarka setutíma þingmanna.

Þá er lagt til að þingmenn geti lagt fram vantrauststillögu á alla ráðherra, en vantrauststillögu á forsætisráðherra verði þó að fylgja tillaga um eftirmann sem tæki við ef vantraust yrði samþykkt og myndaði þá nýja ríkisstjórn.

A-nefnd ráðsins lagði einnig fram tillögur til kynningar á fundinum um breytingar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar.

Helstu tíðindin þar eru ákvæði um eignarrétt þjóðarinnar á náttúruauðlindum til lands og sjávar, náttúru- og dýravernd og skylda hins opinbera til að halda almenningi upplýstum um áhrif framkvæmda á umhverfið og tryggja að almenningur geti tekið þátt í undirbúningi slíkra ákvarðana.

**stigur@frettabladid.is**

**Nytjamarkaður**

**á Eyjarslóð 7 út á Granda.**

Opið alla virka daga og laugardaga kl. 13-18.

Sækjum húsgögnum
Sími 8585908

**Komið og gerið góð kaup.**
**Styrkið gott málefni!**

HJÁLPRÆÐISHERINN

TÍMALAUS KLASSÍK
Í ÚTSKRIFTARGJÖF




www.jonogoskar.is LAUGAVEGUR / SMÁRALIND / KRINGLAN

Litlar breytingar á afstöðu landsmanna til breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu:

# Flestir vilja kvótann í ríkiseigu

**KÖNNUN** Litlar breytingar hafa orðið á afstöðu almennings til mögulegra breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu samkvæmt könnun MMR. Ríflega tveir þriðju landsmanna, 67,5 prósent, vilja að kvótinn verði í eigu ríkisins.

Þetta er örlítið hærra hlutfall en í sambærilegri könnun MMR sem gerð var í febrúar síðastliðnum. Þá sögðust 66,6 prósent þeirrar skoðunar.

Svipað hlutfall, 71,4 prósent, segist vilja að þeir sem fái úthlutað kvóta eigi að greiða leigu til ríkisins sem endurspegli markaðsverðmæti kvótans. Mun færri, um 20,8 prósent, vilja að þeir sem fái úthlutað kvóta greiði leigu sem nemur rekstarkostnaði þeirra ríkisstofnana sem þjónusta sjávarútveginn.

Hlutfallslega fáir, um 15,6 prósent, segjast vilja að núverandi handhafar kvótans eigi að fá að halda honum óskertum. Enn færri, eða um 10,1 prósent, vilja að þeir sem fá úthlutað kvóta eigi að fá að ráðstafa honum að vild, þar með talið að selja hann, leigja og veðsetja.

Talsverður munur var á afstöðu fólks eftir því hvaða flokk það sagðist styðja. Stuðningsmenn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna eru hlynntari því að kvótinn verði í eigu ríkisins en stuðningsmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Könnun MMR var gerð dagana 9. til 12. maí. Alls tóku 837 einstaklingar á aldrinum 18 til 67 ára þátt í könnuninni. Þátttakendur endurspegluðu lýðfræðilega samsetningu þjóðarinnar. Afstöðu tóku á bilinu 73,7 til 82,2 prósent, misjafnt eftir spurningum. **- bj**

### Framtíð kvótakerfisins

**Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú eftirfarandi fullyrðingum:** Kvótinn á að vera í eigu ríkisins?




Heimild: MMR

**Smellugas áfylling ódýrust skv. könnun Fréttablaðsins 19. maí sl.**

**Gaskútar og áfylling**

| Verslun | 2 kg málmkútur tómur | áfylling | 5 kg plastkútur tómur | áfylling | 6 kg málmkútur tómur | áfylling | 9 kg málmkútur tómur | áfylling | 10 kg plastkútur tómur | áfylling | 11 kg málmkútur tómur | áfylling |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byko | | | 12.500 | 2.350 | | | | | 12.500 | 4.490 | | |
| Ellingsen | 1.829 | 2.536 | 12.500 | 2.256 | 3.500 | 3.022 | | | 15.510 | 3.896 | 2.005 | 4.380 |
| Húsasmiðjan | | | 12.550 | 3.768 | | | | | 13.311 | 3.449 | 2.999 | 3.733 |
| N1 | 3.500 | 1.720 | 12.550 | 2.483 | 3.735 | 3.430 | 2.000 | 4.385 | 13.305 | 3.520 | 4.210 | 3.640 |
| Olís | 1.829 | 1.536 | 12.590 | 2.236 | 3.500 | 3.022 | | | 13.310 | 3.896 | 2.005 | 4.380 |
| Skeljungur | 2.020 | 1.800 | 12.950 | 3.000 | 3.018 | 3.340 | 2.000 | 4.730 | 13.390 | 3.000 | 4.275 | 3.480 |

Allar tölur eru í krónum

Vinur við veginn

# 20% afsláttur af gasi

## í sumar




*Hrefna Rósa Sætran, yfirkokkur og eigandi Fiskmarkaðarins, notar Smellugas frá Olís.*

Þegar þú skilar inn tómum 9 kg stálkút, færðu 11 kg stálkút fylltan með gasi á aðeins

# 4.380 kr.

með 20% AFSLÆTTI AF INNIHALDI




## 20% AFSLÁTTUR AF GASI Í 2–11 KG STÁL- OG TREFJAKÚTUM

Á síðasta ári innleiddi Olís **Smellugas** sem er einfalt og þægilegt kerfi við gasnotkun. Þrýstijafnarann þarf ekki lengur að skrúfa á stútinn – honum er einfaldlega smellt á. **Þú færð þrýstijafnarann þér að kostnaðarlausu á næstu Olís-stöð.**

Nánari upplýsingar fást á smellugas.is, í síma 515 1100 og á næstu Olís-stöð.




**Smellugas fyrir grillið, útileguna og heimilið!**

PIPAR\TBWA • SÍA • 111060

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða landsþekkti leikari mun sjá um golfþátt á RÚV í sumar?
2. Hvað heitir sýning Louise Bourgeois í Listasafni Íslands?
3. Hverjir leika aðalsöguhetjurnar í Hangover-myndunum?

SVÖR

1. Gunnar Hansson 2. Kona 3. Ed Helms, Zach Galifianakis og Bradley Cooper

Umhverfisnefnd Akureyrar viðurkennir villandi upplýsingar úr biluðum mælum:

# Harmar rangar tölur um svifryk

**SVEITARSTJÓRNIR** „Umhverfisnefnd harmar að mannleg mistök hafi leitt til þess að rangar upplýsingar hafi birst á svifryksmælum á heimasíðu Akureyrarbæjar," segir í bókun frá fundi umhverfisnefndar bæjarins.

Andrea Sigrún Hjálmsdóttir, bæjarfulltrúi Vinstri grænna, beindi athygli að málinu með fyrirspurn á fundi umhverfisnefndar á þriðjudag. „Fram kom í stefnuræðu formanns umhverfisnefndar sem flutt var á fundi bæjarstjórnar þann 3. maí 2011 að svifryksmælar í bænum hafi verið meira og minna bilaðir í allan vetur. Þrátt fyrir það hafa tölur um svifryk verið birtar á heimasíðu bæjarins í vetur," sagði í fyrirspurn Andreu, sem óskaði eftir upplýsingum um hvaðan þær tölur sem birtust á meðan mælarnir voru bilaðir komu. „Og hvers vegna var íbúum bæjarins ekki kynnt að mælarnir væru bilaðir?"

Í samþykkt umhverfisnefndar segir að „slíkt skuli ekki" gerast aftur. „Umhverfisnefnd bendir einnig á að mikilvægt sé að birta réttar upplýsingar um svifryksmengun á vef Akureyrarbæjar þar sem margir treysti á að þær upplýsingar séu réttar."

- gar



**AKUREYRI** Svifryksmælarnir í bænum voru meira og minna bilaðir í vetur.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Noregur vill ekki örríki í EES:

# Smæstu ríkjum Evrópu hafnað

**EVRÓPUMÁL Norska ríkisstjórnin er ekki fylgjandi því að örríki Evrópu verði aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eftir því sem norska blaðið Nationen hefur eftir Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs.**

**Lengi hefur verið rætt um hvert skuli vera framtíðarsamband ríkja eins og Andorra, Mónakó og San Marínó við Evrópusambandið, sem eru of lítil til að geta staðið undir fullri aðild að ESB. Rætt hefur verið um að bjóða þeim í EES.**

- kóþ

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÉTTIR
vísir

## Mladic, Karadzic og Milosevic

Allir þrír helstu leiðtogar Serba í Bosníustríðinu hafa nú verið handteknir, Slobodan Milosevic, sem var forseti Júgóslavíu á meðan landið var að liðast í sundur, Radovan Karadzic, sem var pólitískur leiðtogi Bosníu-Serba, og Ratko Mladic, sem var yfirmaður hers Bosníu-Serba.

Milosevic var handtekinn árið 2001 og þá fóru þeir Radovan Karadzic og Ratko Mladic í felur. Milosevic var fluttur til stríðsglæpadómstólsins í Haag og lést þar árið 2006 áður en réttarhöldunum yfir honum lauk. Karadzic fannst í Belgrad árið 2001 og var einnig fluttur til Haag, þar sem enn standa yfir réttarhöld gegn honum. Mladic náðist í gær og verður einnig fluttur til Haag innan fárra daga.



**HANDTEKINN** Ratko Mladic leiddur inn í réttarsal í Belgrad í Serbíu í gær. Minni myndin tekin árið 1995.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Sameining Stefnir – Green Growth Fund og Stefnir- erlend hlutabréf

Ákveðið hefur verið að sameina verðbréfasjóðinn Stefnir – Green Growth Fund og EUR-deild verðbréfasjóðsins Stefnir – Erlend hlutabréf undir nafni síðarnefnda sjóðsins. Sameiningin miðast við 24. júní 2011 en á þeim degi tekur Stefnir- Erlend hlutabréf við öllum eignum og skuldbindingum Stefnis – Green Growth Fund. Að því loknu verður Stefnir – Green Growth Fund slitið.

Við sameininguna eignast hlutdeildarskírteinishafar í Stefnir – Green Growth Fund hlutdeildarskírteini í Stefnir – Erlend hlutabréf miðað við dagslokagengi sjóðanna 16. júní 2011.

Hlutdeildarskírteinishafar Stefnir – Green Growth Fund geta eftir sem áður átt viðskipti með hlutdeildarskírteini sín í samræmi við reglur sjóðsins fram til 16. júní 2011, en frá og með 27. júní 2011 fer um viðskipti eftir reglum Stefnir – Erlend hlutabréf.

Hlutdeildarskírteinishafar Stefnir – Erlend hlutabréf geta eftir sem áður átt viðskipti með hlutdeildarskírteini sín í samræmi við reglur sjóðsins.

Útboðslýsingu hvors sjóðs og eignasamsetningu þeirra þann 30. apríl 2011 er að finna á vef Stefnis hf., www.stefnir.com

30. maí 2011
Stefnir hf.

STEFNIR

# Mladic handtekinn eftir áratug í felum

**Sextán árum eftir fjöldamorðin í Srebrenica hafa Serbar handtekið Ratko Mladic. Þar með er ein helsta hindrunin úr vegi fyrir því að ESB verði við óskum Serbíustjórnar um aðildarviðræður.**

**SERBÍA** „Við höfum bundið enda á erfitt tímabil í sögu okkar og fjarlægt blettinn framan úr þjóðbræðrum okkar, hvar sem þeir búa," sagði Boris Tadic, forsætisráðherra Serbíu, þegar hann skýrði frá því að Ratko Mladic hefði verið handtekinn.

Tadic boðaði til blaðamannafundar í gærmorgun þar sem hann staðfesti tíðindin, sem þá voru strax komin í heimsfréttirnar, fáeinum klukkustundum eftir handtökuna.

Ratko Mladic, fyrrverandi yfirmaður herliðs Bosníu-Serba, hefur verið í felum síðan 2001. Hann var yfirmaður hermannanna sem myrtu allt að átta þúsund bosníska menn og drengi nálægt bænum Srebrenica í Bosníu í júlí 1995. Fjöldamorðin þar eru versti stríðsglæpur seinni tíma í Evrópu, en Mladic er talinn hafa verið einn helsti hvatamaður þeirra og skipuleggjandi.

Mladic var handtekinn snemma í gærmorgun á heimili ættingja síns í Lazarevo, tvö þúsund manna þorpi norðarlega í Serbíu. Mladic var með tvær skammbyssur þegar hann var handtekinn en veitti enga mótspyrnu.

Hann þótti fölur og ellilegur, að sögn serbneskra embættismanna og fjölmiðla. Þetta var talið merki um að hann hafi ekki verið mikið úti við.

Handtaka hans getur hraðað því, að Evrópusambandið samþykki að hefja aðildarviðræður við Serbíu. Serbar hafa lengi óskað eftir aðild en meðal þess sem strandað hefur á er hversu hægt hefur gengið að hafa hendur í hári Mladic og annarra grunaðra stríðsglæpamanna.

Fouad Riad, saksóknari alþjóðlegs stríðsglæpadómstóls í Haag, gaf út ákæru á hendur Mladic strax árið 1995, en Mladic gat engu að síður ferðast um óhultur í Serbíu allt þangað til Slobodan Milosevic, sem þá hafði nýlega sagt af sér forsetaembætti vegna fjöldamótmæla, var handtekinn í Serbíu í mars 2001 og framseldur til Haag.

Í ákæruskjali Riads frá 1995 segir að fjöldamorðin í Srebrenica hafi verið ótrúlega villimannleg: „Þúsundir manna voru teknar af lífi og settar í fjöldagrafir, hundruð manna voru grafin lifandi, menn og konur voru limlest og drepin, börn voru drepin fyrir augum mæðra þeirra, afi nokkur var þvingaður til að leggja sér til munns lifur úr barnabarni sínu."

gudsteinn@frettabladid.is

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Stórbrotinn Mahler
## með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Lau. 28.05. » 17:00

Sinfóníuhljómsveitiin flytur hina mögnuðu 4. sinfóníu Mahlers í Hörpu undir stjórn Markusar Poschner. Einsöngvari er sænska sópransöngkonan Camilla Tilling, ein skærasta söngstjarna Norðurlanda.

Síðasta tækifæri til að tryggja sér miða á tónleika á þessu starfsári.

**Miðasala á sinfonia.is, í miðasölu Hörpu eða í síma 528 5050.**



BAKHJARLAR

BORGUN VÍS Morgunblaðið

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í anddyri Hörpu » Sími: 528 5050 » Opið 12-18 alla daga



**LEIÐTOGAR Í FRAKKLANDI** Þeir Manuel Barroso, Nicolas Sarkozy, Barack Obama og Naoto Kan þegar hlé varð á fundarhöldum í Deauville í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Leiðtogar Rússlands og Bandaríkjanna á G8-fundi:

# Trúir ekki Obama

**FRAKKLAND, AP** „Þeir trúa okkur ekki,“ sagði Mike McFaul, helsti ráðgjafi Baracks Obama Bandaríkjaforseta í málefnum Rússlands. Með þessum orðum dró hann saman það sem á strandar í viðræðum ríkjanna um eldflaugavarnir sem Bandaríkjamenn vilja koma upp í Evrópu.

Þeir Barack Obama Bandaríkjaforseti og Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti hittust á leiðtogafundi G8-ríkjanna í Frakklandi í gær. Viðræður þeirra virðast hins vegar ekki hafa skilað neinum árangri, heldur draga fram í dagsljósið gagnkvæmt vantraust ríkjanna, sem enn er mikið þrátt fyrir langvarandi þíðu.

Deilurnar snúast einkum um eldflaugavarnarkerfið, sem Bandaríkjamenn ætla að setja upp í áföngum í nokkrum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Kerfið á að vera fullbúið árið 2020, en Rússar telja sér ógnað þrátt fyrir að Bandaríkjamenn hafi ítrekað reynt að fullvissa þá um að kerfið verði ekki notað gegn þeim.

Medvedev sagðist engu að síður sannfærður um að lausn fyndist á deilum þeirra í framtíðinni, en nú væri réttara að beina athyglinni að öðrum knýjandi málum. - gb







## FRÉTTASKÝRING: Skýrsla Unicef um stöðu barna á Íslandi

**392** börn létust í slysum á árunum 1981 til 2009

**43,3%** drengja á aldrinum 15-19 ára horfa á klám í hverri viku

**430** tilkynningar bárust um kynferðisofbeldi gegn börnum árið 2010

### Margvísleg tölfræði um íslensk ungmenni




### Tóbaksneysla, ölvun og hassneysla meðal 10. bekkinga




**13%** stúlkna undir 18 ára hafa upplifað kynferðislegt ofbeldi

**4,6%** stúlkna á aldrinum 15 til 19 ára hafa farið í fóstureyðingu

**20%** þeirra ungmenna sem stunda kynmök nota hvorki smokka né aðrar getnaðarvarnir.

# Kynferðisofbeldi helsta ógn við velferð barna

**Unicef á Íslandi hefur tekið saman ítarlega skýrslu um stöðu barna á Íslandi og ógnum sem steðja að þeim steðja. Kallað er eftir opinberum forvörnum gegn kynferðisofbeldi og segja samtökin þörf á heildstæðari rannsóknum.**

Unicef á Íslandi kynnti í gær nýja skýrslu um stöðu barna á Íslandi. Þar eru teknar saman niðurstöður rannsókna sem hafa verið gerðar síðustu ár, í þeim tilgangi að birta heildstæða mynd af aðstæðum barna hér á landi og ógnum sem að þeim steðja.

Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri Unicef, segir í samtali við Fréttablaðið að fyrirmynd þessarar skýrslu sé árleg alþjóðleg úttekt Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

„Það er okkar trú að hægt sé að mæla gæði samfélags á því hversu vel þar er hugsað um börn. Þetta er því tilraun til að meta hvernig við stöndum okkur og hvað við getum gert betur.“

Stefán segir skýrsluna leiða margt jákvætt í ljós á hinum ýmsu sviðum.

„Við sjáum til dæmis sterkt heilbrigðiskerfi og áhrifaríkar forvarnir gegn áfengis- og tóbaksneyslu.“

Þar vísar Stefán meðal annars í að ungbarnadauði er hvergi í heiminum lægri en einmitt hér á landi og að reykingar og áfengisdrykkja barna hefur dregist verulega saman síðustu ár.

„Hins vegar er sláandi að sjá hvað kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er víðtækt, og það er tvímælaust ein af helstu ógnunum við velferð barna hér á landi. Við sjáum til dæmis að 13 prósent stúlkna verður fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur. Það er ótrúlegur fjöldi.“



**VANTAR HEILDSTÆÐARI MYND** Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri Unicef á Íslandi, segir nýja skýrslu leiða í ljós að heildstæðar rannsóknir þurfi á högum barna hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stefán segir einnig að skýrslan leiði í ljós skort á opinberum forvarnaraðgerðum gegn kynferðisofbeldi.

„Það er mikið unnið í grasrótinni og ýmsum félagasamtökum og það fólk á heiður skilinn. En þó opinberir aðilar hafi gert margt gott í viðbrögðum eftir að svona dæmi koma upp, hafa þau ekki markað sér skýra forvarnastefnu.“

Það væri eðlilegt, að sögn Stefáns þar sem opinberir aðilar hafi í gegnum árin beitt sér með góðum árangri í forvörnum gegn öðrum ógnum sem steðja að börnum, til dæmis slysum og notkun tóbaks og áfengis.

> Það er okkar trú að hægt sé að mæla gæði samfélags á því hversu vel þar er hugsað um börn.
>
> STEFÁN INGI STEFÁNSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI UNICEF

„Þessi ógn er ekki síðri. Það er því mikilvægt að meiri fjármunir séu settir í forvarnir og mörkuð skýr stefna.“

Annað sem skýrslan leiðir í ljós er að hér á landi hafa ekki verið gerðar reglulegar heildstæðar kannanir á aðstæðum barna.

Stefán segir að þó að lykiltölur sé að finna af ákveðnum sviðum, sé margt sem vanti upp á.

„Tölur og greining á ákveðnum þáttum, svo sem ofbeldi, fátækt og misskiptingu í samfélaginu liggja ekki fyrir, en það er ekki síður mikilvægt að fylgjast með því en til dæmis vísitölu neysluverðs.“

Stefán segir að lokum að hér á landi sé mikið lagt upp úr því að gera hlutina vel sem snúa að börnum.

„Það er mikill vilji hjá stjórnvöldum og fagaðilum til að gera vel. Þess vegna erum við að setja þessa skýrslu fram sem jákvætt innlegg í þessa umræðu og vonumst til að það hjálpi til að gera enn betur.“

**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is



**Ertu að leita upplýsinga?**
**www.suzuki.is**

SUZUKI
Way of Life!






# Nýr Suzuki Swift








FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com
★★★★★

Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár
nú enn betri og flottari.
Swiftinn er stærri og rúmbetri og er með
einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél, býðst beinskiptur
og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur.
Swiftinn hlaut 5 stjörnur í N-CAP öryggisprófuninni og kemur með
ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum sem staðalbúnaði.

**Verð frá 2.580 þús.**
Eyðsla frá 5,0L/100km
(blönduðum akstri,
beinskiptur)
$CO^2$ 116g/km

**FYRIR SKYNSAMT FÓLK**

SUZUKI

**TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR**

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**

Hugtök Markaðsráðgjöf Maí 2011

föstudagur **Föstudagsviðtalið** Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur og gosið í Grímsvötnum

# Ísland er okkar stóra tilraunastofa

**Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, fékk kraftmesta eldgos á Íslandi í marga áratugi í fimmtugs afmælisgjöf. Það segir nokkuð um umbrotin í íslenskri náttúru að undanförnu að jarðeðlisfræðingur sé orðinn þjóðþekktur maður.**

Þetta var nú ekki afmælisgjöfin sem ég hafði óskað mér. En já, það er rétt, tveimur tímum áður en afmælisveislan átti að byrja hringdi Steinunn Jakobsdóttir, jarðeðlisfræðingur á Veðurstofu Íslands, og spurði mig hvort mikið stæði til um kvöldið. Það væri nefnilega svo að fleiri hefðu það á prjónunum að vera með uppistand, því öll mælitæki Veðurstofunnar sýndu að allt stefndi í Grímsvatnagos. En það var ekki um annað að ræða en að halda áfram með veisluna þó að nokkrir af gestum mínum hafi klætt sig í vinnugallann þetta kvöld en ekki í sparifatnað," segir Magnús Tumi. „Ég varð að gleyma Grímsvötnum í fjóra klukkutíma en mætti svo á fund hjá Almannavörnum klukkan hálf tólf þetta kvöld. En veislan tókst vel."

> Ég varð að gleyma Grímsvötnum í fjóra klukkutíma en mætti svo á fund hjá Almannavörnum klukkan hálf tólf þetta kvöld. En veislan tókst vel.

### Með jarðfræði í blóðinu

*Hvernig vaknaði áhugi þinn á fræðigreininni?*

„Ég fékk snemma áhuga á jarðfræði. Ég á tvo móðurbræður sem eru jarðfræðingar, Hauk og Jens Tómassyni, og þetta fag heillaði mig frá fyrstu tíð. Í menntaskóla fékk ég mikinn áhuga á eðlisfræði, en stærðfræði hafði alltaf legið vel fyrir mér. Þegar þessi áhugasvið runnu saman þá varð niðurstaðan jarðeðlisfræði sem ég stúderaði hérna heima og síðan í London þar sem ég tók doktorspróf. Doktorsverkefnið mitt var reyndar að byrja rannsóknir á innviðum Grímsvatna, svo ég var töluverðan tíma á svæðinu við rannsóknir og kynntist því ágætlega. Ég vann seinna við jöklafræði með Helga Björnssyni jöklafræðingi sem fann flöt á því að ég gæti unnið við rannsóknir eftir að ég kom heim frá námi. Það leiddi mig inn í Háskóla Íslands þar sem ég gegni prófessorsstöðu."

### Eldgosið í Gjálp 1996

„Þetta var sú gerð umbrota sem ég hafði vonast til að verða vitni að einhvern tíma á starfsævinni. Síðan má segja að hver stórviðburðurinn hafi rekið annan og kollegar mínir erlendis segja að ég hafi það allt of gott út frá sjónarhóli vísindamanna. Ég hef reyndar tekið að mér stjórnunarstörf sem taka mikinn tíma. En samvinna vísindamanna hér á landi er mikil og þó að fá andlit komi fram í fjölmiðlum er yfirleitt verið að setja fram niðurstöður úr vinnu hóps fólks. Það á bæði við um Jarðvísindastofnun hér við háskólann en einnig vísindamenn hjá Veðurstofu Íslands. Samstarf þessara tveggja stofnana gerir það kleift að dekka flest svið jarðvísinda og náttúruvísinda sem koma við sögu í svona atburðum. Samstarfið er afar gott og Veðurstofan hefur umsjón með öflugu kerfi mælitækja sem gera gæfumuninn, auk auðvitað veðurrannsókna. Allt skiptir þetta máli við rannsóknir á náttúruhamförum."

*Hvert er mikilvægi nýrrar tækni í rannsóknum vísindamanna hér á landi og erlendis?*

„Það sem gefur okkur ákveðið forskot í rannsóknum í eldfjallafræði, jöklafræði og ýmsu fleira er einfaldlega landið sjálft. Ísland er okkar stóra tilraunastofa. En það er hópur fólks hér við háskólann en ekki síst hjá Veðurstofunni sem hefur sýnt mikinn dugnað við að byggja upp mælakerfi sem skiptir miklu máli til að skilja hvað er að gerast, ekki síst í aðdraganda eldgosa og jarðskorpuhreyfingar og jarðskjálfta. Varðandi nýjustu viðbætur í tækni má nefna nýjan færanlegan radar Veðurstofunnar sem er bylting í því að meta hversu hátt gosmökkurinn fer og hve mikið er að koma upp af gosefnum. Það snertir áhrif gossins á flug, eins og við þekkjum eftir sprengigosin, núna og í Eyjafjallajökli. Mikið af rannsóknunum á eldgosunum sjálfum verður þó að vinna úti í náttúrunni og byggja ekki á slíkum tækjabúnaði. Eldgos eru svo stórir atburðir og svo miklir kraftar á ferli að það þarf að halda vel utan um þá svo við getum varað fólk við og að engum stafi hætta af þessum atburðum."



**MAGNÚS TUMI** Doktorsrannsóknin í University College í London var upphafsrannsókn á innviðum Grímsvatna, svo það var viðeigandi að stærsta gos í áratugi skyldi hefjast rétt fyrir fimmtíu ára afmælisveislu jarðeðlisfræðingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Þröngt skorinn stakkur

*Rannsóknirnar eru umfangsmiklar. Hvernig er búið að ykkur fjárhagslega?*

„Þegar stórir atburðir verða, eins og Eyjafjallajökulgosið og Grímsvatnagosið núna, þá sjáum við að stórþjóðirnar eiga auðveldara með að fara í stærri rannsóknir; aðgengi að fjármunum hjá þeim er auðveldara til að taka virkilega á hlutunum. En á Íslandi hefur orðið hrun og okkur er þrengra sniðinn stakkurinn. Nú hafa tveir stóratburðir orðið á stuttum tíma, sem reynir verulega á okkur. Á okkur hvílir sú krafa að skila þeim upplýsingum sem umheimurinn kallar eftir. Þetta er ekki okkar einkamál því tvö stór sprengigos skipta verulegu máli fyrir nágrannalöndin, þarf vart að minna á dreifingu gjóskunnar um Evrópu og víðar. Við erum ekki í vonlausri stöðu, en þegar svona mikið gengur á kallar það á gríðarlega vinnu til að upplýsingar tapist ekki. Þessi vísindalegi árangur á ekki aðeins við fræðilegan áhuga heldur ekki síður hagrænar rannsóknir í tengslum við flug og almannavarnir næst gosstöðvunum."

*Er Grímsvatnagosið núna sérstakt í vísindalegu tilliti? Kemur stærð þess á óvart?*

„Þetta er mjög stórt Grímsvatnagos, og hvað gjósku varðar er það svipað nokkuð stóru Kötlugosi. Á einum sólarhring kom upp meira magn gjósku en á 39 dögum í Eyjafjallajökli. Saga Grímsvatnagosa sýnir að þau koma í hrinum og nýtt virknitímabil hófst árið 1996 með Gjálpargosinu. Gosið 1983 var lítið gos inni í mjög rólegu tímabili sem hófst um 1940. Ef horft er á fyrri hrinur þá má benda á mjög stórt gos 1619 eftir rólegt tímabil. Síðan árið 1873 kemur stórt gos rúmum áratug eftir að virknitímabil hefst um 1860. Það má því segja að eftir að hrina er farin af stað þá eru líkur á að það komi að minnsta kosti eitt stórt gos.

### Tíð eldgos

*Talað er um að við séum að ganga inn í tímabil mikilla jarðhræringa og margra eldgosa. Er það svo?*

„Við erum nýbúin að klára mjög rólegt tímabil, alla vega hvað sprengigos varðar, sem hófst um 1950. Á síðari hluta 18. aldar og aftur á 19. öld komu mörg stór eldgos á tímabili. Það, að lifa með eldgosunum, er hluti af því að vera Íslendingur. Þetta er hluti af okkar tilveru. Kosturinn við Grímsvatnagosið núna er hvað það stendur stutt. Ég á ekki von á að þetta rífi sig upp aftur, þau hafa ekki gert það Grímsvatnagosin þó maður eigi aldrei að segja aldrei. Ég vil að við höfum það hugfast að Grímsvötn eru langt frá byggð. Kirkjubæjarklaustur er um 80 kílómetra frá eldstöðinni en undir Eyjafjöllum er byggð í tíu kílómetra fjarlægð frá gígnum. Til að setja þetta í samhengi þá er það heppilegt að fá svona stórt gos í Grímsvötnum en ekki Eyjafjallajökli. Gjóskan í Grímsvötnum, í sjö kílómetra fjarlægð frá gígnum, er 170 sentimetra þykk. Þykkt gjóskunnar í sömu fjarlægð frá Eyjafjallajökli, og þá er horft til byggðar, var um tíu til tuttugu sentimetrar. Grímsvötn eru eins vel staðsett og hugsast getur, með tilliti til byggðar."

*Lakagígar eru hluti af Grímsvatnaeldstöðinni. Hafa líkur aukist á umbrotum þar?*

„Síðast varð þetta gríðarmikla gos í Lakagígum 1783 til 1784 með þeim mestu hörmungum sem íslensk þjóð hefur upplifað. Eitthvað svipað mun gerast í framtíðinni en við vitum ekkert um hvenær það verður. Virkni í Grímsvötnum hefur komið og farið án þess að slík gos verði og ekkert bendir til að eitthvað af þessari stærðargráðu sé væntanlegt á næstunni.

*Hvað myndu umbrot á stærð við Skaftárelda þýða fyrir íslenskt nútímasamfélag?*

„Það er sennilegt að rýma þyrfti stór svæði af heilsufarsástæðum. Þetta gæti haft veruleg áhrif á samgöngur í langan tíma en við erum vel varin gegn þeim hörmungum sem dundu yfir Íslendinga sem lifðu Skaftárelda. En þetta myndi hafa mikil áhrif, ekki síst efnahagsleg. Íslendingar þurfa að undirbúa hvernig tekið yrði á slíkum atburði, þó við séum betur sett núna. En á móti kemur að margt í nútímasamfélaginu myndi ekki standast þá krafta sem þarna geta leyst úr læðingi."


HÁSKÓLABRÚIN



UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 6. JÚNÍ

www.keilir.net

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

# Föstudagstilboð í Office1

# 1 kr. blaðið




**1 pakki - 500 blöð**

**500 kr.**

**1 kassi - 2.500 blöð**

**2.500 kr.**

**Ég ætla að spara í ár!**

**Office1**

Skeifan 550-4110 | Smáralind 550-4140 | Hafnarfjörður 550-4120 | Selfoss 550-4190 | Egilsstaðir 550-4160


Landsbankinn lækkar skuldir yfir 30 þúsund viðskiptavina
Við byggjum á traustri fjárhagsstöðu og viljum nú lækka skuldir viðskiptavina okkar með nýjum aðgerðum. Það er yfirlýst stefna bankans að styðja við endurreisn heimila og atvinnulífs. Við leggjum áherslu á einfaldleika og skilvirkni, gagnkvæman ávinning og umbun skilvísra viðskiptavina. Við ætlum að vera Landsbankinn þinn.

## 1 Við endurgreiðum 20% af vöxtum

Við endurgreiðum skilvísum viðskiptavinum 20% af öllum vöxtum sem greiddir voru á tímabilinu 31. desember 2008 til 30. apríl 2011.

Endurgreiðslan kemur til lækkunar á eftirstöðvum skulda. Ef viðskiptavinur er skuldlaus verður fjárhæð greidd út. Áður fengin endurgreiðsla vaxta kemur til frádráttar.

**Umsóknir:** Ekki þarf að sækja um endurgreiðslu vaxta.

## 2 Við lækkum fasteignaskuldir

Við gerum tvær mikilvægar breytingar á hefðbundnu 110% leiðinni til að koma betur til móts við þarfir þeirra viðskiptavina bankans sem búa í yfirveðsettu húsnæði.

Nú verður miðað við fasteignamat á eignum undir 30 milljónum króna en ekki verðmat. Þetta þýðir að úrvinnsla mála gengur mun hraðar fyrir sig en áður hefur verið. Hin breytingin er sú að aðrar eignir verða alla jafna ekki til að lækka niðurfærslu skulda, ólíkt því sem verið hefur. Þetta þýðir að margir sem ekki gátu farið í 110% leiðina geta gert það nú og fá lækkun sem ekki var áður í boði.

Landsbankinn áskilur sér þó rétt til að kalla eftir verðmati á stærri eignum og ef niðurfærsla fer umfram ákveðið hámark geta aðrar eignir komið til frádráttar.

**Umsóknir:** Ekki þarf að sækja um lækkunina ef öll áhvílandi lán eru í Landsbankanum. Í öðrum tilfellum verður haft samband við viðskiptavin varðandi nánari upplýsingar.

## 3 Við lækkum aðrar skuldir

Landsbankinn lækkar aðrar skuldir einstaklinga sem eru umfram greiðslugetu um allt að fjórar milljónir króna, að undangengnu sjálfvirku greiðslumati.

Undir þetta falla meðal annars yfirdráttur og skuldabréfalán en ekki t.d. kortaskuldir eða lán sem eru með veði í fasteign eða bifreið skuldara.

**Dæmi um lækkun**




Til þess að fá niðurfellingu þarf að heimila bankanum að meta greiðslugetu. Gerður er samningur sem miðast við að viðskiptavinur greiði 10% af ráðstöfunartekjum í 3 ár. Að þeim tíma liðnum eru eftirstöðvarnar felldar niður hafi viðskiptavinur verið skilvís.

**Umsóknir:** Hægt er að sækja um lækkun annarra skulda í netbanka Landsbankans til 15. júlí 2011.

**Þær aðgerðir sem nú eru kynntar koma til framkvæmda fyrir 1. október 2011.** Skilmála og nánari upplýsingar um skuldalækkun Landsbankans má finna á heimasíðu okkar, landsbankinn.is, eða í næsta útibúi Landsbankans.



**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hlutskipti sprautufíkla og útbreiðsla læknadóps:

## Ömurleg þróun

Undanfarna viku hefur Kastljós RÚV, í samstarfi við Jóhannes Kr. Kristjánsson fréttamann, birt úttekt á hlutskipti ungra fíkla á Íslandi og útbreiðslu svonefnds læknadóps þeirra á meðal.

Þetta er nöturleg umfjöllun og gefur litla ástæðu til bjartsýni. Viðtöl Jóhannesar við virka fíkla og sláandi myndskeið af því þegar þeir sprauta sig sýna vel þá helstefnu sem líf þeirra sem ánetjast vímuefnum tekur. Allir sem rætt hefur verið við eru á einu máli um að aðgengi að hörðum efnum, sér í lagi læknadópi, hafi aukist og að sprautufíklarnir verði sífellt fleiri og yngri, með tilheyrandi útbreiðslu fylgifiska á borð við HIV, lifrarbólgu C, geðraskanir og fleira.


SKOÐUN



Bergsteinn Sigurðsson

bergsteinn@frettabladid.is


Brotalamirnar í kerfinu virðast margar og alvarlegar; hvernig má til dæmis vera að sami einstaklingurinn geti fengið uppáskrifað hjá lækni morfínlyf í miklu meira magni en hann þarf á að halda, jafnvel hjá sitt hvorum lækninum sama daginn? Stærsti vandinn gagnvart þessari meinsemd er þó líklega fólginn í uppgjöfinni gagnvart henni, sem er alls ekki bundin við kerfið heldur samfélagið allt.

Það er hráslagaleg staðreynd að líf þeirra sem ánetjast hörðum fíkniefnum eru ekki mikils metin. Þeir eru ekki aðeins afgangsstærð, heldur beinlínis til ama, svo langt leiddir að þeir komast ekki einu sinni í flokk „ógæfufólks“ heldur er notað um þá annað orð sem sneiðir hjá allri mennsku: fíkill. Styrkur umfjöllunar Jóhannesar og Kastljóss er ekki síst fólginn í því að minna okkur á að bak við þetta hugtak, fíkill, er manneskja.

Einn óhugnanlegasti hluti úttektarinnar er frásagnir af eldri körlum sem fá sínu framgengt með stúlkum á unglingsaldri með því að gefa þeim dóp. Í samtali við Vilborgu Grétarsdóttur, unglingaráðgjafa hjá Barnavernd Reykjavíkur, sagði Jóhannes að í fjölmiðlum væri „ákveðinni glansmynd“ brugðið upp af einstaklingum sem væru greinilega með yngri stelpum. Vilborg tók undir það.

„Mér finnst það bara ömurleg þróun. Það er verið að misnota þær ... sjálfsmynd þeirra er brotin, þær upplifa sig skítugar, þær eiga mjög erfitt með að komast út úr þessu, því afleiðingarnar eru svo alvarlegar.“

Allir sem fylgjast með fjölmiðlum þekkja dæmi um hvernig þekktum ofbeldismönnum hefur verið hossað eins og afreks- eða frægðarfólki. Slíkur fréttaflutningur hefur aftur á móti ekki vakið sérstaklega sterk viðbrögð hjá almenningi eða bitnað á viðkomandi miðlum á sjáanlegan hátt. Fyrir nokkrum árum rak DV ágengari ritstjórnarstefnu en Íslendingar áttu að venjast gagnvart þeim sem komust í kast í lögin og voru þeir sem voru kærðir og/eða dæmdir fyrir alvarleg brot jafnan nafngreindir. Þessi stefna var alla tíð mjög umdeild og varð að lokum beinlínis banabiti blaðsins í þáverandi mynd, eins og frægt er orðið. Getur verið að á Íslandi sé meiri „stemning“ fyrir þeim fréttum sem hampa ofbeldismönnum en þeim sem hjóla í þá?

Umfjöllun Kastljóss vekur upp margar aðkallandi spurningar um hvaða leiðir eru færar í baráttunni gegn fíkniefnum. Um leið er hún brýn áminning um að ekki er bæði hægt taka sér stöðu með þeim sem missa tökin á lífi sínu vegna fíknar og þeim sem nýta sér eymd þeirra.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



EKKI GERA EKKI NEITT.IS

Öflugur greiðendavefur með hagnýtum upplýsingum s.s.

- Yfirlit mála
- Samkomulög
- Greiðslur með korti
- Góð ráð og margt fleira

motus

Þjónustuver 440 7700
www.ekkigeraekkineitt.is

– leysum málin


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skopparakringlan

Kristinn H. Gunnarsson skrifaði grein í Fréttablaðið í gær undir fyrirsögninni „Pólitískar skopparakringlur“. Hann er óánægður með fulltrúa í nefnd um verðtryggingu, sem sumir hverjir vilja knýja niður með handafli. „Þeir sem eiga að leiða þjóðina út úr efnahagslegum erfiðleikum virðast margir hverjir álíka stefnufastir og skopparakringlur,“ skrifar þingmaðurinn fyrrverandi. Hann ætti að þekkja stefnulaust skopp býsna vel, enda oftar gengið úr stjórnmálaflokki en hægt er að þylja upp í svona knöppu formi.



### Einar skrifar blogg

Einar K. Guðfinnsson á það til að taka sérkennilegar ákvarðanir. Einu sinni leyfði hann hvalveiðar nokkrum andartökum áður en hann lét af embætti. Nú bloggar hann mikið og misígrundað. Þegar fregnaðist að Jón Steinsson væri að vinna að áliti um kvótafrumvörp ríkisstjórnarinnar tók Einar andköf og settist við skriftir. Hann sagði að Jón væri fenginn til að vera „talhlýðinn“ við Jóhönnu Sigurðardóttur og skrifa „þóknanlegt“ álit „undir handarjaðri“ hennar til að niðurlægja Jón Bjarnason.



### Skotið fyrst

Nú er komið í ljós að Jón Steinsson var alls ekki að vinna álitið fyrir Jóhönnu, hann gerði það einn og óstuddur og fékk ekkert fyrir. Niðurstaðan er henni heldur varla að skapi. Jón telur frumvörpin óráð – þau muni auka óhagkvæmni í greininni – og talar í raun mun meira í takt við Einar en nokkurn stjórnarliða. Einar K. Guðfinnsson ákvað hins vegar að skjóta fyrst og spyrja svo. En kjöftugum ratast oft satt orð á munn og þannig hæfði skutull Einars eitt markið: Jón Bjarnason, sem mun tæpast veifa áliti nafna síns hróðugur frekar en aðrir í ríkisstjórninni. **stigur@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Ísland úr stríði


Hernaður



Guðfríður Lilja Grétarsdóttir

alþingismaður


Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið þegar kalda stríðið var í algleymingi og heimsmyndin dregin skörpum skilum milli tveggja andstæðra fylkinga. Stórveldin, Bandaríkin og Sovétríkin, standa nú ekki lengur með vopnabúr sín hvort á móti öðru heldur hafa hagsmuna- og hernaðarátök á heimsvísu tekið á sig gjörbreytta mynd.

> Heimurinn hefur breyst, en höfum við breyst?

Atlantshafsbandalagið hefur einnig tekið miklum breytingum í tímans rás, en þó ekki með þeim hætti sem eðlilegt hefði verið í ljósi breyttrar skipanar heimsmála. Í stað þess að slíðra sverðin í þágu friðar við lok kalda stríðsins hefur Nató farið í útrás með gríðarlegri hernaðaruppbyggingu um víða veröld.

Þetta er byrjunin á þingsályktunartillögu sem öllum þingmönnum hefur verið boðið að gerast meðflutningsmenn að. Ályktunin gengur út á að Ísland segi sig úr hernaðarbandalaginu Nató í samræmi við þá stefnu Íslands að vera herlaust land.

Heimurinn hefur breyst, en höfum við breyst? Þjóð sem ætlar að vera í hernaðarbandalagi ætti að setja upp her; þjóð sem er og vill vera herlaus ætti að halda sig utan herskárra hernaðarbandalaga. Hernaðurinn í Írak og Afganistan með aðkomu Nató ætti með réttu að vera fullt tilefni til þess að fólk allra flokka teldi rétt að Ísland segði sig úr bandalaginu. Í stað þess er Ísland nú aðili að enn einni herförinni í fjarlægu landi. Ýmislegt í stríðsrekstrinum í Líbíu minnir óhuggulega á upphaf innrásarinnar í Írak. Eins og venja er orðin þegar innrás er gerð í framandi olíuríki voru loftárásir Nató á Líbíu réttlættar með því að vernda ætti líbískan almenning. En það er einmitt almenningur sem verður verst úti og hafa þúsundir þegar látið lífið.

Það er löngu tímabært að Ísland sýni í verki að það er sjálfu sér samkvæmt, herlaust og andvígt hernaðarofbeldi. Í stað þess að vera föst í viðjum kalda stríðsins er lag að hugsa upp á nýtt og tryggja að Ísland sé ekki og verði ekki enn og aftur aðili að hörmulegum þjáningum óbreyttra borgara í fjarlægum löndum.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

AF NETINU

### Tekið forskot á sæluna

Gott er, að þeir, sem hafa efni á tólf milljóna króna jeppa, geti fengið sér rafdrifinn jeppa á sama verði. [...]

Fyrsta skrefið frá benzíni og olíu er samkeppnishæft verð nýrra bíla. Annað skrefið er svo, að hægt sé að aka nýju bílunum, en svo er ekki. Hleðslan dugir í 200 kílómetra, hálfa leið til Akureyrar. Þá þarf að bíða tvo tíma meðan bíllinn hleðst. Svo er áfylling engin utan Reykjavíkur. Jepparnir nýtast bara í innanbæjarakstri. Gera þarf áætlun um hleðslustöðvar og koma þeim upp víða um land, áður en hægt er að tala í alvöru um rafbíla.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

# Opnum Laugaveg

Í DAG



Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur

Um miðbik næsta mánaðar stendur til að opna hluta Laugavegar að fullu fyrir gangandi umferð. Það er góð hugmynd. Á sumrin er Laugavegur gjarnan fullur af fólki. Þeir fjölmörgu fermetrar sem einn bíll á ferð tekur nýtast betur undir gangandi og hjólandi vegfarendur. Þeir fjölmörgu fermetrar sem eitt bílastæði tekur nýtast betur undir borð full af veitingum og stóla fulla af mannarössum.

Austurstræti var göngugata í um á hálfan annan áratug. Umferð var hleypt aftur á fyrir um tuttugu árum í von um að glæða verslunarrekstur í götunni. Það hljómaði þannig séð alveg skynsamlega en það virkaði ekki. Þegar ég var pjakkur voru tónlistarbúð, apótek, sjoppa og fjölmargt annað í strætinu. Smám saman hurfu búðirnar og en krárnar héldu þó velli. Síðan brann nú slatti af þessu.

Það má draga lærdóm af þeirri tilraun að leggja Austurstræti undir bílaumferð. Hann er sá að það samasemmerki sem stundum sett er milli bílastæðanándar og blómlegs miðborgarlífs er falskt. Mannlíf verður til vegna mannfólks en ekki vegna bíla. Fólk kemur vissulega gjarnan á bílum til að taka þátt í mannlífi. En það þarf enginn beinlínis að keyra inn í kaffihúsið eða leikhússalinn. Þá er hætta á menn keyri mannlífið niður í leiðinni.

Stundum hafa menn vísað til þess að góð nánd við umferðaræðar og bílastæði sé nauðsynleg til að miðbærinn geti keppt við verslunarmiðstöðvar á borð við Kringluna og Smáralind. Það er gott að íhuga þann samanburð. Verslunarmiðstöðvarnar tvær eru sérhannaðar fyrir verslunarrekstur. Þar skilja menn bílinn eftir fyrir utan og fara inn í yfirbyggðar göngugötur, þar sem menn geta labbað rólega með innkaupapoka eða -kerru, óhræddir um að einhver jeppakjáni keyri niður börnin þeirra. Ef það væri góð hugmynd að setja veg í gegnum Smáralindina þá hefði það verið gert.

Ef hugsa á miðbæinn sem verslunarmiðstöð þá mætti auðvitað hugsa sér svipað fyrirkomulag og er við lýði í Kringlunni og Smáralind: Menn skilji eftir bílinn í yfirbyggðum bílastæðageymslum í nokkurra mínútna fjarlægð og gangi síðan um verslunarrýmið án áreitis frá bílaumferð.

Það er nefnilega ekkert sérstakt að leita að bílastæði í korter og þurfa síðan stanslaust að passa sig á fólki sem er að gera nákvæmlega það sama. Eða á fólki sem finnst bara gaman að keyra í gegnum verslunarmiðstöðina, án þess að kaupa neitt, líkt og gildir um langflesta akandi vegfarendur á Laugaveginum.

Stundum er veðurfarið tínt til sem rök fyrir því að Ísland henti illa til göngugatna eða bílleysis almennt. Sama umræða átti sér stað í Kaupmannahöfn þegar Strikið var gert að göngugötu. Danir segja sjálfir að þeir hafi aðeins tvær árstíðir: Átta mánaða langan vetur og fjóra mánuði af vondu veðri. Samt dylst fáum að breyting Striksins í göngugötu árið 1962 hafi gefist vel.

Það er auðvitað ekki óskiljanlegt að menn hræðist breytingar. Verslunarmaðurinn þekkir þann kúnna sem hann hefur og vill halda í hann, frekar en að treysta á einhvern annan kúnna sem kannski kemur seinna. Það er skiljanlegt að menn óttist um að afkoma þeirra kunni að skerðast. En sé horft til reynslu annarra landa er engu að síður full ástæða til að ætla að verði rétt að málum staðið þá sé hægt að stórauka verslun á Laugaveginum með því að opna hann að fullu fyrir gangandi vegfarendum en koma bílunum fyrir annars staðar.

Til lengdar þá færi best á því að allur Laugavegurinn frá Hlemmi niður að Skólavörðustíg, sem og Bankastrætið yrði gert að svæði fyrir gangandi vegfarendur. Í þarnæstu atrennu mætti svo taka hluta Skólavörðustígs og Klapparstígs. En til að byrja með er sú leið borgaryfirvalda að opna hluta Austurstrætis varanlega fyrir umferð gangandi vegfarenda allt árið um kring og bæta við nokkrum öðrum götum yfir sumartímann skynsamleg.

Það eina sem þarf er að koma sem fyrst fyrir bjórtjöldum og sölubásum á þeim auðu bílastæðum sem til verða á götum á borð við Austurstræti. Annars munu sumir labbakútar halda áfram að bakka í þessi stæði úr nálægum götum, mér og öðrum unnendum borgarlífs til ama.

# Dagur barnsins

Uppeldi



Eðvald Einar Stefánsson
sérfræðingur hjá umboðsmanni barna

Fyrir mig sem foreldri er fátt jafn dýrmætt og samverustund með börnunum mínum. Að setjast á gólfið í barnaherberginu og skapa meistaraverk úr legókubbum getur fullkomnað daginn fyrir mig sem foreldri og ekki síst fyrir börnin mín. Sú samverustund er ekki bara dýrmæt fyrir mig heldur er hún gull í augum barnanna.

Við megum aldrei gleyma að það erum ekki við foreldrarnir sem eigum börnin heldur eru það börnin sem eiga okkur foreldrana að. Við erum þau fyrstu sem þau kynnast og þau fyrstu sem þau læra af. Þau treysta því að við berum hag þeirra fyrir brjósti og það er okkar að halda í það traust og veita þeim alla þá athygli og umhyggju sem við mögulega getum.

Síðasti sunnudagurinn í maí er dagur barnsins að því undanskildu að hvítasunnudagur lendi ekki á sama degi. Í ár er dagur barnsins nú á sunnudaginn kemur. Í hinum fullkomna heimi væru að sjálfsögðu allir dagar „dagur barnsins“ en við vitum vel að svo er ekki. Skyldur okkar eru margar og þær fara ekki alltaf vel saman við hugmyndir okkar um að eiga góða samveru með börnunum.

Á degi barnsins ættum við að prófa að leggja allar skyldur okkar til hliðar ef við mögulega getum og láta börnin njóta þess að eiga samveru með þeim sem standa þeim næst. Það þarf ekki að kosta neitt að eiga ánægjulega stund með barninu sínu heldur er megin tilgangur dagsins að setja barnið í öndvegi.

Börn geta einnig haft ákveðnar hugmyndir um það hvernig þau vilja eyða deginum með foreldrum sínum eða þeim sem standa þeim næst. Hlustum á þær raddir og leyfum börnunum að hafa áhrif. Ef þau vilja vakna snemma og horfa á teiknimyndir með foreldrunum þá vöknum við snemma og horfum á teiknimyndir saman, ef þau vilja fara út í hjóla- eða göngutúr þá gerum við akkúrat það. Dagurinn er þeirra, njótum hans saman og gerum það sem börnunum finnst mest gaman.


EGF HÚÐDROPAR



„Ég er alveg í skýjunum með þessa dropa ... get loksins farið að nota farða, hef ekki getað það í einhver ár.“
Aðalheiður Guðbrandsdóttir á Facebook

www.sifcosmetics.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 111440



Sérframleiðum bursta eftir þínum þörfum.

BURSTAGERÐIN ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is

Komið og prófið nýja matseðilinn okkar

Þú átt skilið framandi & spennandi

INDVERSKA VEISLU

frá Austurlanda-hraðlestinni



TILBOÐ 1
1695 kr. á mann
(fyrir 2 eða fleiri)
Tandoori kjúklingavængir
Murgh Afghani-kjúklingur
Basmati-hrísgrjón
Naan-brauð

TILBOÐ 2
1895 kr. á mann
(fyrir 2 eða fleiri)
Lauk Pakodas – Léttkryddaðir laukstrimlar
Kjúklingur Tikka Masala
Aloo Zeera –guðdómlegur kartöfluréttur
Basmati-hrísgrjón
Naan-brauð

TILBOÐ 3
2095 kr. á mann
(fyrir 2 eða fleiri)
Kholi Wade kjúklingabuff
Lamb Tikka Masala
Murgh Mangalori - himneskar kjúklingabringur
Aloo Zeera- kartöflur
Basmati-hrísgrjón
Naan-brauð

Pöntunarsími:
578 3838
www.hradlestin.is

Austurlanda Hraðlestin

HVERFISGATA 64A, OPIÐ 17 - 22. SPÖNGIN OPIÐ 17 - 21. HLÍÐARSMÁRA 8, OPIÐ 11:30 - 22 MÁN-FÖS OG 17 - 22 LAU OG SUN.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



72 **KARL STEINAR GUÐNASON,** fyrrverandi forstjóri, er 72 ára í dag.
*„Það hefur mjög skort á vitræna umræðu um almannatryggingar.“*



*Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi*

**Óskar Ingibersson**
skipstjóri og útgerðarmaður
Kirkjuvegi 11, 230 Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 26. maí. Útför hans fer fram frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 1. júní kl. 14.00.

Kristín Óskarsdóttir — Mark McGuinness
Karl Óskar Óskarsson — Valborg Bjarnadóttir
Jóhanna Elín Óskarsdóttir
Ingiber Óskarsson — Natalya Gryshanina
Ásdís María Óskarsdóttir — Þorgrímur St. Árnason
Hafþór Óskarsson — Heiða Gunnarsdóttir
Albert Óskarsson — Ragnheiður G. Ragnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Guðrún Pétursdóttir**
Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést þann 20. maí síðastliðinn. Útför hennar verður gerð frá Fossvogskirkju föstudaginn 3. júní klukkan 13.

Jón Guðnason — Kolbrún Hámundardóttir
Ásdís Guðnadóttir
Guðný Sigrún Guðnadóttir
Guðrún Petra Guðnadóttir — Þorsteinn Arthursson
Guðni Guðnason — Rósa Sólrún Jónsdóttir
ömmu- og langömmubörn.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristján Kristjánsson**
lögregluvarðstjóri
frá Höfða, Njarðvík,

lést af slysförum 21. maí síðastliðinn.

Þóra Ágústa Harðardóttir
Reynir Kristjánsson
Baldvin Kristjánsson
Hrafnhildur Kristjánsdóttir
tengdabörn, barnabörn, barnabarnabarn, vinir og vandamenn.



*Kærar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, sonar míns, föður okkar, tengdaföður, bróður og afa,*

**Ragnars J. Ragnarssonar**

Sérstakar þakkir færum við sr. Gunnlaugi Garðarssyni fyrir ómetanlegan stuðning, Ólafi Nilssyni fyrir einstaka velvild, Sigurði Björnssyni krabbameinslækni fyrir alúð og hvatningu, Karitas, hjúkrunar- og ráðgjafaþjónustu fyrir að vera ávallt til staðar og krabbameinslækningadeild Landspítalans fyrir góða umönnun.

Steinunn Magnúsdóttir
Stasía Jóhannesson
Ragnhildur Ragnarsdóttir
Birgir Ragnarsson — Hlíf Þorgeirsdóttir
Eyþór Ragnarsson — Torfhildur Sigurðardóttir
Dennis D. Jóhannesson — Hjördís Sigurgísladóttir
Linda Ragnarsd. Jóhannesson
Jónbjörn, Ragnar, Þórey, Irja, Rakel, Daníel Snær og Dagur Steinn.



## 80 ára afmæli

**Jóhanna Maggý Jóhannesdóttir**
Dista,
verður 80 ára á morgun 28. maí.
Að því tilefni verður hún og eiginmaður hennar, Arnþór Ingólfsson, með opið hús að Gullsmára 9, sal eldri borgara, frá kl. 12.00 - 15.00 fyrir ættingja og vini.
Vonast þau til að sjá sem flesta.



## 90 ára afmæli

**Kristín Þórðardóttir**
frá Árbakka í Tunguhreppi heldur upp á 90 ára afmælið sitt og tekur á móti ættingjum og vinum laugardaginn 28. maí milli kl. 14.00 og 16.00 á Dvalarheimilinu Eir, Hlíðarhúsum 7.



## 90 ára afmæli

**Ásta Jenný Guðlaugsdóttir**
er níræð í dag.

Hún tekur á móti gestum í Háborg, samkomusal Samhjálpar, Stangarhyl 3a, 110 Reykjavík, laugardaginn 28. maí n.k., milli kl. 16 og 18. Ættingjar, vinir, vandamenn og aðrir samferðamenn eru hjartanlega velkomnir.



*Sendum innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför*

**Benedikts Benediktssonar**
kennara frá Stóra-Múla.

F.h. vina og annarra vandamanna

systkini hins látna,
Kristján Benediktsson
Anna María Benediktsdóttir
Ingiberg Benediktsson.



*Okkar ástkæra*

**Soffía S.Ó. Axelsdóttir (Didda)**
fyrrverandi bankamaður,

lést á Hjartadeild Landspítalans 17. maí síðastliðinn. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 27. maí klukkan 13.00.

Pétur Axel Pétursson — Þuríður Elísabet Pétursdóttir
Pétur Jökull Pétursson — Guðmundur Ketill Guðfinnsson
Stefán Björn Pétursson — Védís Guðjónsdóttir
María Pétursdóttir — Auður Alfífa Ketilsdóttir
Ásta Soffía Pétursdóttir
og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



**KREFJANDI OG SKEMMTILEGT STARF** Guðlaugur Birgisson, sjúkraþjálfari Offituteymisins á Reykjalundi, vonast til að sjá sem flesta skjólstæðinga teymisins frá upphafi í afmælisfagnaði á Reykjalundi á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

OFFITUTEYMIÐ Á REYKJALUNDI: FAGNAR 10 ÁRA STARFSAFMÆLI Á MORGUN

# Engar rjómatertur í boðinu

Haldið verður upp á tíu ára afmæli Offituteymisins á Reykjalundi á morgun. Dagskráin fer fram í samkomusalnum á Reykjalundi milli klukkan 13 og 15 og lofar Guðlaugur Birgisson, sjúkraþjálfari teymisins, góðri skemmtun.

„Við erum lífsglatt fólk og viljum hafa létt yfir mannskapnum. Það verður slegið á létta strengi, sungið og boðið upp á uppistand. Þetta verður reglulega afmælisveisla nema hvað veitingarnar verða í hollari kantinum, það verða engar rjómatertur,“ segir hann hlæjandi. „Við ætlum að bjóða samstarfsfólki okkar og öllum þeim skjólstæðingum sem hafa verið hjá okkur gegnum árin að gleðjast með okkur,“ bætir hann við en eftir tíu ára feril eru nokkur hundruð manns í hópnum.

Guðlaugur segir offituvandamál hafa aukist og tekið verulegan kipp síðustu tvo áratugi. Fyrstu árin sem teymið starfaði voru 25 til 30 manns á ári í meðferð en síðustu ár hafa skjólstæðingar verið í kringum 100 á ári. Meðferðin tekur allt að þrjú ár. Fyrst fer viðkomandi á göngudeild þar sem gerð er krafa um að hann léttist um 5-7% af líkamsþunga. Göngudeildartíminn getur varað frá þremur og upp í níu mánuði. Eftir það tekur við frekari stuðningur.

„Meðferðin er langt frá allri kúra- eða átakshugsun,“ útskýrir Guðlaugur. „Þarna er verið að breyta um lífsstíl bæði hvað snertir mataræði og hreyfingu og tekið á málinu frá mörgum hliðum. Teymið skipa sjúkraþjálfari, heilsuþjálfi, sálfræðingur, félagsráðgjafi, læknir, tveir hjúkrunarfræðingar, iðjuþjálfi, ritari og næringarfræðingur, en í þessu felst styrkleiki meðferðarinnar. Einstaklingar sem eru í meðferð hjá okkur eru þeir sem eru hvað verst settir. Fólk sem hefur líkamsþyngdarstuðul (BMI-stuðul) hærri en 35.“

Guðlaugur segir langtímameðferð með þessu sniði ekki standa víða til boða á Íslandi. Þörfin sé hins vegar brýn og biðlistinn langur.

„Biðin eftir fyrsta viðtali á göngudeild getur tekið allt að 15 mánuði. Það eru 300 manns á biðlista í dag og þannig hefur það verið síðustu ár. Eftirspurnin er gríðarleg. Árið 2007 sýndi könnun sem gerð var á vegum Lýðheilsustöðvar að yfir 50% kvenna á Íslandi eru yfir kjörþyngd og milli 60 og 70% karla.“

Guðlaugur segir þó starf Offituteymisins bæði gefandi og skemmtilegt. Árangurinn sjáist fljótt.

„Það er ekki auðvelt að breyta áratugagömlum lífsstíl, og getur tekið tíma. En þegar við sjáum hvernig einstaklingur hefur í raun öðlast nýtt líf eftir meðferðina, gerir það starfið skemmtilegt. Við vonumst til að sem flestir sjái sér fært að koma á morgun og gleðjast með okkur á þessum tímamótum.“

heida@frettabladid.is



*Sonur okkar og bróðir,*

**Gísli Birgir Guðsteinsson**

fæddur 16. desember 1987, er látinn.
Bálför hans hefur farið fram.

Erla Björk Ólafsdóttir
Guðsteinn Einarsson
Einar Guðsteinsson



**Hafnarfjarðarkirkja** stendur fyrir helgigöngu á Helgafell á sunnudag. Göngumenn koma saman við Kaldársel klukkan 11. Eftir stutta helgistund verður gengið að fjallsrótunum, þar sem lesið verður úr fjallræðu Jesú. Þá verður stoppað á stöku stað á leiðinni upp og meðal annars gáð til fjalla. Eldfjöllin á Reykjanesinu verða sérstaklega tekin fyrir.








**Gústav Axel Gunnlaugsson og Lárus Gunnar Jónasson opnuðu nýlega Sjávargrillið á Skólavörðustíg 14.**

# Grillum sem flest



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Grillið er okkar sérkenni," segir Gústav Axel Gunnlaugsson, sem opnaði veitingastaðinn Sjávargrillið á Skólavörðustíg 15. apríl síðastliðinn, í samvinnu við Lárus Gunnar Jónasson.

Ferskt sjávarfang er það sem helst ratar á grillið hjá þeim félögum. „Við viljum grilla sem flest, fisk, kjöt, humar og svartfugl," segir Gústav, sem leggur mikla áherslu á að nota íslenskt hráefni. „Enda eigum við Íslendingar besta fisk í heimi," segir hann og bætir við að Sjávargrillinu hafi verið afar vel tekið þær vikur sem það hafi starfað.

Gústav, sem er 24 ára, var valinn matreiðslumaður ársins í fyrra og hefur þrátt fyrir ungan aldur mikla reynslu í eldhúsi fínna veitingastaða. „Ég lærði á Sjávarkjallaranum, á Texture í London og var síðan á Silfri þar til Fiskfélagið var opnað og ég varð yfirkokkur þar," lýsir Gústav. Hann mun að rúmri viku liðinni taka þátt í matreiðslukeppni Norðurlanda sem haldin verður í Bergen.

Hann gefur lesendum Fréttablaðsins hér einfalda uppskrift að forrétti með humri og þorski. „Þetta er góð blanda ef rétt er að farið og auk þess auðvelt að nálgast hráefnin." *solveig@frettabladid.is*

## STEIKTUR ÞORSKUR OG GRILLAÐUR HUMAR

með blómkáli og sumarsalati **FYRIR FJÓRA**

1 þorskflak (400 g)
100 g smjör
salt og sítrónusafi

*Skerið þorskinn í 4 fallega bita. Steikið þorskinn á annarri hliðinni í 3 mín. Setjið þá smjörið út á ásamt sítrónusafa, saltið eftir smekk.*

8 humarhalar
1 hvítlauksgeiri
100 ml olía

*Maukið olíu og hvítlauk. Grillið humarinn á bakinu í ca. 2-3 mín. Setið hann á bakka og penslið með hvítlauksolíu. Saltið og piprið eftir smekk.*

**Blómkálsmauk**
½ blómkálshaus
1 lítri mjólk
edik

*Mauksjóðið blómkálið í mjólkinni, setjið í blandara ásamt smá af mjólkinni og maukið. Smakkið til með ediki og salti.*



**Jurtaolía**
Tíndar íslenskar kryddjurtir. Til dæmis spánarkerfill eða graslaukur.
200 g jurtir
200 g olía
salt og edik

*Maukið í matreiðsluvél og látið vélina hitna svo græni liturinn komi betur fram. Smakkið til með salti og ediki.*

*Grænmeti*
1 stk. sellerí
1 stk. fennika
jurtir

*Skerið fínt í strimla, látið liggja í jökulköldu vatni í ca. 15 mín. Sigtið vatnið frá. Hellið olíu (sítrónuolíu) yfir og saltið.*






**Ítölsk menningarhátíð** verður haldin í Salnum í Kópavogi á sunnudag í tilefni þess að 150 ár eru liðin frá sameiningu Ítalíu í eitt ríki. Um er að ræða hönnunar- og listasýningu á vegum Ítalska félagsins á Íslandi og munu bæði íslenskir og ítalskir hönnuðir og listamenn taka þátt. Húsið verður opnað klukkan 19.30.










Hvað á að gera um helgina? Hér er listi yfir algenga helgarafþreyingu fjölskyldna á heimsvísu: 1. Ferð í dýragarðinn 2. Ferð á safn 3. Ferð á íþróttaleik 4. Leikhúsferð 5. Bíóferð 6. Ferð í skemmtigarð 7. Útilega 8. Dagsdvöl í almenningsgarði 9. Hjólatúr 10. Keila.



**Heimild:life.familyeducation.com**



Umsjónarmenn verkefnisins Innra eyrað eru þrír dagskrárgerðarmenn af Rás 1, þau Þorgerður E. Sigurðardóttir, Guðni Tómasson og Elísabet Indra Ragnarsdóttir.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hljóðgöngur um höfnina

**Á morgun og á sunnudaginn verður boðið upp á hljóðgöngur um höfnina í Reykjavík. Göngurnar eru hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík og hefjast þær klukkan 14 og 16 báða dagana. Slíkar göngur hafa ekki fyrr verið farnar hér á landi.**

„Þetta virkar bara þannig að fólk fær hljóðverk í eyrun, sem það hlustar á á göngu um höfnina,“ segir Þorgerður E. Sigurðardóttir, sem er umsjónarmaður verkefnisins Innra eyrað ásamt þeim Elísabetu Indru Ragnarsdóttur og Guðna Tómassyni. Um er að ræða svokallaða hljóðgöngu sem lýst er svo í tilkynningu: „Eyrað er dularfullur heimur, í því geta kviknað magnaðar myndir. Í flóknu gangverki innra eyrans lifnar hljóðskynjun okkar og þar höldum við líka jafnvægi í veröld sem vill kasta okkur til og frá.“ Þorgerður verst allra frétta af því um hvað málið snúist nákvæmlega, segir að því muni fólk komast að ef það mæti í gönguna.

Öll eru þau Þorgerður, Elísabet og Guðni dagskrárgerðarmenn á Rás 1 hjá RÚV og því liggur beint við að spyrja hvort um sé að ræða einhvers konar prívat útvarpsþátt. „Ja, það má segja að þetta sé nokkurs konar útvarpsþáttur,“ segir Þorgerður. „Það eru þarna ákveðin element sem fólk tengir við útvarpsþætti, en þetta er mun tilraunakenndara en það sem við almennt heyrum í útvarpi, enda miðast gangan við það að þetta sé öðruvísi upplifun. Annars viljum við sem allra minnst segja um verkefnið, það er nauðsynlegt að það komi á óvart.“

Þátttakendur, tuttugu í hverjum hópi, ganga með heyrnartól um höfnina og fá að týnast í sínu innra eyra í 30 mínútur. Er höfnin þá hluti af upplifuninni? „Verkefnið tengist höfninni ekki með eiginlegum hætti,“ segir Þorgerður. „En það er ekki tilviljun að við völdum höfnina sem vettvang fyrir gönguna. Ástæðan fyrir því að við völdum hana er reyndar eitt af því sem við viljum tala sem minnst um.“

Þorgerður segist ekki vita til þess að slík ganga hafi fyrr verið farin hér á landi, en slíkar göngur hafi verið haldnar erlendis og hún hafi reyndar sjálf fengið hugmyndina sem þátttakandi í hljóðgöngu í Stokkhólmi fyrir nokkrum árum. Hún verst allra frétta af því hvort gönguleiðin sé fyrirfram ákveðin, segir það eitt af því sem nauðsynlegt sé að komi á óvart.

Lagt verður upp frá Listasafni Íslands í Hafnarhúsinu báða dagana klukkan 14 og 16 og þar verða umsjónarmennirnir til staðar og leiðbeina fólki um það hvernig gangan fer fram, en hún er eins og áður sagði hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík.

*fridrikab@frettabladid.is*

## Fimmtíu ára mannréttindabaráttu fagnað



Amnesty International fagnar 50 ára baráttu fyrir mannréttindum á morgun með mannréttindagöngu niður Laugaveginn og afmælisdagskrá á Hótel Borg. Gangan hefst við Kjörgarð klukkan þrjú og hefur Reykjavíkurborg samþykkt að nefna Laugaveginn upp á nýtt í tilefni dagsins og mun hann heita Mannréttindavegur þennan eina dag.

Lúðrasveitin Svanur leiðir gönguna sem endar við Hótel Borg þar sem fjöldi listamanna kemur fram og skemmtir gestum. Má þar nefna Jón Sigurðsson, Sigríði Thorlacius, Gissur Pál Gissurarson og fleiri. Þá munu leikararnir Jóhann Sigurðarson, Pétur Jóhann Sigfússon, Gísli Örn Garðarsson og Sigurður Sigurjónsson flytja verkið Vindur, Hold og andi eftir Kjartan Árnason.

Upphaf Amnesty má rekja til þess þegar breski lögfræðingurinn Peter Benenson birti grein í breska dagblaðinu The Observer 28. maí árið 1961. Greinina nefndi hann „Gleymdu fangarnir“ en þar hvatti hann lesendur til að taka þátt í herferð til að fá lausa þúsundir fanga sem sátu gleymdir og yfirgefnir í fangelsum um allan heim á grundvelli friðsamlegrar tjáningar stjórnmála- og trúarskoðana. Herferðin átti aðeins að standa í ár en stendur enn.

Nú, fimmtíu árum síðar, hefur miklu verið komið til leiðar. Tugir þúsunda hafa verið leystir úr haldi, alþjóðlegir mannréttindasamningar hafa orðið til og margir stórir áfangar náðst. Nú stendur til að fagna því sem hefur áunnist og taka höndum saman um að halda baráttunni áfram.



# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 27. maí 2011



## Inga á Nasa

### Konan sem rak strippstað

- 24 tímar í búlimíu
- Tíska
- Yfirheyrslan


PHILIPS
LOFTHREINSITÆKI
á frábæru verði

Philips AC4055
Vandað lofthreinsitæki með sjálfhreinsibúnaði og síum sem endast allt að 5 ár. Hreinsar ryk, lykt og bakteríur úr loftinu.

THE BRITISH ALLERGY FOUNDATION SEAL OF APPROVAL

Meðmæli British Allergy Foundation!

TILBOÐ
14.995
FULLT VERÐ 19.995

HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

Heimilistæki
ht.is

# núna

✻ Njótið lífsins



**BLEIKAR VARIR** Í sumar verður útlitið bleikt og verður allt vaðandi út í fallegum bleikum tónum, bæði í fatnaði og snyrtivörum. Þessi fallegi bleiki varalitur frá Estée Lauder mun sóma sér vel í snyrtibuddum allra kvenna í sumar.



**VIDEO** Heimildarmyndin VIDEO verður sýnd daglega í Hörpunni í allt sumar.

VIDEO sýnd daglega í allt sumar:

## Harpan sýnir VIDEO

Heimildarmyndin VIDEO, í leikstjórn Árna Sveinssonar, verður sýnd daglega í Hörpunni í allt sumar.

Myndin er 45 mínútur að lengd og fjallar um gerð tónlistarmyndbanda íslenskra hljómsveita. Í myndinni er meðal annars rætt við FM Belfast, Retro Stefson og Berndsen og tónlistarfólkið spurt út í myndbönd sín og hvort þau hafi aðstoðað við að koma sveitunum á framfæri. Myndin er sýnd daglega kl 18. **- sm**





SOHO MARKET

SOHO/MARKET Á FACEBOOK

Grensásvegur 16, sími 553 7300
Opið mán–fös 12–18 og laugd 12–17


Alma Geirdal gefur út ljósmyndabókina 24 tímar í búlimíu:

# MYNDAÐI UPPKÖST

Alma Geirdal, nemandi í Ljósmyndaskólanum, hefur gefið út bókina 24 tímar í búlimíu sem inniheldur sjálfsmyndir af henni þar sem hún glímir við átröskunarsjúkdóminn.

Myndirnar sýna dag úr lífi Ölmu þar sem hún tekst á við sjúkdóminn, en hún hefur glímt við lystarstol og lotugræðgi í níu ár. Myndirnar eru fallegar og óhugglegar í senn og vekja áhorfandann til umhugsunar um þann raunveruleika sem átröskunarsjúklingar þurfa að takast á við. „Ég er búin að glíma við þennan sjúkdóm í níu ár og hef sætt mig við að hann mun aldrei hverfa. Ólíkt öðrum fíklum þurfum við að takast á við okkar fíkn daglega því maður verður að borða til að lifa af. Bókin er langþráður draumur að rætast því mig hefur lengi langað að setja sjúkdóminn í listrænt form og reyna þannig að ná til fólks. Ég var virk í sjúkdómnum þegar myndirnar voru teknar og ég ákvað einn daginn að láta verða af þessu og myndaði allt ferlið, allt frá því að ég vakna, átkastið sjálft og svo uppköstin á eftir,“ útskýrir Alma, sem er greind með alvarlegt lystarstol og tilhneigingar til lotugræðgi.

Sumar myndirnar í bókinni draga ekki upp fagra mynd af Ölmu þar sem hún grúfir sig ofan í klósetskálina en Alma segir bókina samt hjartnæma. „Bókin er þrátt fyrir þetta mjög falleg og hjartnæm. Mér fannst þetta mjög hreinsandi ferli bæði sem sjúklingur og listamaður og ég vona bara að hún nái að hreyfa við fólki,“ segir Alma, sem er þegar farin að huga að næsta ljósmyndaverkefni sínu. „Mig langar að halda áfram að vekja athygli almennings á minnihlutahópum sem hingað til hafa ekki fengið næga athygli.“

24 tímar í búlimíu kemur út í dag og verður bókin meðal annars fáanleg í Iðu og bókabúðum Máls og menningar. **- sm**



**Opinberar sig** Alma Geirdal hefur gefið út bókina 24 tímar í búlimíu þar sem hún myndar dag í lífi sínu sem lotugræðgissjúkling. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



## Sýningin Kona opnuð

**Sýningin KONA verður opnuð í Listasafni Íslands í dag en þar verða til sýnis 28 verk eftir listakonuna Louise Bourgeois. Hún var meðal fremstu listamanna ofanverðrar 20. aldar en mátti bíða alþjóðafrægðar til ársins 1982, þegar henni bauðst yfirlitssýning í MoMA, fyrstri kvenna. Sýningin stendur yfir til 11. september.**


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



HÓTEL OG MATVÆLA SKÓLINN

MATSVEINA- OG MATARTÆKNANÁM

Hvað er í matinn?

Matsveina- og matartæknanám fyrir þá sem starfa eða vilja starfa í mötuneytum vinnustaða og á fiski- og flutningaskipum, í eldhúsum heilbrigðisstofnana, leikskólum og skólum.

INNRITUN STENDUR TIL 31. MAÍ.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



WWW.MK.IS

Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

# Hvernig virka EasyTone skórnir sem allir eru að tala um?

**Árið 2008 kom Reebok með skó á markað sem heita EasyTone. Skórnir urðu strax mjög vinsælir en sérstakur skósólinn er hannaður til að styrkja rass og læri meira heldur en ef gengið væri í venjulegum skóm.**



Eva Mendes

Mendes segir að kostir EasyTone skónna séu hversu penir og nettir þeir eru, líkt og venjulegir strigaskór. Hún bætir jafnframt við: … „Í mínu fagi er mikilvægt að vera í góðu líkamlegu formi og EasyTone er litla leyndarmálið mitt!"




Reebok
EASYTONE

## Hvað segja íslenskar konur um Reebok EasyTone?

Ég fékk EasyTone skó í afmælisgjöf en var óviss um hversu mikið ég gæti notað þá vegna þrálátra bak og stoðkerfisvandamála. Ég er búin að vera hjá kiropraktor í 1 ár en þegar ég byrjaði hjá honum voru mjaðmirnar á mér alveg fastar en með hans hjálp eru þær farnar að liðkast aðeins. Ég ráðfærði mig við kiropraktorinn minn um skóna og hann gaf grænt ljós en bara byrja stutt í einu. Daginn eftir er löng ferð þar sem ég vissi að ég þyrfti að standa mikið og ganga. Ég ákvað að hefja daginn í EasyTone skónum og ætlaði að taka aðra með til skiptanna. Það fór þannig að hinir skórnir urðu óvart eftir heima og ég var í EasyTone í 12klst. Ég fann ekki fyrir verkjum í baki eða mjöðmum sem í svona kringumstæðum hafa einfaldlega hamlað því að ég njóti til fulls því sem fram fer, en þarna var ég verkjalaus allan daginn. Lagðist í rúmið þakklát og alsæl með EasyTone skóna og ætla sannalega að fá mér nokkur pör. Helst líka háahælaða EasyTone.

*Erna Eir 56 ára*

## Skórnir eru tær snilld.

Ég er búin að ganga í EasyTone skónum í nokkurn tíma. Það sem kom mér mest á óvart var að ég fékk harðsperrur fyrst þegar ég fór í þeim í klukkustundar langa Stafgöngu og tel ég mig vera í mjög góðri þjálfun.
Ég þurfti ekki frekari sannana við. Skórnir svínvirka. Ég er meðvituð um líkamsstöðu mína þegar ég er í skónum, jafnvægið eykst og stærstu vöðvar líkamans (læri og rass) styrkjast. Ég mæli hiklaust með EasyTone skónum hvort heldur sem í Stafgöngu eða venjulega göngu.

*Guðný Aradóttir Stafgönguleiðbeinandi og einkaþjálfari*

## Rebook EasyTone

skórnir eru þæginlegri en ég hélt en ég þurfti þó smá tíma til að venjast þeim. Ég fann fyrir þreytu í lærvöðvunum og í bakinu til að byrja með en það fór eftir 2-3 daga og í framhaldinu fóru bakverkirnir sem ég hef þjáðst lengi af að minnka töluvert. Skórnir eru stífir og halda vel við fæturna en jafnframt er ótrúlega mjúkt að ganga á þeim og það loftar virkilega vel um fæturna en það kemur ekki fyrir að ég svitni í þeim. Í starfi mínu sem yngri barna kennari og sem móðir tveggja lítilla stelpna er ég á hlaupum allan daginn en ég finn ekki fyrir þreytu í fótunum lengur. Ég er í skónum allan daginn í vinnunni, í göngutúrunum mínum og í rauninni fer ég ekki úr þeim heima fyrir fyrr en eftir að heimilistörfum líkur á kvöldin því að ég verð mun þreyttari í fótunum með því að ganga um á sokkalistunum einum saman. Ég er því ótrúlega ánægð með Rebook EasyTone skóna mína og mæli hiklaust með þeim fyrir alla þá sem eru mikið á fótunum!

*Aðalheiður Lilja grunnskólakennari*

# SVAKALEG **STJÖRNUSLEIKJA**

*Inga Örlygsdóttir,* **oftast kennd við skemmtistaðinn NASA, fer sínar eigin leiðir í lífinu. Hún elskar starf sitt og segist ekki geta hugsað sér starf með hefðbundnari vinnutíma.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Stefán Karlsson



**Skemmtanadrottning** Inga hefur rekið skemmtistaðinn NASA í tíu ár og er hvergi nærri hætt. Með henni á myndinni er hundurinn Bono.

Inga er fædd og uppalin í Reykjavík og bjó lengst af í Vesturbæ Reykjavíkur, ef frá eru talin þrjú ár á Blönduósi. Sautján ára gömul flutti hún til Englands þar sem hún lagði stund á enskunám við Cambridge-háskóla í tvö ár. „Ég var alls ekki haldin sérstakri útþrá á þessum aldri, en langaði samt að prófa að búa annars staðar en á Íslandi. Cambridge er háskólaborg og námsmennirnir koma víða að og ég kynntist þar fullt af ólíku fólki og meðal annars fyrrum eiginmanni mínum sem var ítalskur,“ segir Inga.

Að námi loknu flutti hún með manni sínum til Ítalíu og settist að í bænum Cento í norðurhluta landsins. Þar bjó Inga í ein átta ár og vann meðal annars við silkiprent og heimaþrif. Hún segir flesta íbúa bæjarins hafa þekkt til „íslensku stelpunnar“ sem hafði flutt í bæinn og að hún hafi aldrei mætt öðru en vinsemd á meðan hún bjó þar. „Ég fylgi kannski ekki jafnöldrum mínum í mörgu en ég er mjög gamaldags þegar kemur að samböndum. Mér finnst til dæmis ekki að karlmaðurinn eigi að taka til eða sinna öðrum heimilisstörfum, nema kannski eldamennskunni. Ætli ég sé því ekki nokkuð ítölsk í mér hvað þetta varðar,“ segir hún.

## RAK NEKTARDANSSTAÐ

Eftir að hafa búið í rúman áratug á Ítalíu flutti Inga heim og starfaði um hríð á leikskóla en tók síðan við rekstri skemmtistaðarins Óðals ásamt þáverandi sambýlismanni sínum. Rekstur staðarins gekk ekki sem skyldi og í kjölfarið ákváðu Inga og sambýlismaður hennar að breyta staðnum í nektardansstað. „Ég ákvað að fara út í þennan rekstur því ég sá peninginn í þessu og ég hef alltaf hugsað mikið um peninga. Í leiðinni kynntist ég öllu sem ég mundi ekki vilja gera í lífinu, en lærði þó ýmislegt gott líka. Mér fannst alltaf að það sem gerðist inni á þessum stað hafi ekki átt neitt skylt við raunveruleikann, þetta var eins og hálfgerður sirkus.

Ég, sem var vön að fara að sofa klukkan átta á kvöldin og vakna klukkan fimm á morgnana, var skyndilega komin í miðja hringiðu næturlífsins og farin að reka nektardansstað. Ég var vonda konan sem réði alla dansarana og ef ég á að vera alveg hreinskilin þá hef ég sjaldan kynnst jafn miklum prímadonnum og þeim. Þær voru flestar frá Skandinavíu eða Kanada og á nokkrum vikum þénuðu þær margföld árslaun venjulegs launafólks,“ rifjar Inga upp.

Í dag ríkir hér á landi bann við nektardansstöðum og er banninu meðal annars ætlað að vinna gegn mansali. Innt eftir því hvort hún hafi upplifað skuggahliðar iðnaðarins svarar Inga því játandi. „Allar atvinnugreinar eiga sínar skuggahliðar.“

## STJÖRNUSLEIKJA

Árið 2001 ákváðu Inga og þáverandi sambýlismaður hennar að selja Óðal og keyptu þess í stað tónleikastaðinn NASA, sem Inga hefur síðan verið kennd við. Hún segir daglegan rekstur staðarins vera baráttu upp á líf og dauða en getur þó ekki ímyndað sér að starfa við nokkuð annað. „Ég elska þetta starf og spennuna í kringum það. Enginn dagur er eins og þér má ekki mistakast of oft því þá er skútan fljót að fara á hliðina, nokkur dræm kvöld í röð og þá ertu komin í mikil vandræði,“ útskýrir hún.

Inga ver ómældum tíma í vinnunni og viðurkennir að hún líti á staðinn sem sitt annað heimili og sjálfa sig sem húsráðanda. „Ég held að ég sé algjörlega ómissandi,“ segir hún og hlær. „Og er því eiginlega alltaf á staðnum til að fylgjast með að hlutirnir gangi vel. Ég er hér á öllum tónleikum og skólaböllum,“ segir Inga sem er óhrædd að grípa til tuskunnar og ganga í þau störf sem þarf að gera. „Ég er kannski svolítið eins og gestgjafi í eigin veislu, ég skemmti mér ekki eins vel og gestirnir heldur passa upp á að allt sé eins og það eigi að vera. Kannski maður hefði verið greindur ofvirkur sem barn, en mér finnst best að vera vel virk. Auðvitað getur þetta verið stressandi og örugglega fáir sem mundu „fúnkera“ í þessu starfi en ég gæti heldur aldrei unnið á skrifstofu, ég mundi segja upp fyrir hádegi.“

Í gegnum starf sitt hefur Inga kynnst mörgum þekktum einstaklingum, bæði erlendum og innlendum, og viðurkennir fúslega að henni þyki alltaf jafn gaman að hitta frægt fólk. „Ég er svakaleg stjörnusleikja, ólíkt öðrum Íslendingum. Þegar Kiefer Sutherland kom hingað á sínum tíma þá pissaði ég næstum í buxurnar af spenningi. Annað atvik sem ég mun aldrei gleyma var þegar Harrison Ford kom aftan að mér, klappaði mér á öxlina og spurði; „How are you, Inga?“. Ég þurfti alveg að fara inn í eldhús eftir það og skvetta köldu vatni á mig,“ segir hún brosandi. „Eins finnst mér alltaf gaman að hitta íslenska listamenn á borð við strákana í Sálinni, Gusgus og Emilíönu Torrini. Mér finnst heiður að fá að kynnast þessu fólki og er mjög uppi með mér að fá að hitta það.“

## KEPPNISMANNESKJA ÚT Í GEGN

NASA fyllir tíu ár núna í nóvember og hefur gengið í gegnum ýmislegt á þeim tíma. Fyrir nokkrum árum stóð til að byggja hótel ofan á NASA. Áformin mættu mikilli andstöðu, þá sérstaklega hjá tónlistarmönnum og -unnendum sem fannst hugmyndin fjarstæðukennd, og var





Inga sjálf lítið hrifin af tillögunni. „Ég var alfarið á móti þessu, enda er húsið sérstaklega fallegt og dýrmætt borgarbúum því það þjónar eiginlega hlutverki félagsheimilis Reykjavíkur,“ segir hún.

Harpan var formlega opnuð fyrr í mánuðinum og því ber næst að spyrja Ingu hvaða augum hún líti tónlistarhúsið nýja. „Ég er svakalega fúl út í Hörpuna,“ segir hún í gamansömum tón. „Þetta hefur aukna samkeppni í för með sér. En það á eftir að koma í ljós hvort tilkoma Hörpunnar muni hafa einhver afgerandi áhrif á rekstur NASA,“ segir Inga sem kveðst vera mikil keppnismanneskja í eðli sínu og hefur ávallt stundað íþróttir af miklu kappi. Á sínum yngri árum æfði hún bæði frjálsar íþróttir og sund en segist hafa hætt í bræði á sundæfingum eftir að hafa lent í öðru sæti í keppni. „Ég á rosalega erfitt með að tapa og er í stöðugri samkeppni við alla í kringum mig,“ segir hún hlæjandi.

## SÁTT VIÐ LÍFIÐ

Þegar Inga er spurð út í framtíðaráform sín kveðst hún sátt við lífið eins og er og gæti vel hugsað sér að sjá um rekstur NASA fram á elliárin. „Um þessar mundir stend ég í því að skipuleggja ýmsar uppákomur á NASA allt fram til ársins 2013. Ætli það sé ekki svona það helsta sem er á döfinni,“ segir hún að lokum brosandi.

## * bak við tjöldin

**Stjörnumerki:**
Meyja.

**Uppáhaldsmatur?**
Humar og Ungfrú Ísland-salatið á Íslenska barnum.



**Uppáhaldsdrykkur?**
Vatn, Burn og Vitamin water.

**Hver er tískufyrirmynd þín?**
Madonna er mín fyrirmynd. En Victoria Beckham er alltaf langflottast klædd.



**Hvaða orð notar þú mest um þessar mundir?**
Því miður er það „fokk it“.

**Hvaða borg er í uppáhaldi hjá þér?**
París, New York, Flórens og Reykjavík City.

**Ógleymanlegasta atvikið?**
Þau eru svo mörg. En í hvert skipti sem vel tekst til og ég lít yfir NASA smekkfullt er það mér ógleymanlegt.

















Hönnunarverslunin Kiosk blómstrar við Laugaveg:

# Blómleg hönnun

Verslunin Kiosk verður ársgömul í sumar og hefur verið einstök viðbót við verslunarflóru Laugavegarins. Að baki Kiosk standa níu hönnuðir sem deila með sér ábyrgð og vöktum.

Arna Sigrún Haraldsdóttir segir rekstur verslunarinnar hafa gengið vonum framar og fer kúnnahópurinn ört stækkandi. Ásamt Örnu Sigrúnu standa Ási of Iceland, EYGLO, Hlín Reykdal, REY, Shadow Creatures, Sævar Markús, Skaparinn og ÝR að baki verslunarinnar. Hvatinn að stofnun Kiosk var sá að hönnuðunum fannst vanta vettvang þar sem þeir gætu selt vörur sínar á því verði og umhverfi sem hentaði þeim. „Hugmyndin er algjörlega frá okkur sjálfum komin og við höfum ekki fengið aðstoð neins staðar frá, hvorki frá Listaháskólanum né Reykjavíkurborg eins og komið hefur fram í fjölmiðlum,“ útskýrir Arna Sigrún.

Hönnuðirnir skipta vöktum á milli sín og að sögn Örnu Sigrúnar hefur hönnuður ákveðið hlutverk og ábyrgð innan hópsins. „Kosturinn við Kiosk er að kostnaði og ábyrgð er deilt á níu manneskjur og þá hefur maður tíma til að sinna hönnuninni líka. Svo er frábært að geta alltaf leitað ráða og ábendinga til hinna. Eini gallinn er að stundum vilja allir fá að ráða öllu,“ segir Arna Sigrún að lokum brosandi. - sm



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Sumarleg** Bleiki liturinn verður vinsæll í sumar, bæði í fatnaði og snyrtivörum.



**Svart á hvítu** Flíkurnar í Kiosk eru fjölbreyttar og fallegar.

# **Þægileg** og glæsileg föt fyrir sumarið

**Hjá Hrafnhildi**
Engjateig 5
S: 581-2141



Kjóll
**Verð: 32.900**

Silki Bolerojakki
**Verð: 18.900**
Litir: bleikur, rauður, svartur og fjólublár.

**Stíll**
Laugavegi 58
S: 551-4884



Silki og bómullarkjóll
**Verð 16.900**

Hálsmen
**8.900**



Litur: Khaki
**Verð 21.900**

**Verslunin Belladonna**
Skeifan 8
S: 517-6460



**Verð: 15.980**
Stærð: 40 – 55
Mörg mynstur.



**Verð: 7.900**
Litir: silfurgrátt og svart.

**Tuzzi**
Kringlunni
S: 568-8777



**Verð: 15.900**



**Verð: 18.900**



Kjóll
**Verð: 8.990**
Mörg mynstur.

Gallajakki
**Verð: 11.990**
Stærðir: 8 – 20



**Verð:**
Stærð: 16 – 26

**Basic plus**
**Mosfellsbæ,** Háholti 13–15.
S: 571-5671
**Selfossi,** Austurvegi 58.
S: 578-8585



**Verð: 9.990**
Stærðir: S – L
Einnig til í svörtu



# YFIRHEYRSLAN

**Anna Kristín Óskarsdóttir**
**förðunarfræðingur og mamma í fæðingarorlofi**



**Háir hælar eða flatbotna skór:** Er sjúk í háa hæla en enda samt alltaf á að kaupa flatbotna skó til að vera praktísk.



**Ómissandi í snyrtibudduna:** Flottur varalitur, ekki spurning.

**Uppáhaldsliturinn:** Í augnablikinu eru það allir brúnir tónar.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Æðislegur hattur fyrir sumarið úr Monki.

**Hvað dreymir þig um að eignast?** Fallega hælaskó frá Chie Mihara.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Go Your Own Way með Fleetwood Mac.

**Uppáhaldshönnuðurinn:** Sonia Rykiel og Henrik Vibskov.

**Uppáhaldsdrykkurinn:** Ískaldur frappuccino.







flugrútan

RÚTAN SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT

Áætlun Flugrútunnar frá BSÍ til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

Gildir frá 27. mars til 29. október 2011.

| Mán. | Þri. | Mið. | Fim. | Fös. | Lau. | Sun. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 |
| 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 |
| 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 |
| 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 |
| 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 | 06:00 |
| 06:30* | 06:30* | 06:30* | 06:30* | 06:30* | 06:30* | 06:30* |
| 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* |
| 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 | |
| 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 |
| 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 |
| 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 |
| 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 |
| 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 |
| 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 |
| 16:00 | 16:00 | 16:00 | 16:00 | 16:00 | 16:00 | |
| 21:00* | 21:00* | 21:00* | 21:00* | 21:00* | 21:00* | 21:00* |
| 22:00* | 22:00* | 22:00* | 22:00* | 22:00* | 22:00* | 22:00* |
| 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 |

*26. maí - 4. september.

Áætlunarferðir Flugrútunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll

Bókaðu á www.flugrutan.is

Alltaf laus sæti!




EXPO - www.expo.is

Skannaðu QR kóðann með snjallsímanum þínum

GLOBAL PASSENGER NETWORK

flugrútan

BSÍ Umferðarmiðstöðin • 101 Reykjavík
☎ 580 5400 • main@re.is • www.flugrutan.is

Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

föstudagur

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Hallgrímsdóttir í síma 512 5432 eða sigridurh@365.is

Fylgstu með

www.frettabladid.is | 512 5000

# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR VESTUR-LAND

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 31 stað á Vesturlandi og 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á visir.is eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




## Fjöldi lausasölustaða á Vesturlandi

| | |
|---|---|
| Bónus, Akranesi | Samkaup Úrval, Grundarfirði |
| Krónan, Akranesi | N1 verslun, Ólafsvík |
| N1 verslun, Akranesi | Olís, Ólafsvík |
| Olís, Akranesi | Hraðbúð N1, Hellissandi |
| Samkaup Strax, Akranesi | Shell/Vélsmiðja Árna Jóns, Hellissandi |
| Bónus, Borgarnesi | Samkaup Strax, Búðardal |
| Olís, Borgarnesi | Bónus, Ísafirði |
| Samkaup, Hyrnunni, Borgarnesi | Hamraborg, Ísafirði |
| Samkaup Úrval, Borgarnesi | N1 þjónustustöð, Ísafirði |
| Munaðarnes, Borgarnesi | Samkaup Úrval, Ísafirði |
| Samkaup Strax, Bifröst | Olís, Bolungarvík |
| Verslunin Baulan, Borgarfirði | Samkaup Úrval, Bolungarvík |
| Hönnubúð, Reykholti, Borgarfirði | Skeljungur, Bolungarvík |
| Bónus, Stykkishólmi | N1 Flateyri |
| Olís, Stykkishólmi | N1 Þingeyri |
| Hrannarbúðin, Grundarfirði | |




Allt sem þú þarft...

## Bátar




## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

## Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Fókus, M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 666 6555. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98. S. 896 8568.

**VW, Skoda, Audi, Pajero - varahlutir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Opel Vectra '98 Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 661 5270.

**Japanskar vélar Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is japvel@carparts.is

**Erum að rífa!**
Musso, Terrano, Nubiru, Lanos, Galloper, H1, Santa Fe, Nissan DC 97, Trooper, Ford 250, Clio 00, Megan 98, Freelander, Impreza 97, Baleno 96, VW Polo 99, Ford Escape 01, Opel Corsa 98, Peugot 306. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

## Viðgerðir

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja













Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

**Trjáklippingar - garðyrkja - hellulagnir.**
**Klippi tré og runna og felli tré, fræsi stubba. Fljót og góð þjónusta.**
**Látið fagmann vinna verkin.**
**Garðaþjónustan Björk**
**Jóhannes garðyrkjumeistari**
**s. 846 8643, 899 7679**




**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 695 1918.

Garðsláttur á GÓÐU verði. FAGMENNSKA og persónuleg þjónusta. ENGI ehf. Sími 615-1605.

**Garðsláttur**
Fyrir einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög. Vönduð vinna, gott verð! Sími 618 3469.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

Viðhalds Verk ehf

**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar**
Múrarar, málarar, smiðir - gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratugareynsla. S. 867 7753.

**Eldri múrari**
Eldri múrari óskar eftir múrverki td. múra bílskúra, kjallara, ýmsar viðgerðir, einnig flísalögn.Tilboð eða tímavinna S. 866 3175.

**Hreinsa þakrennur**
og tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. í s. 847 8704 & manninn@hotmail.com

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

NUDD. NUDD. NUDD. Exclusive Whole Body Massage. S. 692 2126, Alena.

THE BEST!!LUXURY,WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME!!!S: 869 8602.

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Líkamsnudd! Frábær þjónusta, tilboðsverð í dag! S:6618272 eða 6930348

## Spádómar

**Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.**
**Einkatímar.**
**Tímapantanir í s. 587 4517 Erla.**

www.orlagalinan.is
Örlagalínan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**Hanna S. 555 2927 13-22**
Andleg leiðsögn, draumaráðningar, tarot.

**Spásími 908 6060**
Spámiðlun, tarot, andleg leiðsögn, fyrirbænir, draumar og trúnaður. Opið frá 12-23 S. 894 1987 visa/euro.

## Rafvirkjun

Lögg. Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl. S: 698 1524.

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**BÆNDUR OG BÚALIÐ**
82. FERMETRAR. 15.M á Lengd. 5.3.M á Hæð. 5.5M á Breidd Til sölu síðasta skemman á frábæru verði 749.000 m/ vsk.Áður 799.000. uppl.í síma 845 5252

Ísskápar, stálísskápur á 60þ., þvottavélar, eldavél á 20þ, stálvaskar á 5þ, uppþvottavélar, þurrkarar 5kg og 10kg, barnaþríhjól, barnahjól, sjónvörp. Subary legacy '97. S. 896 8568.

Til sölu 5230 nokia sími, keyptur í Símabæ fyrir rúmlega 2.mán. V. 20-25 þús.Uppl. í s. 557 2901.

Notaðar þvottavélar, ísskápar og frystikistur yfirfarið af fagmanni til sölu. Gott úrval. Uppl. í s. 693 7141.

**Notuð skrifstofuhúsgögn til sölu**
L-laga vinnustöðvar, skúffuskápar undir borð, hillur, tölvur, vönduð JURA espressovél, skrifstofustólar og ýmiss annar skrifstofubúnaður. Áhugasamir hafið samband við Hörpu í GSM:844-7069. Hægt er að fá nótu fyrir öllum viðskiptum.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ) Verið velkomin**

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar. Upplýsingar í s. 577 7740**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

7 rósir 990 kr.
Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur




Lyfjalaus verkjastilling, 50%-100% árangur á nokkrum mínútum. Sími: 564 5959

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Heilsuvörur Herbalife, frí ráðgjöf. 8918902 asta@dagamunur.is www.dagamunur.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**
Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug



**Einkaflugmannsnám 30.**
Viltu starfa í flugi? Einkaflugmannsnám er fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmannsprófi. Skráning á www.flugskoli.is.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is**
**Hundaræktun með starfsleyfi.**
**S. 566 8417**
**Tökum visa/euro**

Þrír 8 vikna fallegir, skemmtilegir og gæfir kettlingar fást gefins á gott heimili. Þeir eru kassavanir og geta farið heiman í næstu viku Sími 517 7077 og 616 6368.

2 blika svartir 8 vikna og kassavanir kettlingar óska eftir góðu heimili uppl: 8693915

## Ýmislegt




# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska




Reiðskólinn er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös allan daginn frá 9-16 með fæði. 5-12 ára. Uppl. í síma 894 3588.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Stutt í Iðnskólann og bónus S. 892 5309.

Til leigu nýuppgerð 2 herb íbúð á svæði 104. Leigist reglusömum og reyklausum einstakling. 65þ.kr. S. 895 9702

4 herbergi á 2. og 3. hæð. Sameiginlegt klósett og eldhús á báðum hæðum. Á 2. hæð eru herbergin tilvalin sem íbúðir eða skrifstofuaðstaða. Uppl. í síma 862 4345

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3 herb. íbúð. Tilboð sendist á tölvupóst gummikalli@visir.is.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Bílskúr

Bílskúr óskast til leigu á Reykjav.svæði. sími 8959415

## Gisting

Íbúðargisting við Nyhavn í Kaupmannahöfn. 80 fm. Facebook: Kbh. Uppl. í s. 004550127560.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Meirapróf-sumarafleysingar**
**Okkur vantar vanan meiraprófsbílstjóra á stóran flutningabíl frá 18. júlí - 19. ágúst. Áhugasamir vinsamlega sendið upplýsingar á netfangið info@flora.is Upplýsingar ekki gefnar í síma.**
**Grænn Markaður ehf - blómaheildsala**

Okkur vantar duglegt fólk í kvöldstarf. góð laun. uppl gefur Atli í 553-6688 eða atli@tmi.is

Óska eftir röskum smið og verkamanni í vinnu. Reyklaus, heiðarleiki, stundvís skilyrði. Verður að geta byrjað strax. Allar umsóknir sendist á vinna@svidid.is Mynd og ferilskrá þarf að fylgja. Öllum umsóknum verður svarað 30. mai.

Vanur bílstjóri óskast á lítinn sendibíl í sumar. Aðeins 20 ára eða eldri, heilsuhraustur og drífandi. Föst vinna ca 30 tímar í viku, Frí Sunnudaga. Góð laun. uppl. í 897 2323.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Ung og heit kona vill kynnast karlmanni með skemmtun í huga. Rauða Torgið Stefnumót, s. 535-9920 og 905-2000, augl.nr. 8831.

Kona um fimmtugt vill kynnast karlmanni með framtíðarsamband í huga. Rauða Torgið Stefnumót, s. 535-9920 og 905-2000, augl.nr. 8965.

Kona um fertugt í fullu fjöri, vill kynnast hressum manni. Rauða Torgið Stefnumót, s. 535-9920 og 905-2000, augl.nr. 8596.

Heitt spjall, heitar dömur! Hvaða dama verður vinkona þín í kvöld? Dömurnar á Rauða Torginu, símar 908-6000 og 535-9999.

**Spjalldömur 908 1616**
Opið þegar þér hentar. Aðalega á kvöldin og næturnar.

## Tapað - Fundið

Kanína fannst aðfaranótt 25. maí í Kópavogi. Brún, svört/grá og hvít, gæf og vel alin. Uppl. í síma 694 4501.

## Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Atvinna

**SUSHI / Sushikokkur óskast! Veitingastaður, vel staðsettur í Kópavogi sem mun opna í ágúst/sept og sérhæfa sig í sushi og verður einnig kaffihús ca. 50 sæti.**

**Staðurinn verður opinn 11-19 virka daga og 12-18 um helgar.**

1. Engin kvöldvinna
2. Leitum að Sushikokk til að leiða staðinn og hafa yfirumsjón með honum.
3. Leitað er að einstaklingi með reynslu af stjórnun, mikinn áhuga á sushi, vilja og áhuga til að afla sér upplýsinga um allt sem tengist hráefni og matargerð, skipulagshæfni, og góða skapgerð.
4. Við erum skemmtilegt og framsækið fyrirtæki sem gott er að starfa með.

**Uppl. sushi@adesso.is**

## Fasteignir

RE/MAX LIND

**Er með kaupendur að 4ra – 5 herbergja í Kópavogi.**

Vantar einnig eignir í 101 og nágrenni.



**Hafðu samband**
**862 8110**

Erna Svala Gunnarsdóttir
Sölufulltrúi
erna@remax.is
Sími: 862 8110



Þórarinn Jónsson hdl.
lögg. Fasteignasali

## Tilkynningar

# Auglýsing um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026

## Norðausturvegur – Breytt lega og ný tenging við þéttbýlið í Vopnafirði

Sveitarstjórn Vopnarfjarðarhrepps auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 ásamt umhverfisskýrslu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 með greinargerð ásamt umhverfisskýrslu.

Tillagan, ásamt umhverfisskýrslu, verður til sýnis á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps að Hamrahlíð 15 á Vopnafirði á opnunartíma skrifstofu frá föstudeginum 27. maí 2011 til föstudagsins 8. júlí 2011. Jafnframt verður tillagan til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík.

Skriflegar athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps eigi síðar en kl. 16.00 fimmtudaginn 7. júlí 2011.

Hægt verður að nálgast skipulagsgögn og umhverfisskýrslu á heimasíðu sveitarfélagsins - www.vopnafjardarhreppur.is -

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** eyja, **6.** líka, **8.** móðurlíf, **9.** lengdarmál, **11.** guð, **12.** erfiði, **14.** togleður, **16.** komast, **17.** poka, **18.** stjaka, **20.** á fæti, **21.** ferðast.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hróss, **3.** skammstöfun, **4.** verðgildi, **5.** temja, **7.** tilgáta, **10.** hyggja, **13.** bókstafur, **15.** skál, **16.** ónotaður, **19.** bardagi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** java, **6.** og, **8.** leg, **9.** fet, **11.** ra, **12.** stréð, **14.** gúmmí, **16.** ná, **17.** mal, **18.** ýta, **20.** tá, **21.** rata.

**LÓÐRÉTT: 1.** lofs, **3.** al, **4.** verðmat, **5.** aga, **7.** getgáta, **10.** trú, **13.** emm, **15.** ílát, **16.** nýr, **19.** at.






# Skammaryrðið stelpa

**BAKÞANKAR**
**Þórunnar Elísabetar Bogadóttur**

Fyrir löngu sætti ég mig við það að fyrir mörgum eru íþróttir og karlmennska tengd órjúfanlegum böndum. Ég hef nefnilega fylgst með fótbolta frá því að ég var lítil. Allt frá þeim tíma hef ég þurft að glíma við þá skoðun að íþróttir séu fyrir karla, sérstaklega fótbolti. Þegar ég var sex ára og fór með pabba á völlinn var ég ekki spurð að því hver væri bestur í liðinu – heldur hver væri sætastur. Þó að við pabbi reyndum í sameiningu að koma fólki í skilning um að ég hefði vit á þessu til jafns við önnur börn gekk það ekki alltaf.



**ÞEGAR** ég varð eldri sat ég svo á mér þegar karlarnir í stúkunni töluðu um karlmennskuíþróttina fótbolta. Þá fór ég líka að sjá þetta orðalag í fjölmiðlum. Þá virtist litlu skipta að kvennafótbolti væri kominn til sögunnar og meira að segja farinn að vera allt í lagi.

**MÍN TAKTÍK** hefur yfirleitt verið sú að gera karlremburnar kjaftstopp með þekkingu á fótbolta og það hefur margoft tekist. Ég þurfti ekki að rífast og skammast, ég gat bara sýnt fram á að fótbolti væri alveg jafn mikið fyrir stelpur og stráka.

**ÞETTA** hefur samt reglulega pirrað mig, alveg eins og það pirrar mig þegar talað er um að sparka eins og stelpa og hlaupa eins og stelpa. Svo ekki sé farið út í tvískinnunginn í staðalímyndunum þegar konur í íþróttum eru annað hvort trukkalessur, og þar með varla kvenkyns, eða gera eitthvað „eins og stelpa“.

**OG SAMA** hversu mikið maður heldur og vonar að þetta breytist með tímanum koma alltaf upp ný dæmi og nýjar útfærslur á því að nota kvenkynið sem skammaryrði.

**FYRR** í vikunni sagði fyrirliði Stjörnunnar í viðtali að hann hefði ekki viljað láta sig detta eins og stelpa. Skömmu áður hafði leikmaður í Þór á Akureyri kallað mann sem hann hafði tæklað niður „andskotans konu“. Seinna atvikið var rætt í fótboltaþætti og orðbragðið þótti ekki viðeigandi. Það var þó ekki sökum þess að út í hött væri að nota orðið kona sem skammaryrði. Nei, brotið hafði nefnilega verið gróft og hinn tæklaði hafði því ekki sýnt af sér þann aumingjaskap sem í fúkyrðinu fólst.

**LEIKMÖNNUM** á því að þykja það slæmt að vera eins og stelpa. Stjörnumaðurinn og Þórsarinn geta þó huggað sig við að vera ekki í karlalandsliðinu, sem hefur aldrei spilað á alþjóðlegu stórmóti. Þá væru þeir nefnilega að gera eitthvað eins og stelpur.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Royal bringur
Kjúklingabringurnar frá Holtakjúklingi eru fersk og hrein afurð sem framleidd er af mikilli fagmennsku. Þær eru fáanlegar með tvennskonar kryddlegi - rósmarín og hvítlauk eða Texas - og henta bæði á grillið og í ofninn.
Nú geta matgæðingar haft það ljómandi gott í sumar.
Grunnur að góðri máltíð
www.holta.is
Holta
KJÚKLINGUR
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**498 KR. POKINN**

FROSIN **JARÐARBER** 1,2 KG. /FROSNIR **MANGÓBITAR** 1 KG.



**129 KR. 350g**

EURSOSHOPPER
TVÖ FROSIN HVÍTLAUKSBRAUÐ 350g

## FROSIÐ BROKKOLÍ
## FROSIN GRÆNMETISBLANDA

**298 KR. 1 KG.**




**298 KR. 1000g**

**EUROSHOPPER**
FROSIÐ BROKKOLÍ 1 KG. - FROSIN BROKKOLÍ/GRÆNMETISBLANDA 1 KG.

## HÉR ER ALLT TIL AÐ MATREIÐA *BESTU* PIZZUNA HEIMA




BÓNUS PIZZADEIG 400g
**198 KR**

BÓNUS ***SPELT***-PIZZADEIG 400g
**259 KR**

BÓNUS PIZZASÓSA 430g
**179 KR**

K.F PIZZASKINKA 125g
**129 KR**




**EUROSHOPPER**
ORKUDRYKKUR
HÁLFUR LÍTRI
**98 KR.**

**25000**
DÓSIR Í BOÐI Á
ÞESSU VERÐI



NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ
**129 KR.STK**




**129 KR. 385g**
MYLLU
HEIMILISBRAUÐ HÁLFT




BÓNUSSALAT
**359 kr. 100g**




SALAT Í POTTI
**275 kr. stk**




SPÍNAT
**298 kr.100g**




**195 KR. 150g**
NÝ STÆRÐ *DALA*
FETAOSTUR Í OLÍU




**Coke kippa**
**659 kr.** 4 x 1,5 ltr.




**Gosdrykkir í 33cl dósum 69 kr.ds**

**527 9000**
UPPLÝSINGA OG ÞJÓNUSTUSÍMI

Þarftu að ná
sambandi
við Bónus?



Við erum við símann **527 9000** alla virka daga frá kl 09-
Hægt er að senda okkur fyrirspurnir á bonus@bonus.is

AFGREIÐSLUTÍMI
**FÖSTUDAGUR**
**10:00-19:30**

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
995 KR.KG
BÓNUS
GRILL GRÍSAKÓTILETTUR
995 KR.KG
BÓNUS Grill úrbeinaðar
GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
3598 KR.KG
ÍSLANDSLAMB
GRILL LAMBAFILLET
25% AFSLÁTTUR
1498 KR.KG
Ali grill úrb. HUNANGSKRYDDAÐAR
GRÍSAKÓTILETTUR Merkt verð 1998 kr.kg -
Nr.1
VINSÆLASTA LAMBALÆRIÐ Í BÓNUS
1359 KR.KG
Sérskorið ferskt Bónus lambalæri. Efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
BÓNUS SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI
25% AFSLÁTTUR
1498 KR.KG
Ali grill úrb. BBQ kryddaðar
GRÍSAKÓTILETTUR Merkt verð 1998 kr.kg -
ÞESSI EINA SANNA
STEIKTUR LAUKUR 100g
129 KR
STEIKTUR LAUKUR 200g
159 KR
VALS TÓMATSÓSA 430g
198 KR
HEINZ TÓMATSÓSA 570g
198 KR
SÆTT SINNEP 460g
179 KR
REMÓLAÐI 400g
179 KR
U.Þ.B. 290 KR.PAKKINN
BÓNUS PYLSUR 10 STK 599 KR.KG
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 129 KR.
BÓNUS 4 STK.
STÓR HAM-BORGARABRAUÐ
159 KR.
KJARNAFÆÐI FROSNIR
10 x 120g UNGNAUTA HAMBORGARAR
1598 KR.
FABRIKKU SÓSA 300ml
359 KR.
RISAHAMBORGARI Í BRAUÐI
FYRIR AÐEINS 200 KR.
Þykkvabæjar grillkartöflur
298 KR.700g
ÞYKKVABÆJAR GRILL-KARTÖFLUR 700G
ALI GRÍSARIF FORELDUÐ!
FRÁBÆR Á GRILLIÐ EÐA
Í OFNINN AÐEINS AÐ HITA
ALI BABYBACK GRÍSARIF 1498 KR.KG.
ALI SPARERIBS 1198 KR.KG.
Buffalo vængir
AÐEINS AÐ HITA
SPARAR BÆÐI TÍMA OG GAS
459 KR.960g
HOLTA ELDAÐIR
KJÚKLINGAVÆNGIR
1298 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
Caj-P.
GRILLOLÍA
500ml
ÓMISSANDI
Á LAMBAKJÖTIÐ
398 KR.
1198 KR.KG
K.S FROSNAR LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# menning

menning@frettabladid.is

**HULDAR GERIR ÞAÐ GOTT Í ÞÝSKALANDI** Þýsk þýðing Góðra Íslendinga eftir Huldar Breiðfjörð nýtur mikillar velgengni í Þýskalandi nú um mundir. Bókin kom út á vegum þýska forlagsins Aufbau undir titlinum „Liebe Isländer" og hefur selst í hátt í tíu þúsund eintökum á tæpum þremur mánuðum. Huldar hefur hlotið góða dóma í Þýskalandi og vill Aufbau einnig gefa út bók hans Færeyskur dans.


STÓRDANSLEIKUR

HELGINA 27. – 28. MAÍ 2011




SVÍKUR ENGAN OG GERIR ALLT VITLAUST UM HELGINA

SKELLTU GÖMLU Í GAMMÓSÍURNAR

OG BJÓDDU HENNI Á BALL

Aðgangseyrir aðeins 30 silfurpeningar eða um 1.500 krónur á núvirði.

KRINGLU KRÁIN


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 27. maí 2011**

### ➜ Tónleikar



**11.00** **White Trash Royal** kvöld verður á **Sódóma** í kvöld. Hljómsveitin **XXX Rottweiler** kemur fram ásamt **Limited Copy** og **DJ Stinnson**. Þei sem mæta í hlýrabol fá Havana Club kokkteil. Miðaverð er kr. 1.300. Selt við dyr.

**21.00** Hljómsveitirnar **The 59'ers og El Camino** spila á tónleikaveislu **Bar 11** og Tuborg í kvöld. Húsið opnar kl. 21. Enginn aðgangseyrir.

### ➜ Opnanir

**17.00** **Frímkerkjasýningin Frímerki 2011** verður opnuð kl. 17 í **safnaðarheimili Bústaðakirkju** í dag. Sýningin stendur til sunnudags.

### ➜ Umræður

**12.00** Í dag mun **dr. Laurie K. Bertram** frá háskólanum í Toronto flytja hádegiserindi í **Þjóðminjasafni Íslands**. Talað verður um efnismenningu Vestur-Íslendinga. Erindið verður flutt á ensku og hefst kl. 12. Enginn aðgangseyrir.

### ➜ Tónlist

**20.00** Brasilíski gítarsnillingurinn **Fabricio Mattos** heldur tónleika í **Dómkirkjunni** í kvöld kl. 20. Fjölbreytt efnisskrá. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Þýska hljómsveitin **Die Ukrainiens** heldur tónleika á **Faktorý** í kvöld kl. 22. **Orphic Oxtra** og **Caterpillarmen** koma einnig fram.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



GUÐMUNDUR HÁLFDANARSON



ERLA HULDA HÁKONARDÓTTIR



JÓN KARL HELGASON



BJÖRK THORARENSEN

# Fræðingar pæla í Jóni Sigurðssyni

Fjórir fræðimenn á sviði sagnfræði, bókmennta og lögfræði fjalla um Jón Sigurðsson út frá ólíkum sjónarhornum á málþinginu Þjóðhetjan og þjóðríkið í Háskóla Íslands í dag. Málþingið er í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar.

Í erindi sínu veltir Guðmundur Hálfdanarson, prófessor í sagnfræði, því fyrir sér hvort Jón Sigurðsson hafi verið sjálfstæðishetja og drepur í því sambandi bæði á framlagi Jóns til sjálfstæðisbaráttunnar og túlkun okkar á Jóni sem sjálfstæðishetju.

Erla Hulda Halldórsdóttir, doktorsnemi í sagnfræði við HÍ, spyr í erindi sínu hvort konur geti verið þjóðhetjur, hvaða skilyrði þær þurfi að uppfylla til þess, hvort þær verði kannski aldrei annað en „kvenhetjur" sem feli í sér önnur viðmið.

Jón Karl Helgason, dósent í íslensku, reifar aftur á móti hvernig Danir fögnuðu 200 ára afmæli sinnar þjóðhetju, H.C. Andersen.

Loks fjallar Björg Thorarensen, prófessor í lögfræði, um það hvernig Jón Sigurðsson lagði grunninn að lagalegum röksemdum Íslands fyrir kröfunni um sjálfstæði Íslands þegar einveldi var aflagt árið 1848.

Háskóli Íslands, Sagnfræðistofnun og afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar standa að málþinginu sem verður haldið í hátíðarsal aðalbyggingar HÍ og stendur frá 13 til 16.

# Blóðhófnir til Danmerkur

Danska forlagið Vandkunsten hefur keypt útgáfuréttinn á ljóðabókinni Blóðhófni eftir Gerði Kristnýju, sem hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki skáldverka árið 2010. Fágætt er að íslenskar ljóðabækur komi út á vegum erlendra forlaga en Vandkunsten hefur meðal annars gefið út verk eftir Dylan Thomas, Franz Kafka og Vladimir Nabokov.

Sama forlag hyggst einnig gefa út aðra bók eftir Gerði; barna- og unglingabókina Garðinn, sem bóksalar völdu bestu barnabók ársins 2008 og hlaut Vest-Norrænu barnabókaverðlaunin í fyrra. Garðurinn hefur þegar verið seldur til Noregs og Þýskalands, auk þess sem Pegasus hefur tryggt sér kvikmyndarétt bókarinnar.

Báðar bækurnar koma út í haust í þýðingu Eriks Skyum-Nielsen. Gerður er nýkomin frá Kaupmannahöfn þar sem hún las upp úr þýðingu Eriks á ljóðahátíð þar í borg.



**GERÐUR KRISTNÝ** Ljóðabókin Blóðhófnir og barnabókin Garðurinn koma út hjá danska forlaginu Vandkunsten í haust.




Bændur flugust á

Eru Íslendingasögurnar heimild um stórmennsku Íslendinga á miðöldum eða voru þær Eurovision-framlag síns tíma? Hafa útlendingar einhvern áhuga á Íslendingasögum eða þarf að tjúna sögurnar upp með álfum og einhyrningum til að þær passi inn í þá ímynd sem þeir hafa af Íslandi?

Þessu, og ýmsu öðru, sem varðar sagnaarfinn og þjóðardramb Íslendinga, velta sex listamenn fyrir sér í ljóða-, leikhús-, sagna- og tónlistarsýningunni „Bændur flugust á".

Frá Þýskalandi koma Nora Gomringer, Finn-Ole Heinrich og Hannes Wittmer sem er einnig þekktur sem Spaceman Spiff, en fulltrúar Íslands eru þau Bergur Ebbi Benediktsson, Halldór Halldórsson og Ugla Egilsdóttir. Um tónlist og grafíkvinnslu sér þýski skífuþeytirinn Dj Kermit.

Tjarnarbíói sunnudaginn 29. maí kl. 20

Miðasala á midi.is miðaverð 1500 kr.

GOETHE INSTITUT

Programm „Kultur"

SÖGUEYJAN ÍSLAND BÓKASÝNINGIN Í FRANKFURT HEIÐURSGESTUR 2011

MIKIÐ ÚRVAL

... af notuðum fötum ...

HJÁLPRÆÐISHERINN

Fatabúð Hjálpræðishersins
Garðastræti 6, Reykjavík.
Opin alla virka daga
kl. 13.00 – 18.00.

# HELGAR-SPRENGJA

**TILBOÐIN GILDA 27.05-29.05**




**PLUS B15 JUBILÆUM dýna stærð: 90 x 200 sm.**
Miðlungsstíf dýna með 250 pokagorma pr. m² í efra lagi. Og í neðra lagi eru 150 BONELL gormar pr. m². Innifalið í verði er 4 sm. þykk og góð yfirdýna. Slitsterkt áklæði úr bómull/polyester. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu. Verð án fóta.







**Heilsukoddi fyrir fætur úr MEMORY FOAM**
Góður heilsukoddi til að hafa milli fóta. Léttir álag á mjaðmir, mjóbak og hné. Stærð: 20 x 15 x 25 sm.

**Heilsudýna úr MEMORY FOAM**
Góð heilsudýna úr MEMORY FOAM svampi sem eykur þægindi og vellíðan. Svampurinn er sérhannaður með þrýstijafnandi eiginleika og veitir líkamanum góðan stuðning. Þykkt: 15,2 sm. Fæst í 3 stærðum.

| | | |
|---|---|---|
| 90 x 200 sm. áður: | **29.950** | **NÚ: 19.950** |
| 120 x 200 sm. áður: | **39.950** | **NÚ: 29.950** |
| 152 x 203 sm. áður: | **44.950** | **NÚ: 34.950** |






**VELOUR COMFORT vindsæng**
Sniðug lausn fyrir þá sem þurfa að taka á móti gestum en hafa lítið pláss. Auðveldara getur þetta ekki verið! Innbyggð rafmagnspumpa. Taska fylgir. Stærð: B163 x L208 x H50 sm.




**DANICA andadúnssæng**
Gæða andadúnssæng fyllt með 600 gr. af hvítum evrópskum andadúni og fiðri. Sængin er saumuð í ferninga með veggjum á milli hólfa og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Þéttofið áklæði úr 100% bómull. Stærð: 135 x 200 sm. Sængurtaska fylgir. Má þvo við 60°C.

DREAMZONE™




**PLUS T10 yfirdýna**
Eggjabakkalöguð dýna úr kaldsvampi sem eykur þægindi og vellíðan. Þykkt: 5 sm. Stærðir: 90 x 200 sm. **4.995,-** 140 x 200 sm. **5.995,-**

DREAMZONE™




**BASIC F10 svampdýna**
Með slitsterku áklæði og góðum, stinnum svampkjarna. Stærð: 70 x 190 sm. 7 sm. þykk dýna. Einnig fáanleg í stærð: 90 x 200 sm. **9.995**




**TRINE gestarúm**
Góð lausn er gest ber að garði. 5 sm. þykk svampdýna. Stærð: B80 x L193 sm.




**FOCUS gestarúm**
Góð lausn er gest ber að garði. 10 sm. þykk dýna með BONNELL gormum. Stærð: B80 x L190 sm.




**Heilsupúði bak / sessa úr MEMORY FOAM**
Góður heilsupúði sem hægt er að nota sem sessu eða sem stuðning við bakið. Frábær á skrifstofuna, í bílinn eða bara hvar sem er. Stærð: 41 x 41 x 9,5 sm.

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**www.rumfatalagerinn.is**



**25** *þúsund dali kostaði hálsmenið sem Justin Bieber lét hanna fyrir sig. Það er innblásið af teiknimyndafígúrunni Stewie úr Family Guy en hann er ákaflega gáfað barn.*



**LENTI Í VANDRÆÐUM** Leikkonan Penelope Cruz notaði sjóinn fyrir klósett á meðan á tökum stóð á Pirates of the Caribbean: On Stranger Tides. NORDICPHOTO/GETTY

## Þurfti að pissa í sjóinn

**Leikaralífinu fylgir ekki bara glamúr og rauðir dreglar, en því fékk spænska leikkonan Penelope Cruz að kynnast á meðan á tökum stóð á sjóræningjamyndinni Pirates of the Caribbean: On Stranger Tides.**

**Í viðtali við sænska blaðið Aftonbladet viðurkennir Cruz að hafa þurft að pissa í sjóinn á korters fresti enda var hún nýbúin að komast að því að hún bæri barn undir belti. „Atriðið sem var tekið upp á eyðieyju var erfiðast fyrir mig. Það var allt of heitt og engin klósett. Ég þurfti því að hlaupa út í sjóinn reglulega til að pissa,“ segir Cruz. Hún eignaðist soninn Leo í byrjun janúar með leikaranum Javier Bardem.**

# Hárkolla Arnars Gunnlaugs slær í gegn

**Landslið U21 hefur slegið rækilega í gegn að undanförnu en liðið leikur í úrslitakeppni Evrópumótsins í júní í Danmörku. Og nú er búið að gera auglýsingar til að skapa smá stemningu fyrir mótið.**

„Við vildum finna flöt á EM U21 í fótbolta sem undirstrikaði hvað þetta er í raun frábær árangur hjá þessum strákum og kitla þjóðarstoltið örlítið í leiðinni,“ segir Guðmundur Kárason. Ásamt Ívari Bjarklind, Sævari Guðmundssyni og Ágústi Haukssyni á hann heiðurinn af auglýsingum fyrir Ríkissjónvarpið til að vekja athygli á EM U21 í fótbolta, en auglýsingar hafa vakið athygli í netheimunum.

Í auglýsingunum má sjá gamlar kempur úr fótboltanum reyna að smygla sér inn í hópinn hjá strákunum en A-landslið Íslands hefur aldrei náð þeim góða árangri að komast á stórmót í knattspyrnu. Auglýsingarnar eru þrjár talsins og þar leika knattspyrnukapparnir Pétur Marteinsson, Arnar Gunnlaugsson og Tryggvi Guðmundsson lykilhlutverk.

„Við ákváðum að nýta þekkt andlit úr boltanum, sem aldrei hafa verið nálægt því að ná öðrum eins árangri með landsliðinu, til að vekja athygli á strákunum í unglingalandsliðinu,“ segir Guðmundur og bætir við að fótboltakempurnar hafi strax tekið mjög vel í þessa hugmynd og upptökuferlið verið skemmtilegt.

„Við tókum upp þrjár auglýsingar á sex klukkutímum, sem er mjög knappur tími enda gefur maður sér venjulega heilan dag fyrir 50 sekúndna bút. Það var hávaðarok og allir að drepast úr kulda en strákarnir voru fagmenn fram í fingurgóma,“ segir Guðmundur. Hann viðurkennir að það sé ekkert gefið að góðir íþróttamenn séu líka góðir leikarar en þeir Pétur, Arnar, Tryggvi og Eyjólfur Sverrisson sýndu stjörnutakta að mati Guðmundar.

„Þeir voru rosalega góðir og komu okkur á óvart. Það var náttúrlega snilld að koma hárkollunni á Arnar, hann tekur sig vel út.“ **alfrun@frettabladid.is**



**HUGMYNDASMIÐIRNIR** Ívar Bjarklind átti grunnhugmyndina að auglýsingunum en það voru Guðmundur og Sævar sem útfærðu þær. Þeir reka ásamt Ágústi Haukssyni upptöku- og framleiðslufyrirtækið Purkur ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**SPRELLIGOSINN** Tryggvi Guðmundsson skilur ekki af hverju hann getur ekki fengið að vera með í reit og reynir að hrista strákana til.



**KASSETTUTÆKIÐ** Pétur Marteins reynir að koma strákunum í stuð við tóna Ace of Base en fær dræmar undirtektir og er loks rekinn út.



**HÁRKOLLAN** Arnar Gunnlaugsson reynir að færa sig nokkur ár aftur í tímann með brúna hárkollu á hausnum.






**GEFUR ÚT JÓLAPLÖTU** Söngkonan Lady Gaga ætlar að gefa út djassplötu fyrir næstu jól.

## Vill gefa út djassplötu

**Söngkonan Lady Gaga vill taka sér frí frá taktföstu danspoppinu og taka upp jólaplötu með þekktum djasslögum. „Ég hugsaði mér að það yrði sætt og skemmtilegt að gefa út jólaplötu með djassstandördum. Mig langar virkilega að gera þetta og ég er þegar búin að tala við umboðsmanninn minn,“ sagði hin 25 ára Gaga. Stutt er síðan hún söng eigin útgáfu af djasslaginu Orange Colored Sky á tónleikum á Englandi og hver veit nema það eigi eftir að hljóma á nýju plötunni.**

# SONY

make.believe



# Meistaradeildin í 3D í Sony

Nýja EX720 línan er 200 riða, tilbúin fyrir 3D, með USB upptöku og Opera netvafra

Sony BRAVIA 40" Edge LED sjónvarp - 5 ára ábyrgð

KDL-40EX720 40" 200Hz Edge LED

- Upplifðu Full HD 1080p myndgæði
- Notaðu internetið án þess að ræsa tölvuna
- Taktu upp úr sjónvarpinu á flakkara eða minnislykil
- Horfðu á háskerpuefni eins og Blu-ray diska eða PlayStation3 leiki
- Horfðu á þrívíddarmyndir - sendir innbyggður, gleraugu aukabúnaður
- Upplifðu mjúkar hreyfingar og engan skerpumissi með Motionflow XR200
- Njóttu bestu Sony myndgæða með nýju X-Reality myndstýringunni
- Stýrðu sjónvarpinu með Android eða iPhone snjallsíma
- Möguleiki á þráðlausu neti og BRAVIA Internet Video
- 4x HDMI, 1x SCART, Component, Video, LAN, 2x USB og VGA
- Mál: 94,2 x 58,6 x 4,2cm 11,4kg

Verð: 249.990

Meistaradeildartilboð: 229.990




EISA AWARD Best Product 2010-2011

3D-LCD TV

Sony BRAVIA KDL-52HX900

Sony er EISA-verðlaunahafi fyrir 3D sjónvarp

Í Sony Center færðu 5 ára ábyrgð á sjónvörpum án aukakostnaðar

## Sony Center

Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is

**midi.is** Miðasala og nánari upplýsingar

**LAUGARÁS BÍÓ** www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| DYLAN DOG | 5.50, 8 og 10.10 |
| PAUL | 5.50, 8 og 10.10 |
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 3D | 4 - ISL TAL |
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 2D | 4 - ISL TAL |
| FAST & FURIOUS 5 | 7 og 10 |
| HOPP - ISL TAL | 4 |

**SAMBÍÓIN**







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| HANGOVER 2 | kl. 3:20 - 5:40 - 6:50 - 8 - 9:10 - 10:20 - 11:30 | 12 |
| THE HANGOVER 2 LUXUS VIP | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| PIRATES 4 | kl. 4(2D) - 5(3D) - 7(2D) - 8(3D) - 10(2D) - 11(3D) | 10 |
| DÝRA FJÖR 3D M/ ísl. Tali | kl. 3(3D) - 4(2D) | L |
| SOMETHING BORROWED | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| FAST FIVE | kl. 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| HANGOVER PART II | kl. 3 - 4 - 5.30 - 6.20 - 8 - 9 -10.20 - 11.20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 4.30 - 5 - 8 -10 | 10 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 7.30 | L |
| THOR 3D | kl. 11 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| HANGOVER 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ANIMALS UNITED ísl tal | kl. 6 | L |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 6 - 9 | 10 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER 2 | kl. 3:40 - 4:40 - 5:50 - 6:50 - 8 - 9 - 10:20 - 11:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 6(3D) - 9(3D) | 10 |
| DÝRA FJÖR 3D M/ ísl. Tali | kl. 4(3D) | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 5 - 8 - 10:50 | 10 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | NÁNAR Á MIÐI.IS |
|---|---|---|
| PIRATES 4 3D | KL. 4 - 5 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| PIRATES 4 3D Í LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 10 |
| PRIEST 3D | KL. 6 - 8 - 10.30 | 16 |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 4 - 6 | L |
| FAST FIVE | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| THOR 3D | KL. 8 | 12 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| DYLAN DOG | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| WATER FOR ELEPHANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 6 | L |
| HÆVNEN | KL. 5.40 - 8 | 12 |
| HANNA | KL. 10.20 | 16 |
| PRIEST 3D | KL. 8 - 10 | 16 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| DYLAN DOG | KL. 8 - 10 | 14 |
| PAUL | KL. 8 - 10 | 12 |
| FAST FIVE | KL. 5.40 | 12 |
| GNÓMEÓ & JÚLÍA 3D | KL. 5.40 | L |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI


# Hreimurinn varð Cole að falli

Breska poppstjarnan Cheryl Cole hefur verið rekin úr bandarísku útgáfunni af X-Factor. Ástæðan er talin sú að framleiðendur þáttarins óttuðust að bandarískir sjónvarpsáhorfendur myndu ekki skilja sterkan Newcastle-hreim hennar. Áheyrnarprufur fyrir þáttinn hafa staðið yfir að undanförnu.

Tvær aðrar ástæður fyrir brotthvarfinu hafa verið nefndar, eða þær að Cheryl hafi hætt sjálf vegna heimþrár og að hún og Paula Abdul, einn af fjórum dómurum þáttarins, hafi ekki náð vel saman.

Þegar Cole var spurð út í hreiminn á fyrsta degi sínum sem dómari óttaðist hún ekki að fólk myndi ekki skilja hana. „Bandaríkjamenn eiga alltaf eftir að skilja mig," sagði hún.



**X-FACTOR** Sheryl Cole hefur verið látin hætta í X-Factor. NORDICPHOTOS/GETTY

Nicole Scherzinger, fyrrverandi söngkona Pussycat Dolls, mun fylla skarð Cole en hún átti að vera annar af kynnum keppninnar. Hún verður því dómari við hlið þeirra Paulu Abdul, Antonio L.A. Reid og Simon Cowell.

Vangaveltur um að Cole yrði einn af dómurum keppninnar höfðu staðið yfir í langan tíma og fyrr í mánuðinum var þátttaka hennar loks staðfest. Cole, sem hefur verið dómari í bresku útgáfunni af X-Factor, er komin aftur heim til Bretlands. Óvíst er hvort hún snúi aftur í bresku útgáfuna.

# Djúpraddaður sigurvegari

**Scott McCreery bar sigur úr býtum í tíundu þáttaröð American Idol. Djúp kántrírödd hans heillaði Bandaríkjamenn upp úr skónum.**



**VINSÆLL** Scott McCreery naut gríðarlegra vinsæla í tíundu þáttaröð American Idol. NORDICPHOTOS/GETTY

Hinn sautján ára menntaskólanemi Scott McCreery kom, sá og sigraði í tíundu þáttaröðinni af American Idol. Hann bar sigurorð af Lauren Alaina, sem er sextán ára, í úrslitaþættinum.

Flestir höfðu spáð McCreery sigri enda hafði hann unnið hug og hjörtu áhorfenda í vetur með lýtalausri frammistöðu sinni. Óvenju djúp kántrírödd hans féll vel í kramið hjá Bandaríkjamönnunum enda er hefðin fyrir sveitatónlist þar í landi ákaflega rík. Rúmlega 122 milljónir atkvæða bárust í úrslitaþáttinn en þessi tíunda þáttaröð hefur verið mjög vinsæl, þrátt fyrir brotthvarf hins geðstirða dómara Simons Cowell. Koma Stevens Tyler og Jennifer Lopez í Idolið svínvirkaði og jukust vinsældirnar töluvert eftir dvínandi áhorf síðustu ára.

McCreery og Alaina eru yngstu þátttakendurnir sem keppa til úrslita í sögu American Idol. Fyrir keppnina lækkuðu framleiðendurnir aldurstakmörkin niður í fimmtán ár sem gerði það að verkum að Alaina gat tekið þátt í áheyrnarprufunum. Hún fær vafalítið úr nógum tilboðum að moða þrátt fyrir annað sætið og McCreery virðist líða vel í sviðsljósinu. Áður en hann tekur upp sína fyrstu plötu fer hann í tónleikaferð um Bandaríkin með ellefu efstu keppendunum. Hann vill að platan verði stútfull af góðum lögum. „Þetta snýst allt um góðu lögin núna. Ef þú ert ekki með alvöru smelli kemst ferillinn aldrei á flug," sagði McCreery.

**FYRRI SIGURVEGARAR Í AMERICAN IDOL**

2010: **Lee Dewyze**
2009: **Kris Allen**
2008: **David Cook**
2007: **Jordin Sparks**
2006: **Taylor Hicks**
2005: **Carrie Underwood**
2004: **Fantasia Barrino**
2003: **Ruben Studdard**
2002: **Kelly Clarkson**

# Kæruleysislegt en ekki asnalegt

Sjöunda þáttaröð Popppunkts hefst á laugardagskvöld í Sjónvarpinu þegar Vinir Sjonna og Stjórnin eigast við.

Sumarið leggst vel í spurningahöfundinn Dr. Gunna, sem er að vonum ánægður með vinsældirnar sem þættirnir hafa notið. „Fólk hefur haft það á orði að þetta sé kæruleysislegt en samt ekki asnalegt," segir hann.

Tvær nýjungar verða í boði í dagskrárliðnum Popphjólið. Annars vegar þurfa menn að prófa sig áfram í nýstárlegum nefflautuleik og hins vegar verður þraut þar sem menn þurfa að blanda í flösku líkt og þeir væru í rútu á leiðinni á sveitaball.

Á meðal annarra sveita sem taka þátt í sumar verða Mezzoforte, Skálmöld og Todmobile. Einnig taka þátt í fyrsta sinn tvö lið skipuð sólótónlistarmönnum. Þar mætast í einum þætti lið skipað Eyjólfi Kristjánssyni, Orra Harðarsyni og Pétri Ben og lið skipað þeim Ellen Kristjánsdóttur, Hafdísi Huld og Heru Björk.



**SJÖUNDA ÞÁTTARÖÐIN** Dr. Gunni og Felix Bergsson eru að fara af stað með sjöundu þáttaröðina af Popppunkti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Popppunktsþættirnir eru orðnir vel yfir eitt hundrað. Aðspurður segist Dr. Gunni síður en svo vera orðinn uppiskroppa með spurningar. „Ég held að við getum alveg gert þessa þáttaröð og hugsanlega eina í viðbót án þess að þetta verði eitthvað vandræðalegt. Í þessum bransa bætast líka alltaf við nýjar hljómsveitir."

Lights on the Highway sigraði í síðasta Popppunkti. Á meðal annarra sigurvegara eru Ljótu hálfvitarnir sem eiga jafnframt stigamet þáttanna. - fb


**BÍÓ ★ PARADÍS** BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| INCENDIES | 18:00, 21:00 |
| SCI-FI KLÚBBURINN ZARDOS: THE THING | 22:10 |
| IDI I SMOTRI | 20:00 |
| HUR MÅNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN? | 18:00, 22:30 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 18:00 |
| ROUTE IRISH | 20:00 |
| THE GOOD HEART (ENGLISH SUBTITLES) | 18:00 |
| BÍÓDAGAR (ENGLISH SUBTITLES) | 20:00 |
| Á KÖLDUM KLAKA (ENGLISH SUBTITLES) | 22:00 |




BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# Pippa eftirsótt

Pippa Middleton, yngri systir hertogynjunnar af Cambridge, er sjóðheit um þessar mundir. Ljósmyndarar elta hana á röndum og vikulega birtast nýjar fréttir af stúlkunni. Þær nýjustu herma að sjónvarpsdrottningarnar Oprah Winfrey og Barbara Walters séu báðar á höttunum eftir Middleton.

„Þegar Kate Middleton hætti um stund með Vilhjálmi reyndi Barbara að fá hana til starfa í sjónvarpsþættinum The View. Núna vill Barbara fá systur hennar, Pippu, til að ganga til liðs við The View. Pippa er ung, fögur og mun án efa auka áhorf þáttarins,“ var haft eftir heimildarmanni.



**VINSÆL** Pippa Middleton, litla systir Kate Middleton, hefur slegið í gegn og nú rignir starfstilboðunum yfir hana. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ekki nógu fínir fyrir Hörpuna

„Þetta er okkar Harpa,“ segir tónlistarmaðurinn KK sem spilar með Magga Eiríks á Café Rosenberg í kvöld kl. 22.

KK og Maggi eru báðir heiðursmeðlimir Blúsfélags Reykjavíkur og hafa gefið út sex plötur saman, þar á meðal þrjár vinsælar Ferðalaga-plötur. Þeir hafa spilað reglulega á Rosenberg um árin enda líður þeim ákaflega vel þar. „Við eigum heima þarna en ekki í Hörpu. Ég efast um að við eigum eftir að spila í fína salnum þar. Hann er fyrir fína fólkið og ég hef aldrei átt réttu búningana til að vera þar,“ segir KK. „Ég veit ekki hvort mér yrði hleypt inn, ég efast um það. Ég á heldur ekki nógu mikið af gimsteinum sem rjátlar í.“

Hann nefnir Austurbæ einnig sem skemmtilegri tónleikastað en Hörpuna, sem var opnuð nýverið með pompi og prakt. „Vladimir Ashkenazy, The Kinks og Louis Armstrong spiluðu þar. Ég held við pössum betur inn í innréttinguna þar,“ segir hann um Austurbæ. **- fb**



**SPILA Á ROSENBERG** KK og Maggi Eiríks spila á Café Rosenberg á laugardagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HRIFIN** Leikkonan Blake Lively er orðuð við stórleikarann Leonardo DiCaprio, sem skildi við Bar Rafaeli fyrir stuttu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hrifin af Leo

Leonardo DiCaprio og Blake Lively hafa sést saman nokkrum sinnum undanfarnar vikur, bæði í Cannes og ítalska bænum Portofino. Samkvæmt bandarískum fjölmiðlum hafa þau verið að draga sig saman síðan í janúar.

DiCaprio og Lively sáust fyrst daðra í janúar á þessu ári og síðan þá hafa þau sést æ oftar saman, nú síðast í fríi á Ítalíu. „Leo byrjaði að senda Blake smáskilaboð í nóvember, þegar samband hans og Bar Rafaeli var að fjara út. Honum finnst Blake gullfalleg og hún er sjálf mjög hrifin af honum. Titanic er ein af hennar uppáhaldskvikmyndum,“ var hafði tímaritið US Weekly eftir innanbúðarmanni. „Leo gengur á eftir Blake með grasið í skónum. Þetta gæti vissulega verið upphafið að sambandi.“

# Ekki búinn að jafna sig

**Leikarinn Ryan Reynolds er ekki búinn að jafna sig á skilnaðinum við leikkonuna Scarlett Johansson. „Það er sársaukafullt fyrir alla að ganga í gegnum skilnað en hlutirnir lagast á endanum. Ég er ekki búinn að jafna mig sjálfur, alls ekki,“ sagði Reynolds. Hann er ánægður með að skilnaðurinn við Scarlett, sem er nú í sambandi með leikaranum Sean Penn, var á góðu nótunum. Hinn 34 ára Reynolds ætlar að vera laus og liðugur á næstunni. „Ég hef engan áhuga á að fara á stefnumót. Ég hef verið í sambönd-um sam-fleytt síðan í mennta-skóla og það er fínt að slaka aðeins á núna.“**



**AÐ JAFNA SIG** Ryan Reynolds er ekki búinn að jafna sig á skilnaðinum við Scarlett Johansson.



# sport

sport@frettabladid.is



**BERGLIND ÍRIS HANSDÓTTIR** hefur ákveðið að taka sér frí frá handboltaiðkun, en hún hefur um árabil verið einn allra besti markvörðurinn í íslenska handboltanum. Í samtali við Fréttablaðið vildi hún ekki gefa neinar frekari skýringar, né heldur hvort eða hvenær hún myndi taka skóna aftur fram. Ísland mætir Úkraínu í undankeppni HM kvenna í næsta mánuði og verður því Berglind Íris ekki með í þeim leikjum.



**BRYNJAR ÞÓR** Átti frábært tímabil með KR í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Góðar fréttir fyrir KR:

## Brynjar Þór samdi við KR

**KÖRFUBOLTI** Brynjar Þór Björnsson, lykilmaður í Íslandsmeistaraliði KR, gerði í gær nýjan tveggja ára samning við félagið. Það er þó með þeim fyrirvara að hann fari mögulega erlendis en hann er að þreifa fyrir sér þar.

Bandaríkjamaðurinn Marcus Walker spilar líklega ekki með KR á næsta tímabili og þá gæti Pavel Ermolinskij verið á leiðinni í evrópska boltann. - esá


ATC- 7,5t
Malbikskassi
-tilboðsverð



- sala
- varahlutir
- þjónusta
- á lager

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is




**FYRRA JÖFNUNARMARKIÐ** Pétur Viðarsson er hér nýbúinn að skora fyrsta mark FH-inga í gær en bikarmeistararnir þurftu framlengingu til að slá Fylkismenn úr leik í í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Titilvörn FH fór vel af stað

**FH vann karaktersigur, 3-2, gegn Fylki eftir framlengdan leik í gærkvöldi. Bikarmeistararnir lentu tvívegis undir í leiknum en unnu sig vel úr mótlætinu.**

**FÓTBOLTI** FH-ingar komust í gær í 16 liða úrslit Valitor-bikar karla í knattspyrnu eftir sigur á Fylki í framlengdum leik, en leiknum lauk með 3-2 sigri Fimleikafélagsins. Staðan var 2-2 eftir venjulegan leiktíma, en Freyr Bjarnason skoraði sigurmark FH.

Eftir rólega byrjun náðu Fylkismenn að komast yfir eftir tæplega tuttugu mínútna leik eftir mark frá fyrirliðanum Gylfa Einarssyni.

Nokkrum mínútum síðar jafnaði Pétur Viðarsson fyrir heimamenn eftir hornspyrnu frá Viktori Erni Guðmundssyni. Pétur fékk boltann einn og óvaldaður við marklínuna og gat lítið annað gert en að setja boltann í netið.

Fylkismenn létu jöfnunarmarkið ekkert á sig fá og komust fljótlega aftur yfir þegar Albert Brynjar Ingason skoraði annað mark gestanna. Annað mark Fylkis kom eftir frábært samspil gestanna, en Andri Þór Jónsson, leikmaður Fylkis, átti frábæra sendingu inn fyrir vörn FH-inga, þar skallaði Ingimundur Níels knöttinn á Albert Brynjar sem þrumaði boltanum í netið með vinstri fæti.

Síðari hálfleikurinn hófst rólega rétt eins og sá fyrri en FH-ingar voru greinilega ákveðnir í því að jafna metin. Þegar tuttugu mínútur voru eftir af venjulegum leiktíma náði Hannes Þ. Sigurðsson að jafna leikinn. Viktor Örn Guðmundsson, leikmaður FH, átti virkilega glæsilega fyrirgjöf inn á Hannes sem stýrði boltanum glæsilega í netið. FH-ingar voru að leika sannfærandi á þessum tíma og áttu skilið að jafna metinn.

Það sem eftir lifði venjulegs leiktíma gerðist fátt markvert og liðin áttu erfitt með að skapa sér færi. Því þurfti að framlengja leikinn.

FH-ingar byrjuðu fyrri hálfleik framlengingarinnar vel og sýndu strax ákveðið frumkvæði. Þegar aðeins sex mínútur voru liðnar af framlengingunni náðu FH-ingar að komast yfir og skora sitt þriðja mark í leiknum.

Varnarjaxlinn Freyr Bjarnason skallaði boltann í netið eftir góða fyrirgjöf frá Guðmundi Sævarssyni úr aukaspyrnu. FH réði lögum og lofum það sem eftir lifði leiks og unnu að lokum flottan sigur. - sáp

## ÚRSLIT

### Valitor-bikarkeppni karla

**32-LIÐA ÚRSLIT**

**FH - Fylkir 3-2**
0-1 Gylfi Einarsson (18.), 1-1 Pétur Viðarsson (25.), 1-2 Albert Brynjar Ingason (34.), 2-2 Hannes Þ. Sigurðsson (67.), Freyr Bjarnason (96.)

**Höttur - Keflavík 0-5**
Haraldur Freyr Guðmundsson, Brynjar Örn Guðmundsson, Adam Larsson, Jóhann B. Guðmundsson, Magnús Þórir Matthíasson.

**Breiðablik - Völsungur 2-1**
1-0 Rafn Andri Haraldsson (10.), 2-0 Viktor Unnar Illugason (28.), 2-1 Hrannar Björn Steingrímsson (75.).

**KV - Víkingur 0-2**
0-1 Kemar Roofe (77.), 0-2 Marteinn Briem (86.).

**Þór - Leiknir F. 5-0**
1-0 Ottó Hólm Reynisson (26.), 2-0 David Disztl (36.), 3-0 Gunnar Már Guðmundsson (55.), 4-0 Gísli Páll Helgason (68.), 5-0 David Disztl (87.).

**LIÐIN Í 16-LIÐA ÚRSLITUM**

| Pepsi-deild karla | 1. deild karla |
|---|---|
| ÍBV | BÍ/Bolungarvík |
| Fram | Fjölnir |
| Valur | Þróttur R. |
| Grindavík | Haukar |
| KR | HK |
| Keflavík | |
| Breiðablik | |
| Víkingur | **2. deild karla** |
| Þór | Hamar |
| FH | |

*Dregið verður í 16-liða úrslitin í dag.*

### Sænska úrvalsdeildin

**GAIS - Häcken 1-0**
Hallgrímur Jónasson lék allan leikinn fyrir GAIS.

**Halmstad - IFK Gautaborg 1-2**
Theodór Elmar Bjarnason, Ragnar Sigurðsson og Hjörtur Logi Valgarðsson léku allan leikinn fyrir Gautaborg. Hjálmar Jónsson var á meðal varmanna. Jónas Guðni Sævarsson lék ekki með Halmstad vegna meiðsla.



**FYRIRLIÐARNIR BERJAST** Gylfi Einarsson, Fylki, og Matthías Vilhjálmsson, FH, í leik liðanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir


Breiðablik marði sigur á 2. deildarliði Völsungs:

# Blikar sluppu með skrekkinn

**FÓTBOLTI** Engin úrvalsdeildarfélög féllu úr leik í 32 liða úrslitum Valitor-bikarsins þetta árið nema í þeim leikjum þar sem þau mættust innbyrðis. Breiðablik og Víkingur lentu þó í kröppum dansi í sínum viðureignum en Keflavík og Þór lentu ekki í neinum vandræðum og unnu bæði sína leiki 5-0.

Víkingar mættu 3. deildarliði KV í Vesturbænum og skoruðu ekki fyrr en tæpur stundarfjórðungur var til leiksloka. Á endanum unnu þeir 2-0 sigur en missa þó Finnann Denis Abdulahi í leikbann þar sem hann fékk rautt fyrir að veitast að leikmanni KV í uppbótartíma leiksins í gær.

Það var enginn meistarabragur á leik Blika gegn Völsungi í gær. Blikar unnu 2-1 sigur en máttu prísa sig sæla með sigurinn enda klúðraði Völsungur víti í leiknum og nokkrum mjög góðum færum.

„Við vorum heppnir að fá ekki á okkur jöfnunarmark. Við mættum spræku liði Völsungs sem spilaði virkilega vel á meðan við vorum ekki nógu skarpir. En við erum komnir áfram í bikarnum og það er fyrir öllu," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, sem tók sér langan tíma í klefanum eftir leik og var líklega ekki sáttur með sitt lið sem var of værukært í leiknum.

„Það er erfitt að segja hvort það hafi verið vanmat. Eftir fyrri hálfleik var ljóst að það var ekki hægt að vanmeta þetta Völsungslið. Þeir kunna að spila fótbolta og við vorum sjálfum okkur verstir."

Jóhann Kristinn Gunnarsson, þjálfari Völsungs, var nokkuð svekktur að hafa ekkert fengið úr leiknum.

„Þetta er svekkjandi. Við töluðum um það eftir leikinn að við gætum verið stoltir. Okkur fannst við vera nálægt því að fara með leikinn í framlengingu. Það var svekkjandi að ná ekki að jafna því okkur fannst við eiga það skilið," sagði Jóhann Kristinn. - esá, hbg



**BARÁTTUGLAÐIR VÖLLARAR** Íslandsmeistarar Breiðabliks lentu í vandræðum með 2. deildarlið Völsungs í bikarnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

markhonnun.is

# nettó
*Kræsingar & kostakjör*



## FYLLTUR LAMBAHRYGGUR FERSKUR

36% afsláttur

**1.799** kr/kg
áður 2.798 kr/kg

# VERIÐ VELKOMIN



### GRÍSAKÓTELETTUR FERSKAR

52% afsláttur

**990** kr/kg
áður 2.049 kr/kg




### GRÍSAGÚLLAS FERSKT

30% afsláttur

**1.399** kr/kg
áður 1.998 kr/kg




### WOK NAUTAPOTTRÉTTUR FERSKUR

25% afsláttur

**1.499** kr/kg
áður 1.998 kr/kg



### GRÍSASKANKAR FERSKIR

50% afsláttur

**249** kr/kg
áður 498 kr/kg



### KJÚKLINGUR FERSKUR

**698** kr/kg
áður 798 kr/kg



### HAMBORGARAR 10 X 90 G, FROSNIR

**999** kr/pk.
áður 1.298 kr/pk.




### GLÓALDINSAFI 1 L

**199** kr/stk.
áður 229 kr/stk.



### KANILSNÚÐUR BAKAÐ Á STAÐNUM

**88** kr/stk.
áður 175 kr/stk.

* Gildir ekki á Salavegi



### ICEBERG SALAT

50% afsláttur

**175** kr/kg
áður 349 kr/kg

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

**Verið velkomin í Nettó**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 26. - 29. maí**
eða meðan birgðir endast



> Tom Cruise

„Ég elska börn. Ég var sjálfur barn, einu sinni.“

***Tom Cruise leikur Jerry Maguire, sem starfar hjá umboðsskrifstofu fyrir íþróttamenn en missir starfið þegar hann viðurkennir svik og pretti í stórmyndinni Jerry Maguire sem er á Stöð 2 kl. 22.15 í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR FYLGIST MEÐ BARÁTTU HJÓLHÝSADROTTNINGAR

# *Hver í #$&% er Jackson Pollock?*

Ég datt inn í bráðskemmtilega heimildarmynd á bíórásinni í vikunni sem heitir „Who the #$&% Is Jackson Pollock?“ Myndin er frá árinu 2006 og segir frá Teri Horton, útlifuðum vörubílstjóra á áttræðisaldri sem býr í hjólhýsi, og samskiptum hennar við listaelítuna í Bandaríkjunum. Teri keypti eitt sinn málverk á fimm dollara á skransölu upp á grín, til að gleðja vinkonu sína, fannst málverkið ekki einu sinni fallegt. Þegar einhver benti henni á að verkið gæti hugsanlega verið eftir Jackson Pollock og jafnvel einhvers virði, sagði hún „hver í #$&% er það?“ Hún hófst svo handa við að fá úr því skorið hvort verkið gæti verið eftir hann en það var ómerkt. Skransalan var farin á hausinn og engar upplýsingar til að styðjast við. Uppskrúfaðir gallerieigendur sögðu henni að gleyma þessu fyrst eigendasaga verksins



fylgdi ekki með. „Sérfræðingar“ skoðuðu verkið og efuðust stórlega um að Pollock hefði málað það. Gerðu lítið úr draumórum hjólhýsadrottningarinnar svo rigndi upp í nefið á þeim. Teri fékk til liðs við sig viðurkenndan málverkarannsakanda sem eftir margra ára vinnu gat rakið fingrafar aftan á mynd Teri til fingrafars á málningardós í vinnustofu Pollocks. Bingó! Uppskrúfuð myndlistarelítan var þó ekki á sama máli, fingrafar listamannsins sjálfs kæmi ekki í stað mats „sérfræðinga“ á því hvort hann hefði í raun málað verkið eða ekki. Málverkið var því óselt þegar myndinni lauk. Myndin var ekki bara bráðskemmtileg fyrir óheflað orðbragð Teri á móti snobbuðu fasi listaelítunnar, heldur líka þrususpennandi. Ég vona að það verði framhald þar sem Teri tekst að snúa á snobbhænsnin og selja málverkið fyrir milljónir.

## RÚV

**16.20 Kallakaffi** (11:12)
**16.50 Vormenn Íslands** (5:7) (e)
**17.20 Mörk vikunnar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Otrabörnin** (22:26)
**18.22 Pálína** (16:28)
**18.30 Hanna Montana**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Furðuveröld** (Mr. Magorium's Wonder Emporium) Molly Mahoney er verslunarstjóri í furðulegustu leikfangabúð í heimi. Eftir að eigandinn eftirlætur henni búðina fara undarlegir atburðir að gerast. Leikstjóri er Zach Helm og meðal leikenda eru Dustin Hoffman og Natalie Portman. Bandarísk bíómynd frá 2007. (e)
**21.50 Wallander – Þjófurinn** (Wallander: Tjuven) Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Leikstjóri er Stephan Apelgren og meðal leikenda eru Krister Henriksson, Lena Endre, Sverrir Guðnason, Nina Zanjani og Stina Ekblad. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. Sænsk sakamálamynd frá 2009.
**23.20 Strákur frá Texas** (The Hottest State) Ungur leikari frá Texas reynir að hasla sér völl í New York og á í stormasömu sambandi við fallega tónlistarkonu. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. Bandarísk bíómynd frá 2006
**01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.30 The Dark Knight**
**08.55 Wayne's World 2**
**10.30 Paul Blart: Mall Cop**
**12.00 Hairspray**
**14.00 Wayne's World 2**
**16.00 Paul Blart: Mall Cop**
**18.00 Hairspray**
**20.00 The Dark Knight**
**22.25 Stieg Larsson þríleikurinn**
**00.30 The Love Guru**
**02.00 Vantage Point**
**04.00 Stieg Larsson þríleikurinn**
**06.05 Funny Money**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Life on Mars** (4:17)
**11.50 Jamie Oliver's Food Revolution** (3:6)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (21:24)
**13.25 Proof**
**15.05 Auddi og Sveppi**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (19:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (1:23)
**19.45 American Idol** (38:39) Það eru aðeins tveir söngvarar eftir í American Idol og spennan orðin nánast óbærileg fyrir þá því það er til mikils að vinna. Allir sigurvegarar síðustu ára hafa slegið í gegn og eiga nú gæfuríkan söngferil.
**20.30 American Idol** (39:39) Nú kemur í ljós hver stendur uppi sem sigurvegari í þessum lokaþætti af American Idol. Til mikils er að vinna því framundan býður þeim sem vinnur keppnina frægð og glæstur frami á heimsvísu.
**22.15 Jerry Maguire** Jerry Maguire starfar hjá umboðsskrifstofu fyrir íþróttamenn. Samviskan nagar hann því svik og prettir eru stór hluti starfsins. Þegar hann gerir lýðnum ljóst hvernig allt er í pottinn búið missir hann starfið. Allir snúa við honum baki nema sóknarmaðurinn Rod Tidwell og vinkona hans Dorothy Boyd. Saman verða þau að byrja aftur frá grunni. Með aðalhlutverk fara Tom Cruise, Reneé Zellweger og Cuba Gooding Jr.
**00.30 Silence of the Lambs**
**02.25 Taking Chance**
**03.40 Factotum**
**05.10 The Simpsons** (19:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**07.00 Valitor mörkin 2011**
**08.10 Valitor mörkin 2011**
**16.10 OneAsia Tour - Highlights**
**17.00 FH - Fylkir** Útsending frá leik FH og Fylkis í 32-liða úrslitum Valitor-bikarkeppninnar.
**18.50 Valitor mörkin 2011** Sýnt frá leikjum í 32 liða úrslitum í Valitor bikarkeppninni. Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason fara yfir mörkin og öll umdeildu atvikin.
**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**20.30 Evrópudeildarmörkin**
**21.00 F1: Föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.
**21.35 Chicago - Miami** Útsending frá leik Chicago Bulls og Miami Heat í úrslitakeppni NBA. Þetta er fimmti leikur liðanna í úrslitum Austurdeildarinnar.
**23.30 European Poker Tour 6**
**00.25 F1: Föstudagur**
**01.00 Oklahoma - Dallas**

## SPORT 2 enski boltinn

**17.45 Bolton - Man. City** Útsending frá leik Bolton Wanderers og Manchester City í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar.
**19.30 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og líflega og faglega umræða um enska boltann.
**20.30 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.00 PL Classic Matches: Nottingham Forest - Man. Utd**
**21.30 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**22.00 PL Classic Matches: Tottenham - Liverpool, 1993**
**22.30 Fulham - Arsenal** Útsending frá leik Fulham og Arsenal í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**14.15 WAGS, Kids & World Cup Dreams**
**15.05 Ungfrú Ísland 2011** (e)
**17.05 Girlfriends** (16:22) (e)
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 Life Unexpected** (3:13) (e)
**19.10 Real Hustle** (4:8) (e)
**19.20 America's Funniest Home Videos**
**19.45 Will & Grace** (14:25)
**20.10 The Biggest Loser** (5:26) Bandarísk raunveruleikasería um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið í heimi skyndibita og ruslfæðis.
**20.55 The Biggest Loser** (6:26)
**21:40 The Bachelor** (5:11) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum.
**23.10 Parks & Recreation** (3:22) (e) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki. Bæjaryfirvöld hyggjast grafa niður tímahylki en lenda í vandræðum þegar sérlegur aðdáandi Twilight myndanna krefst þess að eintak af kvikmyndinni verði grafið í jörðu.
**23.35 Law & Order: Los Angeles** (10:22) (e)
**00.20 Whose Line Is It Anyway?** (e)
**00.45 Saturday Night Live** (21:22) (e)
**01.40 High School Reunion** (2:8) (e)
**02.25 Will & Grace** (14:25) (e)
**02.45 Girlfriends** (15:22) (e)
**03.05 Penn & Teller** (3:9) (e)
**03.35 Penn & Teller** (4:9) (e)
**04.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 HP Byron Nelson Championship** (1:4)
**11.10 Golfing World**
**12.50 PGA Tour - Highlights** (19:45)
**13.45 HP Byron Nelson Championship** (1:4)
**16.50 Champions Tour - Highlights**
**17.45 Inside the PGA Tour** (21:42)
**18.10 Golfing World**
**19.00 HP Byron Nelson Championship** (2:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (19:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.25 The Doctors**
**20.10 American Dad** (3:20) Fimmta teiknimyndaserían um Stan og fjölskyldu hans frá höfundum Family Guy. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.
**20.35 American Dad** (4:20) Fimmta teiknimyndaserían um Stan og fjölskyldu hans frá höfundum Family Guy. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 NCIS** (16:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöundu seríu.
**22.40 Fringe** (15:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfulla atvika.
**23.25 Generation Kill** (5:7)
**00.35 American Dad** (3:20)
**01.00 American Dad** (4:20)
**01.25 The Doctors**
**02.05 Fréttir Stöðvar 2**
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jónu Gísladóttur.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.
**21.00 Kolgeitin**
**21.30 Á Sinatraslóðum**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.20
### The Simpsons

Simpson-fjölskyldan mætir aftur til leiks með nýja þáttaröð. Í fyrsta þættinum fær Hómer hlutverk ofurhetju í nýrri hasarmynd, en fyrst þarf hann að koma sér í gott form. Seth Rogen og Evan Goldberg skrifuðu handrit þáttarins.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Náðarkraftur **15.25** Þær höfðu áhrif **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Eyðieyjan **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**07.35** Lark Rise to Candleford **08.25** Jonathan Creek **09.20** Fawlty Towers **09.50** Fawlty Towers **10.25** ,Allo ,Allo! **11.10** ,Allo ,Allo! **11.45** Keeping Up Appearances **12.15** Fawlty Towers **12.45** ,Allo ,Allo! **13.30** ,Allo ,Allo! **14.05** The Weakest Link **14.55** The Weakest Link **15.40** Fawlty Towers **16.20** ,Allo ,Allo! **16.55** ,Allo ,Allo! **17.30** Hunter **18.20** Waking the Dead **19.10** Waking the Dead **20.00** The Fixer **20.50** Spooks. Code 9 **21.40** Coupling **22.10** Hunter **23.00** Waking the Dead **23.50** Waking the Dead

## DR 1

**09.30** Sømanden & Juristen - historier fra et hospice **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Jersild Live **10.35** Grøn glæde **11.00** Redningstjenesten på vej **11.30** Ønskehaven **12.00** Vores Liv **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Timmy-tid **14.10** Chiro **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Peter Pedal **15.00** De uheldige helte **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Bonderøven **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hva' så Danmark? **19.00** TV Avisen

## NRK 1

**11.05** Folk **11.35** Urix **12.00** NRK nyheter **12.05** Et løp for livet **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** En svensk sommer i Finland **14.50** Filmavisen **15.00** NRK nyheter **15.10** Sommerhuset **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.40** Norge rundt **18.05** Oppdag Stillehavet **18.55** 20 sporsmål **19.20** Mysteriet Norge **19.50** Tause vitner **21.00** Kveldsnytt **21.15** Tause vitner **21.45** Canal Road **22.30** U2 - store oyeblikk

## svt1

**10.00** Debatt **10.45** Mitt i naturen Australien **11.15** Hundra procent bonde **11.45** Notes From the Underbelly **12.20** Var de verkligen på månen? **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Skärgårdsflirt **14.50** Anslagstavlan **14.55** Himmelblå **15.40** Väsen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Minnenas television **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Man on Fire **21.20** Norsk attraktion **21.50** De skoningslösa








512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Friday I´m In Love með The Cure og Can´t You Hear Me Knocking með Stones. Þessi lög setja mann í gírinn. Þá er G og T alveg innan seilingar.“*

Helgi Björnsson, tónlistarmaður.

# Karlailmur úr Vatnajökli

„Herrailmurinn gefur íslensku körlunum okkar sem og þeim erlendu kost á því að njóta þessarar karlmannlegu orku sem Vatnajökull gefur frá sér,“ segir Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Gyðju Collection.

Gyðja hyggst setja karlailminn VJK Vatnajökull á markað, en þetta er annað ilmvatnið frá fyrirtækinu. Var það nefnt eftir Eyjafjallajökli og sett á markað í kjölfarið á gosinu í fyrra. Karlailmurinn hefur verið í þróun síðustu mánuði, en þegar gosið í Grímsvötnum hófst töldu Sigrún og félagar að það væri tími til kominn að segja frá honum.

„Vatnajökull er stærsti jökull Evrópu og hann umlykur mjög kraftmikil og karlmannleg orka. Þetta er ofboðslega orkumikill jökull,“ segir Sigrún. „Ilmurinn verður unninn upp úr tæru jökulvatni frá þessum stórkostlega jökli og kraftmikla náttúruundri.“

Þegar Gyðja fór af stað með fyrsta ilmvatnið úr Eyjafjallajökli var stofnaður styrktarsjóður með björgunarsveitinni Landsbjörg. Sjóðurinn er sérstaklega ætlaður konum í björgunarsveitum og rennur hluti af ágóða af öllum seldum ilmvötnum í þennan sjóð. Ilmvatnið er framleitt í Suður Frakklandi og fer á markað í haust. „Herrailmurinn verður afhjúpaður í haust uppi á Vatnajöklinum með hópi íslenskra karlmanna,“ segir Sigrún. „Það hefur ekki verið endanlega ákveðið hvaða karlmaður verður andlit herrailmsins en það verður að sjálfsögðu íslenskur víkingur sem við teljum geta haldið nafni jökulsins og ilmsins á lofti hérlendis og erlendis. - afb



**KARLAILMUR** Sigrún Lilja og fyrirtæki hennar Gyðja Collection hyggst markaðssetja karlailm sem unnin er úr vatni úr Vatnajökli.


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Bjart með köflum** (Stóra sviðið)
Fös 3.6. Kl. 20:00 | Fim 9.6. Kl. 20:00
Lau 4.6. Kl. 20:00 | Fös 10.6. Kl. 20:00

**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)
Sun 5.6. Kl. 20:00 Aukasýn. | Lau 11.6. Kl. 20:00

**Brák** (Kúlan)
Fös 3.6. Kl. 20:00 Aukasýn.

**Verði þér að góðu** (Kassinn)
Fös 3.6. Kl. 19:00 | Lau 4.6. Kl. 20:00

**Góði dátinn Svejk** (Stóra sviðið)
Sun 29.5. Kl. 20:00

**Haze** (Stóra sviðið)
Fim 2.6. Kl. 20:00

**Big Wheel Café** (Stóra sviðið)
Fös 27.5. Kl. 20:00




**GOURMET BURGER** Starfsfólk Gourmet Burger í ferðamannaborginni Torrevieja á Spáni.

EYÞÓR EIRÍKSSON: SPÁNVERJINN KANN EKKI AÐ BÚA TIL HAMBORGARA

# Íslenskir huldumenn opna hamborgarastað á Spáni

„Þeir vilja nú helst ekki láta nafns síns getið,“ segir Eyþór Eiríksson, sem rekur hamborgarastað í borginni Torrevieja á Spáni.

Tveir íslenskir athafnamenn hafa opnað staðinn Gourmet Burger. Þeir hafa reynslu af veitingarekstri á Íslandi en annað vildi Eyþór ekki segja blaðamanni um eigendurna. „Þetta eru Íslendingar sem sáu að þetta vantaði hér, að fá alvöru hamborgara. Þetta er réttur sem Spánverjinn kann ekki að búa til, eða Bretinn.“

Staðurinn var opnaður fyrir mánuði og þar svífur andi sjöunda áratugarins yfir vötnum. Að sögn Eyþórs var mikil vinna lögð í að finna slátrara sem gat búið til alvöru hamborgara eins og við Íslendingar þekkjum með 100% nautakjöti. Ekki borgara sem bragðast eins og kjötfars eins og oft vill verða á spænskum veitingastöðum. Ferskar kjúklingabringur og steikur gerðar úr nautalundum fást einnig á



**100% NAUTAKJÖTT** Hamborgararnir eru úr 100% nautakjöti.

Gourmet Burger, auk þess sem hin séríslenska kokkteilsósa er auðvitað á sínum stað. Hingað til hafa útlendingarnir ekki litið við henni en vonir standa til að þeir komist á bragðið með tíð og tíma.

Miðað við metnað Eyþórs og félaga í Torrevieja er ljóst að þeir ætla sér stóra hluti í framtíðinni. Hann hlær, spurður að því hvort nú sé röðin komin að hinni íslensku hamborgaraútrás í stað hinnar misheppnuðu fjármálaútrásar. „Þarna er ekki verið að plata neinn og leika sér með einhverjar tölur sem eru ekki til. Hérna fá allir sinn hamborgara á diskinn.“

Auk Eyþórs starfa níu manns á Gourmet Burger, þar af fimm Íslendingar. Hann segir að viðbrögðin hafi verið góð, sérstaklega miðað við að hann er glænýr á markaðnum. „Það þarf stundum að telja fólki trú um að maður sé að selja alvöru hamborgara. Maður er búinn að sjá matseðla á öðrum stöðum og borða á öðrum stöðum. Þeir auglýsa hiklaust 100% nautakjöt og þá skiptir engu máli hvað þeir eru með í raun og veru. En maður er farinn að sjá fólk koma tvisvar til þrisvar sinnum aftur hingað og þá veit maður að maður er á réttri leið,“ segir hann. „Svo kemur ferðamannastraumurinn um mánaðamótin. Þá er fullt af Íslendingum og mér skilst að það sé vel bókað út í fluginu í sumar.“

freyr@frettabladid.is


## Nú geturðu tilkynnt flutning á netinu



www.skra.is

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

Þí 20110509 RRS


# Eigum ekki 300 milljónir

„Þetta var skemmtileg hugmynd en þegar maður fór yfir málin og skoðaði það af alvöru þá var þetta ekki fyrir okkur. Þar að auki eigum við engar 300 milljónir,“ segir Sigmar Vilhjálmsson. Í lok apríl kvisaðist það út að tvíeykið Simmi og Jói hygðist gera tilboð í flatbökufyrirtækið Pizza-Pizza, umboðsaðila Domino's, sem Landsbankinn tók yfir vegna skuldsetningar. Simmi og Jói hafa ásamt Skúla Gunnari Sigfússyni rekið veitingastaðinn Hamborgarafabrikkuna sem notið hefur mikillar hylli, og neitaði Sigmar ekki þessum orðrómi í samtali við vefsíðuna visir.is. „Það eru sennilega allir í veitingabransanum að skoða þetta,“ hafði visir.is eftir honum.

Sigmar bendir á að hann og Jói séu varla komnir af bleyjuskeiðinu í veitingahúsarekstri, þeir séu bara eins árs gamlir og hafi ekki neina heimsyfirráðastefnu að leiðarljósi; þeir séu ekki einu sinni að íhuga að opna aðra Fabrikku þrátt fyrir miklar vinsældir. „Okkur þykir bara gaman að reka þennan eina stað og það myndi kosta mikla vinnu að fara að endurskapa þessa stemningu annars staðar,“ segir Sigmar. Hann mun þó, eftir sem áður, verða nátengdur Domino's því hann er rödd fyrirtækisins í auglýsingum þess.

Samkvæmt heimasíðu Landsbankans er ráðgert að sölunni á Domino's ljúki í júlí en óskuldbindandi tilboðum skal skila fyrir klukkan 12 fimmtudaginn 9. júní. -fgg



**ENGAR PITSUR** Simmi og Jói hafa ákveðið að einbeita sér alfarið að rekstri Hamborgarafabrikkunnar og ætla ekki að gera tilboð í Domino's.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

N1 KYNNIR Í SAMSTARFI VIÐ SENU



EAGLES

NÝJA LAUGARDALSHÖLLIN 9. JÚNÍ 2011

ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR Í DAG KL. 10!

200 MIÐAR Í A-SVÆÐI Í BOÐI · FYRSTIR KOMA, FYRSTIR FÁ

13 DAGAR Í TÓNLEIKA!

N1

MIÐASALA Á MIÐI.IS

sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Misduglegir ráðherrar

Herlegheitin á Kirkjubæjarklaustri hafa gert það að verkum að flestir stjórnendur landsins hafa látið sjá sig á svæðinu til þess að upplifa það með eigin augum hvaða áhrif gosið í Grímsvötnum hafði á samfélagið. Ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa flestir mætt á staðinn, að undanskildum Árna Páli Árnasyni, sem er erlendis, Katrínu Jakobsdóttur, sem er ófrísk, Össuri Skarphéðinssyni og Steingrími J. Sigfússyni. Nafna menntamálaráðherra, **Katrín Júlíusdóttir**, er sú eina úr ríkisstjórninni sem hefur tekið til hendinni og hjálpað til við öskuþrif. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, yfirgaf Klaustur í gær eftir að hafa gist þar eina nótt, en Dorrit er stödd erlendis.



### Flytur Vír

Það er ekki liðið ár síðan eigandi 66°Norður og framleiðandinn **Sigurjón Sighvatsson** opnuðu vinnufataverslunina Vír á Grensásvegi en glöggir vegfarendur hafa eflaust tekið eftir að verslunina er ekki lengur að finna við þess fjölförnu götu. Búðin, sem á að vera ákveðin leið fyrirtækisins til að leita aftur til upprunans síns í vinnufatagerð, hefur ekki lagt upp laupana heldur einungis fært sig inn í Skeifu en þar er hana að finna við hliðina á útsölumarkaði 66°Norður.

- sv, áp



### Mest lesið vísir

1. Þriggja ára fangelsi fyrir nauðgun: Stúlkan lagðist á grasblett og grét
2. Íslensk kona látin laus úr fangelsi í Bandaríkjunum
3. Besta gjöfin að fá hann heim
4. Þolendur kynferðisofbeldis sæta árásum í fjölmiðlum
5. Safnað fyrir fátæka á Stöð 2 í kvöld





